



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. september 2006 – 255. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR



### Hjolar í góðu veðri

Þórólfur Árnason skilur einkabílinn eftir heima í góðu veðri.

FÓLK 38

### Ævintýri í New York

Hjalte Karlsson á eigið fyrirtæki í stóra eplinu og nýtur það vaxandi velgengni. Á lista yfir viðskiptavini hans eru meðal annars stórfyrirtæki á borð við MTV og Puma.

VIÐTAL 20

### Deilur í Skálholti

Hilmar Örn Agnarsson organisti í Skálholti fékk nýverið uppsagnarbréf eftir 15 ára gifturíkt starf í sókninni, sem var honum og fjölskyldu hans mikið áfall.

VIÐTAL 16




### Evrópa hefur yfirhöndina

Lið Evrópu er í lykilstöðu fyrir lokadaginn á Ryder-keppninni í golfi sem fram fer í dag. Evrópa hefur unnið tíu vinninga gegn sex hjá Bandaríkjamönnum.

ÍÞRÓTTIR 35



### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður hæg austlægt átt en þó strekkingur allra syðst. Bjart með köflum og yfirleitt þurrt. Hiti 5-12 stig að deginum.


VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

### Meðallestur á tölublað



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



**VONBRIGÐI Í GRINDAVÍK** Leikmenn knattspyrnuliðs Grindavíkur börðust við tárin eftir að það varð ljóst að liðið væri fallið úr Landsbankadeildinni niður í 1. deild. Eins og sjá má á þessari mynd leyndu vonbrigðin sér ekki en þetta er í fyrsta sinn sem Grindavík fellur. KR-ingar höfnuðu í 2. sæti deildarinnar eftir 2-2 jafntefli gegn Val. Sjá bls. 30-32

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## Telur aðbúnað sjúkra óviðunandi

Varaformaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands segir aðstæður á Landspítalanum víða beinlínis hættulegar mjög veikum sjúklingum. Félagið er ósátt við yfirlýsingar stjórnar Læknafélagsins um framtíðaruppbyggingu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikið af húsneði Landspítala - háskólasjúkrahúss hentar ekki núverandi starfsemi. Geta aðstæður beinlínis verið hættulegar mjög veikum sjúklingum og því ríður mjög á að nýtt sjúkrahús verði byggt sem fyrst. Þetta segir Felix Valsson, varaformaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands.

Stjórn félagsins hefur lýst yfir furðu sinni og harmi vegna yfirlýsingar Læknafélags Íslands á nýlegum aðalfundi um ástand mála á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og framtíðarþróun sjúkrahússins.

Í yfirlýsingu frá stjórn Svæfinga- og gjörgæslulæknafélagsins kemur fram að henni þyki sem stjórn Læknafélags Íslands dragi í efa mikilvægi þess að

byggja nýtt sjúkrahús. Það lýsi ekki eingöngu ábyrgðarleysi gagnvart faglegri og akademískri þróun læknisfræðinnar í landinu heldur einnig velferð sjúklinga.

Felix segir að hvorki spítalinn við Hringbraut né í Fossvogi fullnægi kröfum sem gerðar séu um meðferð mjög veikra sjúklinga. Hann nefnir sem dæmi að vart sé hægt að finna nægilega stóra lyftu fyrir gjörgæslusjúklinga. Af þeim sökum þurfi að hlada öndunarvélum ofan á rúm sjúklinga og halda á öndunarpumpum í fanginu þegar fólk er flutt á milli hæða. Einnig sé mikil óhagræðing í því að hafa spítalana á tveimur stöðum og ótækt að mjög veikt fólk sé flutt á milli bygginga.

Stjórn Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands hvetur því stjórn Læknafélags Íslands að snúa við blaðinu, eins og það er orðað, og leita heldur leiða til að styðja þá læknisfræðilegu og akademísku þróun sem Landspítalinn geti staðið fyrir sem öflugt háskólasjúkrahús með fjölda sérgreina og mikla sérhæfingu.

Í yfirlýsingunni frá Læknafélagi Íslands segir orðrætt að „draga mætti úr því byggingarmagni sem ætlunin er að reisa í þrengslunum við Hringbraut“. Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, segir að yfirlýsingarnar frá Svæfinga- og gjörgæslulæknafélaginu, um að Læknafélagið vilji tefja framkvæmdir á byggingu nýs sjúkrahúis, byggji á misskilningi.

Yfirvöld í Sádi-Arabíu:

## Telja Bin Laden vera látinn

**FRAKKLAND, AP** Upplýsingar þess efnis að hryðjuverkamaðurinn Osama Bin Laden sé látinn láku frá frönsku leyniþjónustunni á dögunum. Samkvæmt þeim eru stjórnvöld í Sádi-Arabíu fullviss um að Bin Laden hafi látist úr taugaveiki í Pakistan fyrr í mánuðinum.

Franska dagblaðið l'Est Republicain birti í gær minnisblað frá leyniþjónustunni þar sem upplýsingarnar koma fram. Jacques Chirac, forseti Frakklands, sagði upplýsingarnar „algjörlega óstaðfestar“ og hefur sett af stað rannsókn á því hvernig minnisblaðið barst dagblaðinu.

- sþs

Hjálparstarf í Líbanon:

## Flugvél undir ferfætlingana

**BEIRÚT, AP** Um þrjú hundruð heimilislausir hundar og kettir verða sendir til Bandaríkjana frá Líbanon og þeim komið fyrir á fósturheimilum. Sérstök flugvél flytur skepnurnar til Best Friends-gríðastaðarins í Utah fyrir heimilislaus gæludýr, en þar er séð um að útteila fjörfætlingunum til heimila, eftir að dýrin hafa farið í heilsu- og hegðunarpróf.

Mörg bréf munu hafa borist BETA-gæludýrasamtökunum þar sem bandarískur almenningur býðst til að fóstura líbónsk gæludýr, sem illa hafa orðið úti í sprengjuárásum ísraleska hersins.

- kóp



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Talsvert er gert úr vikingauppruna Björgólfs í umfjöllun breska blaðsins.

Úttekt Financial Times:

## Björgólfur með mesta kyntöfra

**BRETLAND** Björgólfur Thor Björgólfsson er kynþokkafyllstur milljarðamæringa, samkvæmt niðurstöðum viðskiptablaðsins Financial Times sem hefur flokkað milljarðamæringa heimsins eftir óhefðbundnum stöðlum.

Björgólfur er sagður búa yfir mikilfenglegu atgervi og er sérstaklega vísað til vikingauppruna hans í því tilliti. Stór blá augu og bros sem slær vopnin úr höndum fólks eru einnig sögð prýða þennan ríkasta mann Íslands og 350. ríkasta mann heims.

- sdg/sjá síðu 4

## SPURNING DAGSINS



Ívar, væri laxerolia ekki áhrifa-rikari?

„Laxinn virkar að minnsta kosti, hitt höfum við ekki prófað.“

Ívar Guðmundsson, einkapjálfa og útvarpsmaður, er einn þeirra sem stunda laxaát til að halda sér í formi. Í laxakúrnum er lax í matinn fimm sinnum á dag í sex daga.

Dagforeldrar á Akureyri vekja athygli á skemmdarverkum á leikvelli í Síðuhverfi:

## Ópokkar dreifa glerbrotum í sandkassa

**SKEMMDARVERK** Dagforeldrar í Síðuhverfi á Akureyri þurfa daglega að yfirfara leikvöll í hverfinu til að ganga úr skugga um að glerbrot og tæki til fíkniefnaneyslu stofni börnum ekki í hættu. Svo langt gangi skemmdarverkin að glerbrotum sé stundum dreift á markvissan hátt um sandkassa á leikvöllinum.



DRÖFN ÁRNADÓTTIR

Veggjakrot sé algengt og rúður í skúr brotnar að minnsta kosti mánaðarlega. Flöskur til hassneyslu og önnur fíkniefnatól finnast reglulega inni á leikvöllinum.

Dröfn Árnadóttir, ritari Dagvistunar, félagsdagforeldra á Akureyri og nágrenni, segir

þetta alvarlega vandamál hafa viðgengist allt of lengi. „Við höfum beðið lögreglu um aðstoð en hún hefur lítið getað hjálpað. Svæðið er illa upplýst og erfitt að vakta það á kvöldin og næturnar. Við erum í rauninni bara að bíða eftir slysi.“

Hún segir félagið hafa verið í viðræðum við skólustjóra Síðuskóla um að kennarar ræði við börn í skólanum og fræði þau um mögulegar hættur á leikvöllum. „Við viljum skapa umræðu um málið og vekja alla til umhugsunar því þetta er grafalvarlegt vandamál.“

**BROTIN RÚÐA** Dröfn segir litla hjálp hafa verið í lögreglunni, leikvöllurinn sé illa upplýstur og erfitt að vakta hann á kvöldin og næturnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL



**SKRÚFAÐ FRÁ BRUNAHÖNUM** Varðstjóri slökkviliðsins segir uppátæki sem þessi afar bagaleg.

Fjöldi útkalla hjá slökkviliði: **Skrúfað frá níu brunahönum**

**SLÖKKVILIÐ** Mörg útköll voru hjá lögreglu og slökkviliði í Smárbúðahverfinu í Reykjavík í fyrrinótt þar sem skrúfað var frá brunahönum í hverfinu frá klukkan þrjú um nóttina og til klukkan átta fram undir morgun. Alls var vatni hleypt af níu brunahönum. Varðstjóri slökkviliðsins segir bagalegt að slökkviliðsmenn þurfi að eyða tíma sínum í svona nokkuð. Hann bendir á að uppátæki af þessu tagi geti skemmt brunahanana ef frost er úti. Það geti svo valdið hættu ef þörf er á að nota þá. Ekki sást til sökudólganna. - kdk



**BRÚIN YFIR JÖKULSÁ Á DAL** Einungis burðarverkið stendur nú eftir.

Brú yfir Jökulsá á Dal lokað: **Fer undir vatn síðar í vikunni**

**KÁRAHNJÚKAR** Brúnni yfir Jökulsá á Dal var lokað í gær. Handrið og brúardekk voru fjarlægð en burðarverkið var látið standa. Það mun fara í kaf er byrjað verður að safna vatni í uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar síðar í vikunni.

Brúin, sem er skammt fyrir ofan Kárahnjúkastíflu, var byggð við upphaf framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Hún hefur verið opin almennri umferð en nú þurfa ferðamenn að bíða þess að vegurinn yfir stífluna sjálfa verði opnaður til að komast yfir ána, en það verður ekki fyrr en næsta sumar. - tg

## LÖGREGLUFRÉTT

**Ofsaakstur á mótorhjóli**

Bífhjólamaður var stöðvaður af lögreglunni á Hvalselli í gærmorgun eftir að hafa mælst á ofsahraða. Hann mældist á 170 km hraða og var sviptur ökuréttindum á staðnum.



**KJÖTBORÐ** Í tilkynningu frá Samfylkingunni segir að matarverð á Íslandi sé með því hæsta í heiminum og um helmingi hærra en hjá nágrennapjóðum. Hátt verð á matvælum á Íslandi sé hins vegar heimatilbúinn vandi sem vel sé hægt að bregðast við.

## Samfylking ætlar að lækka matvöruverð

Samfylkingin ætlar að lækka matarreiðing heimilanna um 200.000 krónur á ári. Meðal breytinga sem lagðar eru til eru niðurfelling vörugjalda og lækking virðisaukaskatts á matvæli. Einnig skuli fella niður alla innflutningstolla á matvælum.

**MATVÖRUVERÐ** Þingmenn Samfylkingarinnar ætla að leggja fram tillögur á Alþingi sem þeir telja að geti lækkað matarreiðing heimilanna um tvö hundruð þúsund krónur á ári. Til að ná því fram vill flokkurinn meðal annars fella niður vörugjald af matvælum og lækka virðisaukaskatt af matvælum um helming.

Einnig er lagt til að innflutningstollar af matvælum verði lagðir niður í áföngum. 1. júlí næstkomandi verði helmingur þeirra afnuminn og ári síðar verði allir tollar endanlega fallnir niður.

Í tilkynningu frá flokknum segir að Samfylkingin hafi ein flokka barist fyrir lækking matvælavæðs á undanförunum árum, ríkisstjórnarflokkarnir hafi staðið gegn slíkum tillögum á Alþingi. Matvælakostnaður heimilanna

nemi að meðaltali um 750 þúsund krónur á ári og því myndu tillögurnar lækka matarreiðinginn um rúman fjórðung.

Þá segir að matarverð á Íslandi sé með því hæsta í heiminum og um fimmtíu prósentum hærra en hjá nágrennapjóðum. Hátt verð á matvælum á Íslandi sé hins vegar heimatilbúinn vandi sem vel sé hægt að bregðast við.

Lagt er til að fyrirkomulagi á stuðningi við bændur verði breytt; teknar verði upp tímabundnar beinar greiðslur og umhverfis-

styrkir. Þetta fyrirkomulag verði útfært í samvinnu við bændur.

Jafnframt muni Samfylkingin leggja fram frumvarp þar sem afnuminn sé réttur landbúnaðar-ráðuneytis til að hafna breytingum á tollskrá sem varða breytingar á innflutningsvernd búvæla.

„Við leggjum til að léttu bændum aðlögunina og þá verði tekin upp tímabundinn stuðningur við bændur sem verði mótaður í samræði við samtök þeirra. Þar eru ýmsar leiðir sem koma til greina,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingar.

„Til dæmis er orðið löngu tímbært að taka upp svokallaða græna styrki og einnig er hægt að styðja við atvinnuuppbyggingu í sveitum þar sem kynni að skapast einhverjir tímabundnir erfiðleikar.“

salvar@frettabladid.is

Lögreglubíll í árekstri:

## Átta fluttir á slysadeild

**SLYS** Átta voru fluttir á sjúkrahús eftir árekstur á Höfðabakkabrú í Reykjavík um tvöleytið í dag. Samkvæmt upplýsingum frá slysadeild slasaðist enginn alvarlega. Tildrög slyssins voru þau að lögreglubíll með blikkandi forgangsljós og hljóðmerki ók á móti rauðu ljósi með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við lítinn fólksbíl sem ekið var yfir á grænu. Fimm börn voru í fólksbílnum, auk öku-manns, og tveir lögreglumenn í lögreglubílnum og voru allir fluttir á slysadeild. Lögreglan var á leið í Grafarvog til að sinna öku-manni sem hafði dottið af vélhjólum, en meiðsl hans voru ekki alvarleg. Málið er nú í rannsókn en að sögn lögreglunnar er útsýni á brúnni fremur takmarkað. - kdk

Flugsamgöngur í Eyjum:

## Útboð undirbúið

**FLUGSAMGÖNGUR** Samgönguráðuneytið mun bjóða út flug til Vestmannaeyja, finnst ekki aðrir sem eru tilbúnir til að fljúga þangað án opinberra styrkja. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær ætlar Landsflug að hætta öllu áætlunarflugi milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Ekkert annað flugfélag flýgur sömu leið.

„Ef það kemur í ljós að það sé enginn tilbúinn að fljúga þetta flug á markaðsforsendum munum við fara í að undirbúa útboð á þessari leið,“ segir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu. - sps

Flugvél hvolfdi við Gæsavötn:

## Engan sakaði í flugóhappi

**FLUGSLYS** Flugvél hvolfdi í lendingu á sandbreiðu við Gæsavötn um hádegis í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Húsavík var flugmaðurinn einn í vélinni, sem er eins hreyfils, þegar henni hlekkist á í lendingu og endaði á hvolvi um tvö hundruð metrum frá þeim stað þar sem hún lenti fyrst. Flugmaðurinn slapp lítið slasaður. Rannsóknarnefnd flugslýsa fór á vettvang og rannsakar nú slysið. - sps

Lagarfljótsormurinn:

## Eldur um borð

**SLÖKKVILIÐ** Eldur kviknaði í farþegaskipinu Lagarfljótsormin-um snemma í gærmorgun. Vakthafandi lögreglumaður sagði eldinn hafa kviknað út frá rafmagnsfofni en greiðlega hefði gengið að slökkva hann. Skemmdir væru þó talsverðar, þá aðallega af sóti og reyk. Alfreð Steinar Rafnsson, skipstjóri Lagarfljótsormsins, sagði að nær samstundis og eldurinn var slökktur hefðu viðgerðir verið hafnar og útítt væri fyrir að ormurinn yrði kominn á fullt skrið næsta föstudag. - kdk

Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna mótmælir tillögum um lækking matarverðs:

## Mun leggja landbúnað í rúst

„Svona aðgerðir á svona stuttum tíma munu leggja stóran hluta landbúnaðarins, og úrvinnslugreina hans, í rúst,“ segir Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, um tillögur Samfylkingar til lækunar á matvælavæðinu.

Meðal helstu breytinga í tillögnum eru niðurfelling innflutningstolla á matvælum í áföngum. 1. júlí verði tollar lækkaðir um helming og ári síðar verði þeir afnumdir með öllu. Fyrirkomulagi á stuðningi við bændur verði einnig breytt þannig að teknar verði upp tímabundnar beinar greiðslur og umhverfisstyrkir. Slíkt fyrirkomulag verði

útfært í samvinnu við bændur. „Það er ekkert nema blekking og hræsnir að halda að það sé hægt að bæta þetta upp með einhverjum mótaðgerðum. Ef þetta gerist á þessum hraða mun það höggva afskaplega stór skörð í landbúnaðinn og alla úrvinnslu búvæla hér á landi,“ segir Sigurgeir.

Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir hag landbúnaðarins hafa vænkast verulega á undanförunum árum, „eins og landbúnaðarráðherra gumar jafnan af. Við teljum að neytendur þurfi að fá eitthvað af þeim hagræðingarmöguleikum sem bændur hafa fengið undanfarnar ár,“ segir Össur. - sps

\* M.v. 100% lán, SP-bílasamning (lántökugjald ekki innifalið), 3,7% vexti og erlenda myntkörfu.

### Toyota Avensis

Skráður 12/00 ekinn 97.000 km  
áður 1.030.000 kr. nú **770.000** kr.  
eða 17.214 kr. í 48 mán.\*

### Skoda Fabia Comfort 1,4

Skráður 11/01 ekinn 66.000 km  
áður 720.000 kr. nú **550.000** kr.  
eða 12.200 kr. í 48 mán.\*

### BÍLASPRENGJA!

#### Ford Escape

Skráður 3/04 ekinn 44.000 km  
áður 2.490.000 kr. nú **2.090.000** kr.  
eða 32.590 kr. í 72 mán.\*

### VW Passat 1,6

Skráður 7/00 ekinn 123.000 km  
áður 880.000 kr. nú **590.000** kr.  
eða 12.900 kr. í 48 mán.\*

### Chevrolet Lacetti

Skráður 7/05 ekinn 11.000 km  
áður 1.690.000 kr. nú **1.390.000** kr.  
eða 18.891 kr. í 84 mán.\*

### Opel Vectra Elegance

Skráður 4/03 ekinn 46.000 km  
áður 1.490.000 kr. nú **1.090.000** kr.  
eða 16.900 kr. í 72 mán.\*

### Skoda Octavia Combi 4x4 2,0

Skráður 1/03 ekinn 92.000 km  
áður 1.180.000 kr. nú **890.000** kr.  
eða 13.900 kr. í 72 mán.\*

# SPRENGIDAGAR

Lægra verð - 100% lán

### SPRENGIVERÐ!

Ótrúlegt úrval af bílum á spreng-  
hlægilegu verði. Það finna allir  
réttu bílinn á Sprengidögum og  
borga niðursprengt verð!

### SPRENGIKJÖR!

Vextir frá 3,7% og lægri  
lántökukostnaður. 100% fjármögnun  
á völdum bílum. Allir geta nýtt sér  
sprengikjörin!

### SPRENGIPOTTUR

Ef þú kaupir bíl á sprengidögum  
lendir þú í sprengipotti Bílaþings.  
Dregið daglega í beinni á Bylgjunni  
og sprengheppinn kaupandi vinnur  
helgarferð fyrir tvo til Dublin með  
úrvali-útsýn.

Opið í dag kl. 12-16 á Kletthálsi 11

## BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum



www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is  
Sími 590 5760

Einnig Sprengidagar hjá umboðsmönnum HEKLU  
á Selfossi, Akureyri og í Reykjanesbæ  
Lokað hjá Bílaþingi Laugavegi

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	70,76	71,1
Sterlingspund	134,66	135,32
Evra	90,66	91,16
Dönsk króna	12,149	12,221
Norsk króna	10,876	10,94
Sænsk króna	9,779	9,837
Japanskt jen	0,6074	0,611
<b>SDR</b>		
	105,19	105,81
<b>GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR</b>		
	124,9934	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Samkomulag um skiptingu landgrunns í Síldarsmugunni undirritað í vikunni:

## Ekki rætt í utanríkismálanefnd

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkismálanefnd Alþingis fjallaði ekki um samkomulag um skiptingu landgrunns í Síldarsmugunni milli Íslands, Danmerkur, Færeyja og Noregs, sem undirritað var á miðvikudag, að sögn Steingríms J. Sigfússonar, fulltrúa Vinstri grænna í nefndinni.

„Það stendur í lögum að það eigi að hafa samráð við utanríkismálanefnd um öll meiriháttar utanríkismál. Og það eru fá mál stærri en það að ganga frá meiriháttar samningi sem útljár réttindamál og tengist lögsögu landsins um aldur og ævi.“

Steingrímur segist ekki geta

útilokað að einhvern tímann hafi verið farið yfir samningsmarkmiðin í nefndinni. „En það á bara ekki að skrifa undir stóra réttindasamninga af þessu tagi áður en farið er yfir málið í utanríkismálanefnd.“ Steingrímur vísar í að það hafi verið venja hingað til eins og þegar gengið var frá miðlínunni milli Íslands og Grænlands annars vegar og Færeyja hins vegar. Því hafi verið um mistök að ræða í þessu tilvik.

Steingrímur hyggst spyrjast fyrir um málið á fundi nefndarinnar í næstu viku. Ekki náðist í Halldór Blöndal, formann utanríkismálanefndar.

- sdg



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Segir mistök að ræða málið ekki í utanríkismálanefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mildi að ekki fór verr:

## Umferðarátak skilar sér ekki

**SLYS** Umferðarslys varð þegar sportbíreið var ekið á miklum hraða aftan á lítinn jeppa í Ártúnsbreyku um klukkan fimm í gær en loka þurfti svæðinu í rúma klukkustund á eftir. Þrennt var flutt á slysadeild en samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni voru meiðslin ekki veruleg. Segir lögreglan að mildi sé að ekki hafi farið verr en fjöldi vitna greindi frá því að ökumaður sportbílsins hefði ekið á ofshraða vestur Vesturlandsveginn. Sorglegt sé til þess að vita að umferðarátakið sem hefur verið í gangi á vegum Umferðarstofu sé ekki að skila sér. - kdk



**SIGURVEGARI** Helgi Ólafsson stórmeistari sigraði á afmælistóttinu í Vestmannaeyjum.

Tafffélag Vestmannaeyja:

## Afmælistótt úti í Eyjum

**SKÁK** Tafffélag Vestmannaeyja stóð í gær fyrir afmælistótti í tilefni af því að áttatíu ár eru liðin frá stofnun þess. Keppendur voru bæði Eyjamenn og gestir en alls tóku 48 skákmenn þátt á móttinu.

Heimamaðurinn og stórmeistarinn Helgi Ólafsson bar sigur úr býtum á móttinu en í öðru sæti varð Bergsteinn Einarsson og Hrnannar Baldursson í því þriðja.

Magnús Matthíasson, formaður Tafffélags Vestmannaeyja, segir mikinn uppgang vera í skákíþróttinni en í félaginu eru nú um níutíu virkir félagar á öllum aldri. - tg

### SLÖKKVILIÐ

#### Eldur á Þórshöfn

Eldur kviknaði í húsi við Eyrarveg á Þórshöfn í gærmorgun. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en ekki hefur verið búið í því í nokkurn tíma og stafaði fólki því ekki hættu af. Ekki er vitað um orsök eldsins.

#### Eldur í bíl við Players

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í fyrriðtíð vegna elds í sendiferðabil sem lagt var fyrir utan skemmtistaðinn Players í Kópavogi. Að sögn vakthafandi slökkviliðsmanns var bíllinn illa bruninn þegar slökkvilið kom á vettvang og er að öllum líkindum ónýtur. Ekki er vitað um orsakir eldsins að svo stöddu.

# Sagður ómótstæðilegur og víkingalegur bláskjár

Björgólfur Thor Björgólfsson telst vera kynþokkafyllsti auðjörfurinn samkvæmt breska viðskiptablaðinu Financial Times. Þykir hann hafa mikilfenglegt atgervi og ómótstæðilegt bros.

**BRETLAND** Björgólfur Thor Björgólfsson er kynþokkafyllsti auðjörfur heims, að því er kemur fram í upptalningu viðskiptablaðsins Financial Times á kostum ríkustu manna heimsins.

Í umsögn blaðsins segir að þessi ríkasti milljarðamæringur Íslands og 350. ríkasti maður heims hafi stór blá augu og bros sem slái vopn úr höndum fólks. Þá sé víkingalegt atgervi hans bæði geðfellt og mikilfenglegt.

Velgengni Björgólfs er sögð hafa leitt til orðaleikja um víkingauppruna hans og að sjálfsögðu auki hún á kyntöfra hans.

Auðjörfrarnir á lista Financial Times eru settir í ýmsa óhefðbundna flokka. Þar á meðal er kanadíski raftækjamógúllinn Robert Miller, sem þykir líklegastur auðjöfra til að verða ódauðlegur. Miller er sagður nógu ríkur til að geta lagt fé í ólíklegan og hugsanlega vonlausan málstað. Er vísað í orðróm um að Miller hyggist láta frysta sig eftir dauða sinn svo hægt verði að endurlífga hann í framtíðinni.

Philip Knight, Bandaríkjamadurinn á bak við sportvörurisann Nike, fær þann vafasama titil að vera verst klæddi auðjörfurinn. Hann er talinn vel að titlinum kominn þar sem hann



**BJÖRGÓLFUR ÞÓR BJÖRGÓLFSSON** Stór blá augu, ómótstæðilegt bros og víkingalegt atgervi gera Björgólf kynþokkafyllstan auðjöfra í flokkun fjármálatímaritsins Financial Times. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Móðirin stolt

„Það er aldeilis,“ segir Þóra Hallgrímsdóttir, móðir Björgólfs Thors, um upptalningu kosta þeirra sem prýða Björgólf Thor að mati greinarhöfunda Financial Times.

Þóra segir þau foreldrana vera afar stolt af Björgólfi, sem er yngsti sonur þeirra. „Hann hefur ekkert breyst heldur er bara ennþá sami sonurinn eins og hann hefur alltaf verið.“

Þóra leiðrétti eina staðreyndarvillu sem slæddist inn í umfjöllun tímaritsins. Svo virðist sem greinarhöfundar hafi verið full ákafir í að halda á lofti víkingaímyndinni og gert ráð fyrir að Björgólfur væri bláeygur en hið rétta er að hann er með grágræn augu.

klæðist iðulega kúrekahatti, krumpuðum fötum og skordýraleghum sólgleraugum.

Frjóasti milljarðamæringurinn er hinn 94 ára gamli Saleh Bin Abdul Aziz Al-Rajhi, bankaeigandi og athafnamaður frá Sádi-Arabíu. Enginn milljarðamæringur á lista fjármálatímaritsins Forbes yfir ríkasta fólk í heimi á jafn mörg börn og Al-Rajhi, sem á sextíu börn og sjö eiginkonur. Þar sem hann er 84. ríkasti maður í heimi á hann þó ekki í vandræðum með að sjá barnahersingunni farborða.

Mestur viðsnúningur hefur orðið á högum

J.K. Rowling, að mati Financial Times, en hana þekkja margir sem höfund bókanna um Harry Potter. Fyrstu bókina skrifaði Rowling á notaða ritvél og lifði á meðan á bótum sem einstæð móðir. Ári síðar seldi hún handritið og í kjölfarið varð hún fyrsta manneskjan til að verða milljarðamæringur á því að skrifa bækur. Fárið í kringum bækurnar hefur náð farsakenndum hæðum í ár, að því er kemur fram í umsögn tímaritsins, eftir að smástirni var nefnt eftir Rowling. Einnig var beinagrind risaöldu nefnd Dracorex hogwartsia, sem er tilvísun í bækurnar. sdg@frettabladid.is

**22:00**

www.minnsirkus.is/sirkustv

**SIRKUS 06/07**

**CHAPPELLE'S SHOW**

**FIMMTUDAG**

**SIRKUS TV**

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÉTTIR TIL FYRIR NORDAN**

Það er vaxandi hæðarsvæði fyrir norðan land og því léttir þar smám saman til og það strax í dag. Þetta hæðarsvæði verður viðloðandi fram á þriðjudag en þá eru horfur á breytingum. Á miðvikudag má búast við austanátt með vætu víða á landinu og þokkalega mildu veðri, einkum þó syðra. Þó að búast megi við næturfrostri hér og hvar er dagshitinn næstu daga ágætur, þetta 7-12 stig.

**HORFUR Í HÖFUÐ-BORGinni Í DAG**

Hæg austlæg átt og bjart með köflum. Hiti 8-12 stig.

Stað	Veður	Hitastigið
Kaupmannahöfn	21°C heiðskirt	London 23°C skýjað
Þórshöfn	14°C léttskýjað	Paris 23°C skýjað
Oslo	19°C hálfskýjað	Frankfurt 25°C léttskýjað
Stokkhólmur	20°C heiðskirt	Friedrichshafen 20°C skýjað
Gautaborg	19°C hálfskýjað	Berlin 25°C skýjað

**» á morgun**

Hæg breytileg átt.

**» sunnudagur**

3-13 m/s, hvassast við suðausturströndina.

Stað	Veður	Hitastigið
Alicante	28°C léttskýjað	
Mallorca	25°C skýjað	
Algarve	24°C hálfskýjað	
Krit	24°C léttskýjað	
Las Palmas	25°C léttskýjað	

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# FORVARNARDAGURINN 2006



## TAKTU ÞÁTT! HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Þrjú heillaráð til að forða börnum og unglingum frá fíkniefnum:



Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.



Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.



Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.



**Fimmtudagurinn 28. september er forvarndagur í öllum grunnskólum landsins**

Þessi þrjú einföldu heillaráð eru byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Rannsóknirnar hafa vakið alþjóðlega athygli.


[www.forvarndagur.is](http://www.forvarndagur.is)

Forvarndagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna og Samband íslenskra sveitarfélaga með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.



Verkefnið er styrkt af

hagur í heilsu



Ætlar þú í rjúpnaveiði?

Já 9,6%  
Nei 90,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú með yfirdrátt?

Verðlagskönnun ASÍ sýnir tíu prósentu meðalhækkun á fiski:

## Allt að 28 prósentu hækkun

**NEYTENDAMÁL** Verð á ferskum fiski hefur hækkað um allt að 28 prósent á höfuðborgarsvæðinu frá því í janúar á þessu ári. Þetta kom fram í verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ lét gera í vikunni. Í könnuninni var verð skoðað á 29 tegundum fiskmetis í fiskbúðum og stórmörkuðum. Í niðurstöðunum segir að meðalverð hafi hækkað á öllum tegundum sem könnunin náði til, að tindabikkju undanskilinni. Flestar tegundirnar hafa hækkað um allt að tíu prósent.

Mikill verðmunur reyndist vera milli verslana. Í niðurstöðunum eru nefnd dæmi um allt að 113

prósentu verðmun á einni tegund milli verslana. Lægsta verðið á flestum tegundum er í Fjarðar-kaupum en það hæsta í Gallerí Fiski. Henný Hinz, verkefnastjóri verðlagseftirlitsins, segir að það sem sé kannski mest sláandi í niðurstöðunum sé að hækkunirnar séu gegnumgangandi í öllum tegundum. „Umhverfið á markaðinum hefur náttúrulega breyst. Sex búiðir hafa sameinast í eina keðju,“ segir Henný, en sú breyting hefur nýlega orðið að sex fiskbúðir hafa sameinast undir nafninu Fiskisaga. „Maður myndi ætla að slíkt ætti að skila hagræðingu í rekstri. En svo virðist vera að færri sam-



**FRISKUR FISKUR** Mikill verðhækkun hefur átt sér stað það sem af er ári á flestum tegundum af fiski.

keppnisaðilar á markaðinum geti verið verri fyrir neytandann.“ - þsj

Átak hjá lögreglunni á Akureyri:

## Fimmtíu og einn bílstjóri kærður

**UMFERÐ** Fimmtíu og einn ökuumaður var kærður fyrir of hraðan akstur á Akureyri í fyrradag. Ástæðan fyrir þessum mikla fjölda kæra var sérstakt eftirlit lögreglunnar á götum við Glerárskóla og Brekkuskóla þar sem hámarkshraði er þrjátíu kílómetrar á klukkustund. Þrír eiga von á að verða sviptir ökuréttindum í einn til tvo mánuði.

Lögreglan á Akureyri hefur stöðvað yfir sextán hundruð ökumenn fyrir of hraðan akstur það sem af er þessu ári, fjögur hundruð fleiri en á sama tíma í fyrra.

- sps



**RAMADAN Í MÚSLIMALÖNDUM** í Kabúl, höfuðborg Afganistans, byrjaði Ramadan á laugardaginn.

## Ramadanmánuður byrjaður: Múslimar fasta

**MID-AUSTURLÖND, AP** Ramadan er byrjaður í flestum ríkjum múslima í Mið-Austurlöndum en mánuðurinn hefst þegar nýtt tungl rís í níunda mánuði ársins samkvæmt Hijri-dagatalinu.

Múslimar trúa því að Kóraninn hafi verið gerður Múhamed spámanni opinber í Ramadan fyrir um 1.400 árum og þess vegna sé hann helgur mánuður.

Á meðan á Ramadan stendur fasta múslimar bæði á mat og drykk frá sólarupprás til sólarlags, auk þess sem þeir reykja ekki eða stunda kynlíf. Slæmar hugsanir og gjörðir á einnig á forðast í mánuðinum.

- tg

# Segir sjávarflóðahættu í Reykjavík vera vanmetna

Skipulagsfræðingur segir sjávarflóðavarnargarða of lága og landfyllingar viðkvæmar vegna vanmats á flóðahættu í Reykjavík. Sérfræðingar telja að sjávarhæð við borgina muni rísa um allt að metra á næstu öld.

**SKIPULAGSMÁL** Sjávarflóðahætta er vanmetin í Reykjavík að sögn Trausta Valssonar skipulagsfræðings, en hann hélt erindi á föstudaginn um áhrif loftslagsbreytinga á skipulag í Reykjavík á málþingi vegna árlegrar samgönguviku.

Trausti segir að sjávarflóðavarnir við strendur Reykjavíkur séu miklum mun minni en annars staðar á landinu og nefnir þar sérstaklega Stokkseyri og Eyrarbakka. Hann telur ástæðurnar vera fyrst og fremst þær að menn hafi ekki viljað hafa varnirnar hærrí til að skerða ekki útsýni fólks út til hafsins. Trausti segir ýmis svæði í Reykjavík viðkvæm gegn flóðum og nefnir þar helst Skúlagötustrandlengjuna. „Það er varnargarður við Sæbraut en hann er landmegin við hana og er raunverulega hannaður sem hljóðvörn. Ef það ætti að vera alvöru varnargarður þyrfti hann að vera samfelldur og sjávarmegin við brautina.“

Trausti segir vandann á höfuðborgarsvæðinu vera margvísleg-



**TRAUSTI VALSSON** Segir ýmis svæði í Reykjavík viðkvæm fyrir flóðum.

an. „Í fyrsta lagi er almenn hækkun á sjávaryfirborði í heiminum. Spár segja að það muni hækka um fimmtíu til níutíu sentímetra á þessari öld. Svo er svæðið sem Reykjavík og nágrenni stendur á að síga um fimmtán sentímetra á öld. Við það bætist að hér eru ónógur sjávarvarnir. Þá er verið að byggja íbúðarbyggðir víða á höfuðborgarsvæðinu á landfyllingum. Að mínu mati og miðað við spár um sjávarhæðarhækkun eru þær fyllingar of lágar. Ef maður bætir metra ofan á sjávarhæðina við Reykjavík þá er sjórinn náttúrulega kominn inn á land á mörgum stöðum og upp á landfyllingar.“

Að auki bendir Trausti á að



**STRANDENGJAN VIÐ SKÚLAGÖTU** Skipulagsfræðingur segir varnargarða vitlausu megin við Sæbrautina.

stærsta flóð sem orðið hafi á svæðinu, Básendaflóð árið 1799, sé ekki tekið með inn í mat á flóðahættu. „Menn sögðu að slíkt flóð gæti ekki komið nema á nokkur þúsund ára fresti og því þyrfti ekkert að byggja varnir vegna þeirra,“ en í því flóði flæddi meðal annars yfir alla Kvosina. Hann telur flóðahættuna mögulega vera nær okkur en

fólk gruni. „Í fyrra eða hitteðfyrra munaði engu að mjög kröpp lægð sem rak á undan sér flóðbylgju hefði farið inn í Faxaflóann og komið á Reykjavík. Því hefur verið haldið fram að það hafi einungis þurft hundrað kílómetra tilfærslu á þessari lægð til að hér hafi orðið mjög mikið flóð víða á höfuðborgarsvæðinu.“

thordur@frettabladid.is

## Ræstivagn Elite 100



35 %  
Aflsláttur

Hentugur vagn fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki

Verð á vagni, moppu og skafti

Nú: 33.904.-

Áður: 52.159.-

\*meðan birgðir endast



Suðurlandsbraut 26 Brekkustíg 39 Miðás 7 Grundargötu 61  
108 Reykjavík 260 Njarðvík 700 Egilsstöðum 350 Grundarfirði  
Sími: 510 0000 Sími: 420 0000 Sími: 470 0000 Sími: 430 0000  
Fax: 510 0001 Fax: 420 0001 Fax: 470 0001 Fax: 430 0001  
besta@besta.is njarðvik@besta.is egilsstaðir@besta.is grund@besta.is



**SKRIÐDREKAR Á GÖTUM BANGKOK** Fyrstu mótmælin síðan valdaránið var gert fóru fram á götum Bangkok í gær.

Ný ríkisstjórn í Taílandi innan tveggja vikna:

## Leita forsætisráðherra

**BANGKOK** Herföngingastjórnin í Taílandi fundaði um helgina um möguleg forsætisráðherraefni. Talið er að þeir muni láta konung Taílands, Bhumibol Adulyadej, fá lista yfir þá einstaklinga sem þeir telja hæfa og verður lokaákvörðunin í höndum konungsins.

Meðal þeirra sem telja má víst að séu á listanum eru Supachai Panitchpakdi, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Chatumongol Sonakul, fyrrverandi seðlabankastjóri, Pridiyathorn Devakula, núverandi seðlabankastjóri, og Ackaratorn Chularat, forseti Hæstaréttar. Konungurinn mun

tilkynna val sitt næsta miðvikudag og mun komandi forsætisráðherra fara með völd fram að kosningum sem fram fara í október á næsta ári.

Herföngingastjórnin hefur verið gagnrýnd af ýmsum mannréttindasamtökum fyrir að banna alla opinbera fundi og ritskoda og banna fjölmiðla andvíga valdaráninu. Valdaránið hefur ekki kallað á blóðsúthellingar en fyrsti almenni mótmælafundurinn fór fram á laugardag. Hann var leystur upp án átaka enda hefur hermönnum verið skipað að sýna borgurum vinsamlegt viðmót. - tg

Ábyrg afstaða foreldris:

## Móðir lét taka bíl af syninum

**LÖGREGLUMÁL** Móðir nokkur tók afar ábyrga afstöðu gagnvart glannalegum akstri sonar síns að mati lögreglunnar á Húsavík.

Sonurinn var tekinn á 160 kílómetra hraða á fimmtudaginn í umdæmi lögreglunnar á Húsavík og verður sviptur ökuréttindum í kjölfarið. Daginn eftir hringdi móðirin í lögregluna og bað hana að taka bílinn, sem er skráður á hennar nafn, af syni hennar.

Þakkaði hún lögreglunni fyrir og sagðist styðja það heilshugar að sonurinn verði sviptur ökuréttindum.

- sdg

Castro á batavegi:

## Endurkoma í desember

**HAVANA, AP** Utanríkisráðherra Kúbu, Felipe Perez Roque, lýsti því yfir opinberlega að hann væri þess fullviss að Fidel Castro myndi snúa aftur til valda í desember. Castro hefur ekki komið fram opinberlega síðan 26. júlí en á síðustu vikum hafa birst myndir af honum í náttfötum á fundum með bæði Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og Hugo Chavez, forseta Venesúela.

Raúl Castro, yngri bróðir Fidels og starfandi forseti Kúbu, segir Fidel á góðum batavegi og að framför hans sé stöðug.

- tg

KÓLESTERÓL  
KÓLESTERÓL  
KÓLESTERÓL



LEIENSKA AUGUSTINGASTOFAN BHF/SH/LS-WAT 11196 03/2006

## Strokaðu út hættumerkin með Flora pro.activ

Rannsóknir sýna að kólesterólmagn lækkar umtalsvert þegar Flora pro.activ er notað í staðinn fyrir annað viðbit. Flora pro.activ inniheldur plöntusteróla sem lækka kólesterólmagn í blóðinu. Dægleg neysla á Flora pro.activ er ljúffeng aðferð til að hugsa vel um hjartað og bæta heilsuna.

[www.floraproactiv.co.uk](http://www.floraproactiv.co.uk)



## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir fréttastjóri NFS?
- 2 Hvert hættir Landsflug að fljúga á mánudaginn?
- 3 Hvaða frægi bandaríski stjórnmálamaður mun flytja erindi á Íslandi um loftslagsmál?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 35

Heilbrigðisstéttir misjafnlega ánægðar með ákvörðun ráðherra í geðheilbrigðismálum:

## Efast um gæði þjónustunnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Félög barna- og unglingageðlækna Íslands og Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa hafa gefið frá sér yfirlýsingar í kjölfar ákvörðunar heilbrigðisráðherra um að ráðast í stækkun Barna- og unglingageðdeildar og færslu grunnþjónustunnar til heilsugæslustöðva.

Stjórn Barnageðlæknafélags Íslands er sammála því að styrkja beri grunnþjónustu í nærumhverfi barna og unglunga en það vekur furðu stjórnarinnar að ekki virðist gert ráð fyrir sérfræðipækningu barna- og unglingageðlækna á heilsugæslunni og í Miðstöð heilsumverndar barna, þar sem grunnþjónustan verður.

Barnageðlæknar furða sig einnig á því að ekki sé inni í framtíðaráætlunum ráðherra að styrkja stöðu göngudeildar BUGL eða

Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á nokkurn hátt og að einungis eigi að beina þjónustunni í annan farveg en gæðin virðist aukaatriði. Þá efast barnageðlæknar um að þessar aðgerðir verði til þess að stytta biðlistana.

Stjórn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa fagnar stækkun BUGL og eflingu grunnþjónustunnar.

Þá skora félagsráðgjafar á heilbrigðisráðherra að nota heildarsýn við uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga og nýta sér þekkingu og reynslu af þverfaglegu samstarfi sem starfrækt er við heilsugæsluna í Grafarvog. -hs

**BUGL** Barnageðlæknafélag Íslands efast um að færsla grunnþjónustu til heilsugæslustöðva verði til þess að stytta biðlistana.



## FJÁRMÁLA AKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



### FJÁRMÁL FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Til að ná árangri í viðskiptaumhverfi nútímans er nauðsynlegt fyrir stjórnendur að hafa góðan skilning á ýmsum atriðum fjármála.

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík býður nú upp á hagnýtt og markvisst nám í fjármálastjórnun fyrir stjórnendur.

Um er að ræða námslínu þar sem farið er í gegnum alla þá þætti í fjármálum fyrirtækja sem stjórnendur þurfa að kunna skil á.

Byggt er á fyrirlestrum, dæmum og raunhæfum verkefnum fyrir íslenskar aðstæður.

Leiðbeinendur:  
Stefán Svavarsson,  
Ólafur Ísleifsson,  
Ólafur Ólafsson.



### NÁMSLÍNA

	DAGS.:	TÍMI:
Fjármálastjórnun fyrir almenna stjórnendur . . . . .	3. október	kl. 15:00 - 19:00
Áætlanagerð í fjármálum. . . . .	10. október	kl. 15:00 - 19:00
Kennitölur sem stjórnæki í rekstri . . . . .	17. október	kl. 15:00 - 19:00
Notkun ársreikninga fyrir stjórnendur . . . . .	31. október	kl. 15:00 - 19:00
Arðsemisgreining fjárfestingatækifæra . . . . .	13. nóvember	kl. 15:00 - 19:00
Stjórnun veltufjármuna. . . . .	28. nóvember	kl. 15:00 - 19:00

Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Nánari upplýsingar er að finna á [www.stjornendaskoli.is](http://www.stjornendaskoli.is)

Nánari upplýsingar veitir:  
**Elisabet I. Þorvaldsdóttir**  
þjónustufulltrúi  
Sími: 599 6296  
[elisabeth@ru.is](mailto:elisabeth@ru.is)

Ofanleiti 2, 3. hæð  
103 Reykjavík  
Sími: 599 6200  
Fax: 599 6201  
[www.stjornendaskoli.is](http://www.stjornendaskoli.is)



STJÓRNENDASKÓLI  
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Kynntu þér málið á [spron.is](http://spron.is)

**10%**  
vaxtaauki!



**spron**



STYTTRI DAGUR VEGNA MANNEKLU Elmar Sölvi og Alvin Smári ásamt foreldrum sínum Steinunni og Steinari. Foreldrarir hafa báðir þurft að taka sér frí frá vinnu vegna skertrar vistunar strákanna á leikskóla.

## Í vanda vegna mannekle

Steinunn og Steinar hafa skipst á að taka sér frí undanfarnar vikur þar sem synir þeirra búa við skerta vistun á leikskóla vegna mannekle. Ekki hefur tekist að ráða faglært fólk í lausar stöður.

**LEIKSKÓLAMÁL** Steinunn Grétarsdóttir og Steinar Geir Agnarsson eiga tvo stráka á leikskóla sem búið hafa við skerta vistun vegna mannekle undanfarnar vikur.

Elmar Sölvi, sextán mánaða, er á Vinagerði og Alvin Smári, fjögurra ára, er á Kvistaborg en á þessum leikskólum hafa börn búið við skerta vistun undanfarnar vikur vegna mannekle. Steinunn segir að síðustu tvær vikurnar hafi hún þurft að sækja báða drengina áður en hefðbundnum skóladegi lauk en leikskólarnir hafa tekið tillit til þeirra og reynt að samræma skerðinguna eftir megni.

Steinunn segir þessa skertu viðveru drengjanna hafa orðið til þess að báðir foreldrar hafi þurft að taka sér frí frá vinnu. „Nú í vikunni gerðist eldri sonur okkar yngsti starfsmaður Glitnis þegar hann fór með föður sínum í vinnuna,“ segir Steinunn en bætir við að yfirmenn þeirra hafi sýnt ástandinu skilning.

Steinunn segir ábyrgð á ástandinu liggja hjá ráðamönnum og segir það staðreynd að fjöldi menntaðra leikskólakennara ráði sig í önnur störf þar sem launin séu betri. „Ég veit að háskólamenntaður starfsmaður

á fríundaheimili sem ber enga ábyrgð fær hærri laun en menntaður deildarstjóri á leikskóla.“

Steinunn veit til þess að sautján ára starfsmaður hafi verið ráðinn á annan leikskólann sem vistar börn hennar. „Mér finnst skjóta skökku við að tala um að gera leikskólann að fyrsta skólastigi á sama tíma og ekki náist að ráða fullorðin fólk til starfa.“ Steinunn tekur fram að þetta sé ekki áfellsdómur yfir starfsmanninum sem slíkum heldur lýsi þessi staða því hversu alvarlegt ástandið sé.

„Ég furða mig einnig á því hversu lítið hefur heyrst í formanni leikskólaráðs og hve lítið stjórnvöld hafa aðhafst til að leysa þennan vanda.“

Steinunn er í foreldrafélagi Kvistaborgar og segir skerta vistun hafa áhrif á margar fjölskyldur og að foreldrar hafi ýmist þurft að taka sér frí eða fá unglunga eða ömmur til að passa.

Helga Hallgrímsdóttir, leikskólustjóri á Kvistaborg, segir leikskólann verða fullmannaðan frá næstu mánaðamótum og að enginn verði sendur heim í næstu viku. Helga segir einnig að ekki hafi náðst að ráða faglærða starfsmenn í þau störf sem laus voru.

[hugrun@frettabladid.is](http://hugrun@frettabladid.is)



# LOKADAGUR !!

**30-70%  
Afsláttur**

lagerútsölu Betra Bak er sunnudagurinn 24. sept.


<p><b>Í bústaðinn !</b> Crown heilsudýna með botni í hvítu leðurlook og Square Alu löppum. Verðdæmi 160x200 cm kr. 79.900,-</p>		<p><b>Teppasett</b> Teppi - pífa - púði og tvö koddaver Verðdæmi Queen Frá kr. 12.900,-</p>	
	<p><b>Hægindastólar</b> 25-30% afsláttur</p>		<p><b>Apple náttborð</b> Eik, vengi og ljóst beyki 15 til 50% afsláttur.</p>
<p><b>Gaflar</b> Í miklu úrvali. 15-70% afsláttur</p>		<p><b>Stillanleg rúm!</b> Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.</p>	
	<p><b>Nú er rétti tíminn</b> Gravity Zero stillanlegu rúmin á ótrúlegu tilboði í Betra Bak.</p>		<p><b>Spring Air</b> Verðdæmi - Never Turn: Queen rúm 153x203 cm 99.000,- án gafls.</p>

Vegna lagerbreytinga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

**Fyrstir koma fyrstir fá!!**

Opið frá kl. 13-16

**Holtavegi 8** á bak við Ikea Holtagörðum!!



**Betra  
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • [betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Framfarir í frumvarpi um kynferðisbrotakafla hegningarlaga:

## Vændi er neyð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Margt horfir til bóta í frumvarpi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Miklu munar um það ákvæði að fyrningarfrestur kynferðisbrota miðist við átján ára aldur brotþola í stað fjórtán ára áður. Hækkun refsihámarks fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum gerir einnig að verkum að fyrningartími þessara brota verður lengri en áður. Ýmsir hafa þó bent á að rétt hefði verið að ganga enn lengra og jafnvel afnema fyrningarfrest í brotum sem þessum.

Flestir eru sammála um að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sé meðal allra alvarlegustu glæpa sem framdir eru. Þynging refsinga í kynferðisbrotamálum gegn börnum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er því löngu tímabær.

Einnig er til bóta rýmkun á nauðgunarhugtakinu á þann veg að ef frumvarpið nær fram að ganga telst það vera nauðgun eifandi færir sér bágnt andlegt ástand eða skilningsleysi þolanda í nyt. Þetta þýðir að misneyting, til dæmis á þeim sem eru þroskaheftir, telst vera nauðgun.

Í frumvarpi dómsmálaráðherra er felld niður refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu. Þess í stað verður refsivert að bjóða fram eða miðla kynmökum í opinberum auglýsingum. Þetta er vissulega mikil breyting miðað við gildandi lög þar sem refsivert er að stunda vændi.

*Allt bendir til að til undantekninga heyri að nokkur manneskja kjósi að hafa tekjur af því að selja líkama sinn.*

Hér hefðu margir viljað ganga enn lengra og fara „sænsku leiðina“ sem svo er kölluð en samkvæmt henni er refsivert að kaupa vændi. Þessi leið hefur verið farin í löggjöf í Svíþjóð en aðrar norrænar þjóðir hafa ekki kosið að fara hana.

Talsmenn frelsis til að kaupa og selja kynlífsþjónustu minna iðulega á að vændi sé elst atvinnugreina. Á móti má benda á að fjölmargar atvinnugreinar sem stundaðar hafa verið í gegnum aldir og árbúsund hafa úrelst vegna samfélagsbreytinga. Svo ætti einnig að vera um vændi í samfélagi þar sem jöfnuður og reisn teljast til mannréttinda.

Sömuleiðis er bent á að þær konur, og karlar, sem stundi vændi hafi valið sér þessa leið til að afla sér lífsviðurværis. Rétt eins og aðrir velji að vera lækna, leikskólakennarar eða að standa bak við búðarborð í verslun. Þetta er mikil einföldun. Allt bendir til að til undantekninga heyri að nokkur manneskja kjósi að hafa tekjur af því að selja líkama sinn. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem stunda vændi er konur sem eru afar illa staddar félagslega og oft iðka þær þessa atvinnu til að standa straum af kostnaði vegna fíkniefnaneyslu. Það telst í það minnsta áfangasigur að afnema refsingu fyrir þá neyð sem það er að selja líkama sinn.

Tíminn leiðir í ljós hver áhrif þessarar lagabreytingar verða og hvort ástæða er til að ganga lengra bæði varðandi fyrirngarfrest í kynferðisbrotum gegn börnum og í þá átt að refsivert verði að kaupa vændi.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnald Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Halldósson. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í höldum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## „Söngurinn göfgar“

Innritun stendur yfir á átta kvöldum söngnámskeið í raddbeitingu og öndun sem hefst 2. október. Kennarar Marta Guðrún Halldórsdóttir og John Speight.

Skráning og upplýsingar í síma 568 5828 eða á tsdk.ismennt.is fyrir 28. ágúst.



Engjateigur 1, 105 Reykjavík - sími: 568 5828 - http://tsdk.ismennt.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Góður liðsauki

„Nauðsynlegt er að taka upp umræðu um dreifistýringu heilbrigðiskerfisins, heilsugæslunnar og sjúkráhusa, samkeppni og einkarekstur heilbrigðisstofnana, sjúkráhusa og hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva, einkarekstur þar sem sjúklingar njóti sjúkratrygginga,“ sagði í Morgunblaðsgrein í gær. Nei, það var ekki verið að vitna í Össur Skarphéðinsson á landsfundi Samfylkingar 2003 né var greinin eftir Ágúst Ólaf Ágústsson varaformann sama flokks. Tómas Helgason, prófessor í geðlækningum, virðist hafa gengið til liðs við þá féлага í baráttunni fyrir meira frjálsræði í heilbrigðisrekstri.



#### Einn, tveir og Geir

Baráttuöxlunum Birni Bjarnasyni og Guðlaugi Þór Þórðarsyni finnst ekkert tiltökumál að leggja í prófkjörs- slag. Margir sjálfstæðismenn hefðu samt kosið að Björn fengi annað sæti baráttulaust fyrir sitt síðasta kjörtímabil. Á Geir H. Haarde meðal annars að hafa mælt til þess við Guðlaug Þór að hann léti a f baráttu um það sæti og færi í annað öruggt sæti. Fór Guðlaugur Þór yfir stöðuna um síðustu helgi og ákvað síðan að taka slaginn, enda búinn

að tilkynna það stuðningsmönnum sínum.

#### Öflugur stjórnarformaður

Sú var tíðin að Halldór H. Jónsson, þá stjórnarformaður Eimskips, var kallaður stjórnarformaður Íslands. Í vikunni var sá titill hins vegar hengdur á Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson, sem er ekki í stjórn Eimskips heldur Tryggingamiðstöðvarinnar. Sævar er reyndar líka stjórnarformaður Icelandic Group og hefur náð góðum árangri með félagið. Til þess þurfti hann reyndar að láta tvo forstjóra fjúka á síðasta ári; Gunnar Svavarsson og Þórólf Árnason. Fyrr og síðar hefur nefnilega þurft sterk bein til að standa undir nafnbótinni stjórnarformaður Íslands.

bjorgvin@frettabladid.is

## Sjómennskan er ekkert grín

Það er mjög sérstakt að vera kominn í prófkjör. Allur sólarhringurinn lagður undir ásamt heimilinu, vinunum, fjölskyldunni og vesalings nágrönnunum sem þurfa að lána eldhús- og stofustóla á hverju kvöldi vegna fundahalda. En það er gaman að þessu, mikið líf og fjör. Einn góður vinur minn spurði hvort ég myndi ekki fá mörg atkvæði úr sjávarútveginum, ég hefði jú unnið öll menntaskóla- og háskólasúmmrin í frystihúsi vestur á fjörðum; hvað með sjómenn, spurði hann vongóður og neri saman höndunum.

Það er nú það, sagði ég við vin minn, ég er ekki viss um hvort þeir hafi mikið álit á sjómennsk uferli mínum. Eg fór einn tús á togara. Grétar skipstjóri á Gylli frá Flateyri stakk hausnum niður um lestarlúguna þar sem við vorum nokkrir að klára að landa karfa og spurði hvort ég vildi ekki koma með í næsta tús. Það var áliðið kvölds og þetta hafði verið löng og erfið löndun. Þreytan hvarf samt alveg við þessa spurningu skipstjórans og ég hrópaði já af lestargólfinu. Það átti að fara út á miðnætti og á leiðinni heim af bryggjunni til að sækja dótið mitt byrjaði ég að reikna í hugarum hvað ég myndi nú græða mikið á þessum tús. Ef ég stæði mig vel þá fengi ég kannski fleiri túra og hver vissi nema ég yrði fastur sumarafleysingamaður, kæmist í fast pláss. Gott ef ég fór ekki að hugsa um að fjárfesta í litilli íbúð fyrir alla peningana.

Út var haldið á miðnætti og stefnt í áttina til Grænlands, á grálúðumid. Þegar á miðin var komið var ég mættur á fyrstu alvöru vaktina tilbúinn í slaginn. Og það gekk allt ágætlega, mér fannst mér takast vel upp í þeim verkum sem mér var úthlutað og ég var ekkert minna sjóaralegur en hinir. Þangað til einn þeirra sjövönu



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Sjómennska

*Þá helltist yfir mig sjóveiki, alveg hræðileg sjóveiki. Og þá gerði ég mistök. Í stað þess að fara og borða, sem hefði kannski bjargað mér, þá ákvað ég að fara niður í káetu og sjá hvort þetta rjätlaðist ekki af mér.*

sagði, „eigum við ekki að fá okkur að borða“. Þá helltist yfir mig sjóveiki, alveg hræðileg sjóveiki. Og þá gerði ég mistök. Í stað þess að fara og borða, sem hefði kannski bjargað mér, þá ákvað ég að fara niður í káetu og sjá hvort þetta rjätlaðist ekki af mér. Við tóku tveir ömurlegustu sólarhringar sem ég hafði lifað. Eg man þetta meira og minna í móðu. Eg reyndi að koma mér í vinnu því ég skammaðist mín fyrir vesaldómin. Minnst þess að hafa legið flatur á gólfinu í stakka-geymslunni þar sem mér hafði tekist að klæða mig í sjóbuxurnar og var að brasa liggjandi við að koma mér í stakkinn. Stýrimaðurinn stóð og horfði forviða á aðfarirnar. Spurði síðan þegar hlé varð á, hvað ég hefði hugsað mér að gera næst eftir að ég væri búinn að koma mér í stakkinn, hvort ég hefði í alvörunni að ég gæti unnið svona á mig kominn. Eg held ég hefði stokkið útbyrðis ef ég hefði haft til þess kraft á þeirri stundu. En svo fór þetta að

skána, reyndar mjög hægt. Eg gat komið mér niður í lest og byrjað að moka ís í kassana, flaug hundrað sinnum á hausinn og naut mín satt best að segja engan veginn. En ég var þó byrjaður að vinna. Á næstu frívakt notaði ég tækifærið og lagðist í trolldræsu sem lá á hvalbaknum. Þar lá ég og naut þess að finna líf fyrst í mig. Allt um kring á slóðinni voru aðrir togarar á grálúðuveiðum.

Sjómenn þar um borð veittu því athygli að það lá þarna maður sem dauður væri. Skipstjórnarnir byrjuðu að kalla í skipstjórnann okkar og hann spurður hvað þessi maður ætti að fyrirstilla þarna á hvalbaknum. Grétar skipstjóri var ekki þeirrar gerðar að hann sætti sig við háðsglósúr vegna þess að hann væri með sjóveikan skólastrák um borð. Hann sneri því vörn í sókn og sagði kollegunum að maðurinn á hvalbaknum væri landsþekktur fuglafræðingur frá Reykjavík sem væri við rannsóknir. Gyllir hafði verið sérstaklega valinn til að taka þennan merka fræðimann með í þessar mikilvægu rannsóknir sem myndi nýtast öllum togaraflotanum við grálúðuveiðar í framtíðinni. Enn einu sinni bar Grétar skipstjóri af öðrum skipstjórum á svæðinu. Eg rölti mér upp í brú þegar ég hafði legið nægju mína. Grétar skipstjóri tók á móti mér og spurði mig hvort ég hefði eitthvað vit á fuglum. Mér fannst þetta skritin spurning en svaraði því til að ég þekkti hrafna frá öðrum fuglum, lengra næði það nú ekki. Það var síðan fullur skilningur á því milli mín og skipstjórans að kraftur mínir nýttust betur í frystihúsinu en á togaranum. Eg er þó þeirri reynslu ríkarí að sjómenn, þrátt fyrir hrjúft yfirborð, eru góðir vinir í raun og ég vona að ég njóti stuðnings sjómanna hér í Reykjavík, þrátt fyrir fremur stuttan sjómennskuferill.

## Árangurslaus peningastefna

Umræðan | Peningamálastefnan

Margt bendir til að samfelldri hrinu stýrivaxtahækkana frá 10. maí 2004 sé lokið. Á þeim tíma hefur Seðlabankinn hækkað vexti 16 sinnum úr 5,3% í 14% í baráttu við að ná verðbólguþolmiðinu sínu. Þrátt fyrir harkalegar aðgerðir í peningamálum erum við víðsfjarri markmiði um 2,5% verðbólgu sem flestir telja að sé ein af forsendum hagsældar. Í þessu ljósi er eðlilegt að spyrja hvort framkvæmd peningastefnunnar síðustu ár hafi skilað til-ætludum árangri?

Enginn vafi er á því að peningastefnan virkar og hefur áhrif á efnahagslífið en það er hins vegar álitamál hvort hún gerir gagn í ljósi hárrar verðbólgu. Fyrr en síðar munu ofurvextir á Íslandi kynja niður verðbólgu. Ólíklegt er að það gerist áfallalaust. Erlendir fjármagnseigendur hafa, ólíkt mörgum öðrum, haft mikið gagn af íslensku peningastefnunni. Þeir hafa fært mikið fé inn í hagkerfið, ekki til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi heldur til að hirða vaxtamuninn. Og hvað gerist þegar Seðlabankinn slakar á peningastefnunni og byrjar að



BJARNI MÁR GYLFASON

lækka vexti? Fyrstir til að flýja land verða hinir erlendu fjármagnseigendur. Gengislækkun krónunnar er þá óhjákvæmileg og verðbólguþolmið fylgir yfirleitt í kjölfarið. Þannig getur harkaleg peningastefna, sem þyrstir m.a. upp gengi krónunnar, leitt til verðbólguþolmiðs þegar gengið fellur aftur andstætt markmiðum Seðlabankans.

Einn stærsti gallinn við núverandi framkvæmd peningastefnunnar er tíma- setning vaxtabreytinga. Yfirleitt er talið þær taki 12-18 mánuði að ná fram fullum áhrifum. Flest bendir til að verulega verði tekið að hægja á efnahagslífinu eftir 1 ár. Þá er óheppilegt að fá fram full stýrivaxtaáhrif. Fullur þungi í peningastefnunni er einfaldlega of seint á ferðinni.

Seðlabankanum er vandi á höndum. Engin augljós lausn er á vandanum þó svo að vaxtalækkun sé líklega skásti kosturinn við núverandi aðstæður. Til framtíðar er heppilegast væri að leggja sjálfstæða peningastefnu til hliðar. Reynslan sýnir að hún skilar ekki árangri.

Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

# ÞÚ LÉTTIST UM KÍLÓ Á VIKU!



Einfaldara getur það ekki verið!

Byrjaðu strax í dag og kjörþyngd þín er handan við hornið.

## Hættu í megrun og lifðu lífinu til fulls!

Hefurðu fengið nóg af hefðbundnum megrunarkúrum? Koma aukakílóin alltaf aftur? Í bókinni **Þú léttist án þess að fara í megrun!** er kynnt ný og byltingarkennd leið til að léttast til frambúðar – án þess að nokkuð sé minnst á mat eða líkamsrækt!

**Megrunarfæðið heyrir sögunni til**

**Þú hættir að telja kalóriurnar**

**Þú hættir að fá í magann af kolvetnasnauðu fæði**

**Þú hættir að þurfa að vigta allt sem þú lætur ofan í þig**

**Þú hættir að fara í hefðbundna megrun (og fitna aftur)**

**Í staðinn lifirðu lífinu til fulls og nýtur þess að vera til**

**Og þú léttist til frambúðar!**

★★★★★ - amazon.co.uk

  
Veröld  
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450  
www.verold.is • verold@verold.is

## Námsefnisgerð fyrir grunnskóla

### Umræðan

Viðbrögð við grein Illuga Gunnarssonar

Illugi Gunnarsson ritaði grein í Fréttablaðið sunnudaginn 17.9. þar sem hann fjallaði um grunnskólann og hvernig megi gera hann betri. Það er alltaf gleðiefni þegar einhver tekur sig til og skrifar um mikilvægi góðrar menntunar, bæði fyrir börnin og fyrir samfélagið í heild. Það er sérstaklega mikilvægt að einstaka snum heyrir raddir annarra en þeirra sem starfa innan skólakerfisins eða í nánnum tengslum við það. Illugi fjallar m.a. um mikilvægi góðs námsefnis og það er sá þáttur í grein hans sem mig langar að bregðast við með nokkrum orðum. Hann segir mér til mikillar ánægju „námsgögn eru augljóslega lykilþáttur alls skólustarfs“. Um það erum við vissulega sammála og því er að mínu mati afar mikilvægt að vandað sé til námsefnisútgáfu fyrir börn í skyldunámi. Náms-efni þarf að gefa út hjá bókaforlagi sem vandar til verka og leggur metnað sinn í að efnið sé í samræmi við námskrár, málfar sé vandað og stafsetning rétt, efnið gefi réttar upplýsingar, sé fordómalaust, falllegt og áhugavekjandi.

Það er langt ferli að breyta handriti að kennslubók í útgefið efni. Það þarf styrka ritstjórn þar sem séð er til þess að öll ofangreind atriði séu eins og best verður á kosið. Til þess að tryggja þetta eru fengnir sérfræðingar á viðkomandi sviði til að lesa yfir textann og sannreyna að allt sé þar satt og rétt. Síðan fara sérfræðingar í íslensku yfir málfar og stafsetningu, þá eru það reyndir kennarar sem skoða hvort framsetning og kennslufræði séu við hæfi barna á þessu aldursstigi. Loks þarf myndlistarfólk til að myndskreyta eða teikna skýringarmyndir, nú eða ljósmyndara til að útvega nauðsynlegar myndir í efnið. Svo þarf auðvitað útlitshönnuð og umbrotsfólk áður en kemur að prentun eða birtingu á neti.

Heldur finnst mér Illugi gera lítið úr öllu þessu starfi þegar hann talar um að kennarar geti sjálfir búið til námsgögn og selt þau til annarra skóla. Það hljómar eins og þeir geti setið við tölvuna sína og samið texta, náð sér í myndir, prentað út, heft saman og selt til hinna skólanna. Hann stingur upp á því að hugvit kennara sé virkjað í námsefnisgerð. Það er



INGIBJÖRG  
ÁSGEIRSDÓTTIR

að sjálfsgöðu gert og það í stórum stíl. Ég vona að Illugi haldi ekki að starfsfólk Námsgagnastofnunar sitji á skrifstofum sínum og semji námsefni. Svo er ekki. Nánast allir höfundar námsefnis hjá Námsgagnastofnun eru kennarar og þannig hefur það alltaf verið. Á hverju ári eru ráðnir yfir hundrað verktakar til að vinna að námsefnisgerð fyrir skyldunámið, þar á meðal eru tugir kennara.

Illugi segir í grein sinni að ef skóli er ekki ánægður með það efni sem Námsgagnastofnun hefur á boðstólum eigi hann ekki annarra kosta völ en að taka af rekstrarfé til að kaupa annað náms-efni. Í raun er það svo að hluta af fjárveitingu Námsgagnastofnunar er varið til kaupa á námsefni sem stofnunin gefur ekki út sjálf. Skólarnir hafa svokallaðan sérkvóta sem þeir geta ráðstafað til kaupa á efni sem þeir velja sjálfir að fá annars staðar frá. Það getur verið frá öðrum útgefendum, kennurum, skólum eða öðrum sem hafa námsefni í boði. Námsgagnastofnun veitir skólunum þá þjónustu að panta efnið, borga fyrir það og senda síðan endurgjaldslaut til skólanna. Þessi upphæð mætti vissulega vera hærrí, en hún er ákveðið hlutfall af fjárveitingu stofnunarinnar og fylgir því hækkunum og lækkunum sem verða á fjárveitingum til námsefnisgerðar. Staðreyndin er þó sú að margir skólar fullnýta ekki þennan sérkvóta sinn og bendir það til þess að ekki hafi þeir allir þörf fyrir þetta aukna svigrúm.

Þeir eru til sem eins og Illugi trú á því að hér á Íslandi gæti orðið samkeppni á námsefnismarkaði sem telur rúmlega fjögur þúsund nemendur í árgangi. Úrvalið yrði meira og samkeppnin myndi tryggja lágt verð á námsbókum. En hér eru miklu stærri svið, eins og t.d. matvælamarkaðurinn þar sem verð er mun hærra en í nágrannalöndunum og ekki er um neina raunverulega samkeppni að ræða. Af hverju halda menn þá að samkeppni sem tryggði lágt vöruverð og mikil gæði yrði á ofurlitlum náms-efnismarkaði?

Ég tek að lokum heilshugar undir það sjónarmið að ríkið þurfi að auka það fé sem rennur til námsefnis fyrir grunnskóla og að hækka þurfi laun kennara. Hvort tveggja er mikilvægur liður í því að bæta skólana svo þeir verði meðal þeirra bestu í heimi.

Höfundur er forstjóri Námsgagnastofnunar.

## Hilmar Örn áfram í Skálholti!

### Umræðan

Skálholtsdeilan

Ég og fjölskylda mín fluttum í Biskupstungur vorið 1983. Þá státuðu Tungnamenn af því að vera miklir söngmenn. Þrátt fyrir það var tónlistarlíf í sveitinni mjög bágborið, kórastarf lítið sem ekkert og söngmenntun barna engin. Grunnskólinn hafði engan tónlistarkennara og nemendur nutu ekki tónlistarmenntunar.

Hilmar Örn Agnarsson var ráðinn í starf organista Skálholtskirkju, Torfastaðakirkju, Bræðratungukirkju og Haukadalaskirkju fyrir 15 árum. Ráðning hans olli straumhvörfum. Tónlistarnám barnanna okkar hófst og varð öflugt. Safnaðar meðlimir nutu þess að hlusta á börnin í helgiathöfnum í Skálholti. Barnakór Biskupstungna var stofnaður og þjónaði kirkjunum, skólanum og samfélaginu öllu auk þess sem kórin hélt tónleika víða. Barnakórinn hefur alla tíð verið uppeldisstöð barna í tónlist og kristilegu hugarfari og Hilmar Örn á mestan heiðurinn af því starfi.

Stofnun barnakórsins varð til þess að Skálholt naut fljótlega heimsókna annarra barnakóra. Ég minnst m.a. Barnakór Kársnesskóla auk margra annarra kóra. Þórunn stjórnandi hans kom oft með börnin sín í Skálholt. Reynsla hennar af kóra- og



DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR

sönguppeldi barna var, og er enn, einstök og kom að góðum notum. Okkar börn nutu þess að kynnast nýjum félögum, æfa með þeim söng og halda sameiginlega tónleika. Hilmar Örn stuðlaði að því að börnin tóku þátt í tónleikum vítt og breitt um landið, og börnin í Biskupstungum fengu mikið tónlistarlegt og

kirkjulegt uppeldi hjá honum, auk þess sem félagsþroski þeirra eflidist mjög. Starf hans með börnunum er ómetanlegt og verður aldrei að fullu þakkað.

Það fyrnist fljótt yfir fortíðina en það eru aðeins fimmtán ár síðan að engin tónlistariðkun var hér í Biskupstungunum, hvorki í skóla né í kirkjunum. Fagur tónlistarflutningur barnanna eykur svo sannarlega kirkjusókn. Við höfum reynslu af því.

Þegar ég kom í Biskupstungurnar, var Skálholt í mjög litlum tengslum við samfélagið. Skálholtsstaður var einangraður frá þeim sem bjuggu í sveitinni og menn sáu ekki leiðir til að breyta því. Staða Skálholts út á við var að mínu mati veik, staðurinn virtist hálf munaðarlaus. Ráðning organistans og mannsins Hilmars Arnar olli straumhvörfum. Tengsl íbúa við Skálholt efldust mjög vegna hins mikla kórastarfs sem fór af stað í Skálholti. Samband Skálholts við okkur íbúana í uppsveitunum varð einlægara og nánara, og nú bera allir hag Skálholts fyrir



# KIA

## Frábær kaup

[www.kia.is](http://www.kia.is)

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.



KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

# Lífsstíll og slys ungra ökumanna

## Umræðan

Áhættuhegðun í umferðinni

Aksturshættir ungra ökumanna eru ofarlega í huga þeirra sem sinna umferðaröryggismálum. Hlutfall ungs fólks á aldrinum 17-24 ára er 32% þeirra sem slasast eða látast á ári hverju í umferðinni hér á landi. Langflest alvarleg umferðarslys má rekja til mistaka ökumanns eða vísvitandi rangrar hegðunar undir stýri. Að mati Rannsóknarnefndar umferðarslysa er mjög brýnt að rannsakað verði hvaða leiðir eru líklegastar til árangurs gegn alvarlegum umferðarslysum þar sem ungir ökumenn eiga hlut að máli. Yfirstjórn umferðaröryggismála hefur tekið í sama streng.

Rannsóknir hafa gefið vísbendingu um að áhættuhegðun fylgi lífsstíll þeirra einstaklinga sem gerast sekir um alvarleg umferðarlagabrot. Brot eins og ölvunarakstur, hraðakstur, ofsaakstur, að nota ekki bílbelti, leyfa sér kappakstur í umferðinni, aka of nálægt næsta bíl á undan o.fl. Fá oft sektir vegna umferðarlagabrot. Getum við eftir rannsóknir á áhættuhegðun í tengslum við lífsstíl einstaklinga sem orsök alvarlegra umferðarslysa og með því forvarnir? Getum við leiðbeint ungu fólki betur um orsakir og afleiðingar alvarlegra umferðarslysa?

## Áhættuhegðun

Rannsóknarnefnd umferðarslysa lét kanna aksturshætti ungra ökumanna sérstaklega árið 2003 og var niðurstaða þeirrar könnunar birt í ársskýrslu nefndarinnar 2004. Kom m.a. fram að aðstæður og lífsstíll ungmenna spái allsterkt fyrir um áhættuhegðun í umferðinni, að félagslegt umhverfi ungmenna hafi veruleg áhrif á akstursvenjur þeirra. Gott fjölskyldulíf og góð líðan ungs fólks í skóla dragi úr líkum á áhættuhegðun þess í umferðinni. Mikil samvera ungmenna með jafningjahópi sínum og lífsstíll sem einkennist af skemmtunum auki á hinn bóginn líkurnar á áhættuhegðun. Erlendar

kannir hafa leitt líkur að því að það hefði mátt greina áhættueinkenni hjá einstaklingum allt að tveimur árum fyrir umferðarslys, sem þeir voru valdir að. Jafnvel að slík einkenni væru greinanleg hjá einstaklingum áður en þeir ná 17 ára aldri, en ökuleyfi er bundið við þann aldur. Sérstakur áhættuhópur væru m.a. einstaklingar sem stunda ekki íþróttir, drekka oft áfengi, fara hratt yfir og víða og hafa mjög mikinn áhuga á bílum. Ekki er víst að þessar niðurstöður séu algild sannindi, en það er vert að skoða þær nánar. Ef það er mögulegt að skilgreina sérstaka áhættuhópa meðal ungs fólks sem líklegar orsakir slysa í umferðinni út frá lífsstíll þeirra væri með sama hætti mögulegt að skilgreina markhópa og hvernig haga megi forvörnum gagnvart þeim. Mögulega þannig að skapa mætti skilyrði þar sem sérstakur áhættuhópur leitaði sjálfur leiða til að breyta háttsemi sinni til betri vegar. Jafningjafraðsla gæti þar



ÁSDÍS J. RAFNAR

## Leiðsögn - upplýsingar

Rannsóknarnefndin telur æskilegt að efla rannsóknir á orsökum áhættuhegðunar og skoða forvarnir á grundvelli þeirra. Skólarnir í landinu gætu haft hlutverki að gegna um slíkar rannsóknir sem og einkaaðilar, eins og tryggingafélögin sem gegna vel hlutverki sínu í forvarnarmálum.

Í kjölfar nýrra laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa er fjallað um einstök banaslys í skýrslum nefndarinnar sem eru birtar í forvarnarskýningu á vefsíðu hennar og er það breytt framkvæmd. Hefur nefndin hvatt til þess að skólar nýti skýrslur nefndarinnar í rannsóknar- og verkefnavinnu nemenda ásamt öðrum skýrslum sem gefnar eru út um umferðaröryggismál. Gæti slík vinna nemenda með upplýsingar, tölfraði, heimildavinnu, rannsóknir og fyrirlestra haft forvarnargildi gegn alvarlegum umferðarslysum.

Í námsefni skólanna, t.d. í eðlisfræði og líffræði, mætti að auki fjalla um orsakir umferðarslysa, um þá gífurlegu krafta sem losna úr læðingi við árekstur bifreiða á mismunandi hraða, útafakstur bifreiða við mismunandi umhverfisáðstæður, íslenska vegi, sem eru misjafnir að gæðum, slit á vegum, þol mannlíkamans, áverka, nauðsyn bílbeltanotkunar og atvik önnur sem greint er frá í skýrslum nefndarinnar.

Ungt fólk er vant myndefni í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og tölvum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að vanda til fræðsluefnis á þessum vettvangi með bestu mögulegri nútímataekni. Verkefnið er umfangsmikið og einkaaðilar með fjölþætta reynslu, þekkingu og fjármuni þurfa að koma að því ekki síður en opinberir aðilar.

Höfundur er hrl. og formaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Skálholtsstaður var einangraður frá þeim sem bjuggu í sveitinni og menn sáu ekki leiðir til að breyta því.

brjósti, þökk sé m.a. ráðningu Hilmars Arnar fyrir fimmtán árum.

Síðan hafa ýmsar aðrar góðar breytingar verið gerðar í Skálholti. Núverandi vígslubiskup kom í Skálholt fyrir einum átta árum og Skálholtsskóli hefur styrkst mjög. Menn hafa haft áhuga á að gera Skálholti enn hærra undir höfði og styrkja staðinn enn frekar. Því ber að fagna. En þarf að segja Hilmar Ernri upp þótt breyta eigi skipulagi? Við sem þekkjum Hilmar höldum að hann geti mjög vel tekið þátt í eflingu staðarins og því er óskiljanlegt að það þurfi að byrja á að segja honum upp. Hilmar Örn er einstakur maður og við sem þekkjum til starfa hans og nærveru óskum eftir að fá að njóta hans áfram. Við óskum líka eftir að fá að njóta Skálholts áfram.

Ég vona að kristileg sjónarmið og velvild í garð Hilmars, samstarfsfólks hans, samfélagsins og Skálholts verði til þess að uppsögnin verði dregin til baka. Samhygd og sátt þarf að ríkja um Skálholtsstað. Látum boðskap Guðs um kærleika, sátt og samlyndi vera leiðarljós okkar allra.

Höfundur býr að Torfastöðum í Biskupstungum.

*Gott fjölskyldulíf og góð líðan ungs fólks í skóla dragi úr líkum á áhættuhegðun þess í umferðinni. Mikil samvera ungmenna með jafningjahópi sínum og lífsstíll sem einkennist af skemmtunum auki á hinn bóginn líkurnar á áhættuhegðun.*

komið við sögu meðal annarra úrræða, þar sem leitað yrði svara við spurningum eins og þeirri: Hvað framkallar vísitandi ranga hegðun hjá ökumanni á vegum úti, sem veit fullvel að slíkt er hættulegt honum sjálfum og ekki síður öðrum vegfarendum?

★★★★★  
**Sorento**  
í betri jeppa

## Við kynnum nýjan KIA Sorento

– aflmeiri, betur búinn og enn glæsilegri. Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn næstmest seldi jeppi landsins. Líklega langbestu jeppakaupin í dag.

Komdu og sjáðu glæsilegri Sorento á enn betra verði. Sjón er sögu ríkari.

**KIA Sorento** með aflmeiri og hljóðlátari 170 hestafla dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu.

**Verð kr. 3.675.000**

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

**KIA** KIA MOTORS  
The Power to Surprise™

ÞETTA GERÐIST: 24. SEPTEMBER 622

## Spámaðurinn kemur til Meðína

Á þessum degi árið 622 kom Múhameð spámaður til borgarinnar Meðína, en fyrr um sumarið hafði hann flúið frá Mekka. Hegira, eins og flóttinn er nefndur upp á latínu, var síðar látinn marka upphafsár íslamska dagatalsins.

Múhameð spámaður fæddist um árið 570. Hálfritugur kvæntist hann auðugri ekkju og gerðist kaupmaður. Árið 610 er Gabriel erkiengill sagður hafa birst honum og tjáð honum að hann væri sendiboði guðs. Eftir það einkenndist ævi hans af opinberunum sem síðar var safnað í Kóraninn, trúarit múslima. Múhameð boðaði eingyðistrú sem kölluð var islam og merkir að gefa sig Guði á vald. Múslimi er sá sem það



hefur gert. Hann predikaði gegn ríkum kaupmönnum, sem hann taldi siðlausu og gráðuga og fordæmdu fjölgjöldistru og skurðgoðadýrkun. Frændi hans var höfðingi ættbálksins sem Múhameð tilheyrði og hélt verndarhendi yfir honum, en þegar hann féll frá hófust ófsóknir gegn honum og fylgismönnum hans, sem

fór fjölgandi. Sumarið 622 stóð til að ráða Múhameð af dögum og flúði hann þá til Mekka og kom þangað á þessum degi sama ár. Þar byggði hann upp veldi sitt og átta árum síðar var hann orðinn öflugasti höfðingi Arabíu og lagði Mekka undir sig. Hann lést árið 632 er veldi hans var rétt að byrja að breiða úr sér.

## MERKISATBURÐIR

- 1621 Fyrsta dagblað Englands er prentað.
- 1963 Mjólkurvörur hækka í verði um fjórðung og daginn eftir hækkar kjöt um þriðjung.
- 1966 Menntaskólinn við Hamrahlíð er settur í fyrsta sinn. Fastráðnir kennarar voru sex.
- 1968 Fyrsta skurðaðgerðin er gerð á Borgarspítala í Fossvogi.
- 1975 Fyrstu Bretarnir komast á topp Everest.
- 1988 Ben Johnson sigur í hundrað metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Seoul.
- 1993 Samtök iðnaðarins eru stofnuð í Reykjavík.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

†

Kæru ættingjar, vinir og samstarfsfólk. Samúð ykkar, bænir og þátttaka í sorg okkar vegna fráfalls elskaðs sonar okkar, bróður, frænda og barnabarns,

**Sigurðar Rúnars Þórissonar** hefur verið ómetanleg.

Við fáum aldrei fullpakkað en biðjum Guð að blessa ykkur og launa. Sérstakar þakkir til vinahópsins fyrir ómetanlegan stuðning.

Þórir Rúnar Jónsson Kristín Sæunn Pjetursdóttir  
Guðmunda S. Þórisdóttir Sigvaldi E. Eggertsson  
Þóra G. Þórisdóttir Sævar Þ. Guðmundsson  
Valgerður G. Þórisdóttir Gisler Alex Gisler  
Þórir Kr. Þórisson Karen Martensdóttir  
Sigrún Magnúsdóttir  
Rakel E. Sævarsdóttir  
Þórir H. Sigvaldason  
Marten B. Þórisson  
Róbert Th. Gisler  
Þóra Gunnarsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýju og vottuðu virðingu við fráfall

**Árna Stefáns Árnasonar**

Kristín Þóra Kristjánsdóttir, börn og aðrir aðstandendur.

†

Systir mín,

**Kristín Eggertsdóttir** frá Haukagili í Vatnsdal,

lést 11. september sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Svava Eggertsdóttir.

†

Hjartans þakkir til ykkar allra sem studdu okkur í veikindum og sýndu okkur samúð og virðingu vegna andláts og útfarar okkar elskada

**Inga Rúnars Ellertssonar** Skipstjóra frá Eystri-Reyni, Innri-Akraneshreppi.

Sérstakar þakkir viljum við færa Magnúsi Hafsteinssyni og Hrafnhildi Sverrisdóttur, starfsfólki Líknardeildar LHS Kópavogi og starfsfólki 11E LHS, starfsfólki neyðarþjónustu Mastercard, Gloria Casa á Spáni og Birki Kristnissyni. Guð blessi ykkur öll. Fyrir hönd aðstandenda

Fjola Sigurðardóttir  
Marteinn Jón Ingason  
Kristín, Aðalsteinn, Guðjón, Angela og Agnes.

ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON: FERTUGSAFMÆLI MEÐ STÆL

## Fer gleraugnalaus á Kilimanjaro

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, er fertugur í dag. Hann segir aldurrinn leggjast vel í sig og ætlar sér að sanna það svo eftir verði tekið að fertugum sé allt fært.

„Mér hefur aldrei liðið betur og mér finnst ég vera á besta aldri og til þess að innsigla það hef ég sett mér það krefjandi markmið að klífa á tind Kilimanjaro á næsta ári og sanna það um leið að allt sé fertugum fært.“

Andri segist síður en svo vera mikill fjallgöngugarpur en það geri viðfangsefnið enn skemmtilegra. „Ég er ekki í neitt sérstakri þjálfun og er enginn sérstakur úti-vistarkarl fyrir utan golfið og skíðin en ég ætla að skora á vini og samstarfsfélaga að koma með mér í þennan leiðangur og fer í markvissa þjálfun áður en ég legg af stað á næsta ári.“

Andri segist vera annál-aður gleðimaður og hann hafi því óhjákvæmilega þurft að slá upp stórveislu og vinir, ættingjar og kunningjar hans gátu sótt gull í greipar afmælisbarnsins í gær þegar Andri bauð upp á afurðir Ölgerðarinnar í heilmiklu teiti á Domo,



ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON Fékk fulla sjón í afmælisgjöf frá eiginkonunni og mun því klífa fjallið Kilimanjaro án gleraugna.

óopnuðum veitingastað Kormáks og Skjalda. „Egils gull var að sjálfsögðu í öndvegi en það má segja að þetta hafi verið prufukeyrsla á staðnum,“ segir Andri, sem fékk Bogomil Font til þess að syngja fyrir veislugesti.

Afmælisdagurinn hefur frá því í bernsku verið Andra hugleikinn. „Mér þykir alltaf vöðalega vænt um þennan dag og þykir gott að gera mér dagamun,“

segir Andri sem hefur breyst mikið eftir að hann fékk fertugsafmælisgjöfina frá eiginkonu sinni.

„Konan mín gaf mér augnaðgerð í afmælisgjöf þannig að ég hef fengið fulla sjón. Ég fékk gleraugu þegar ég var sex ára og hef ekki gengið um gleraugnalaus síðan,“ segir Andri Þór sem ætlar að klífa Kilimanjaro á næsta ári, fertugur og gleraugnalaus.

thorarinn@frettabladid.is

## AFMÆLI



Garðar Cortes óperusöngvari er 66 ára.



Inga Jóna Þórðardóttir, formaður Leikfélags Reykjavíkur, er 55 ára.



Björg Thorarensen lagaprófessor er 40 ára.



Ólafur Kjartan Sigurðarson söngvari er 38 ára.

Guðrún Arnardóttir frjálsháttakona er 35 ára.

## FÆDDUST PENNAN DAG

1821 Cyprian K. Norwid listmálari og skáld.



1859 Julius Klengel tónskáld.

1896 F. Scott Fitzgerald rithöfundur.

1911 Konstantín Tsérnenkó, leiðtogi Sovétríkjanna.

70 ára afmæli

sunnudaginn 24. sept. '06

**Pétur Þ. Sveinsson**

Furugrund 56, Kópavogi  
Í tilefni dagsins munu hann og eiginkona hans, Dolly Nielsen, dvelja á Hótel Golden Tulip Nieuwezijds Kolk 19 Amsterdam 1012 PV Hollandi

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosak.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



STYRKURINN AFHENTUR Ólafur Helgi afhendir Gerði og Friðrik styrkinn.

## Vegleg afmælisgjöf

Fjármögnunarfyrirtækið Lýsing hélt veglega upp á tuttugu ára afmæli sitt á dögnum og bauð starfsmönnum og viðskiptavinum til afmælisfagnaðar í nýju Laugardalshöllinni. Í gegnum árin hefur Lýsing styrkt ýms hjálparamtök, þar á meðal Landssamtökin Þroskahjálpar. Í tilefni þessara tímamóta ákvað Lýsing að styrkja Þroskahjálpar enn meira með tveggja milljóna króna framlagi.

Leiðir Lýsingar og Þroskahjálpar lágu fyrst saman árið 1987 þegar félög-in deildu húsnæði saman við

Suðurlandsbraut. Þroskahjálpar flutti starfsemi sína árið 2004 og seldi Lýsingu húsnæðið. Þá gerði Lýsing styrktarsamning við félagið til fjögurra ára um 500 þúsund króna styrk á hvert.

Ólafur Helgi Ólafsson, framkvæmdastjóri Lýsingar, afhenti Gerði A. Arnardóttur og Friðrik Sigurðssyni hjá Þroskahjálpar styrkinn og sagði við það tækifæri að málefni fatlaðra væru málefni samfélagsins alls og að nauðsynlegt væri að fatlaðir nyttu í hvívetna sömu réttinda og aðstöðu og ófatlaðir.

# Mexíkó dagar

frábær stemmning

þú sparar  
81 kr/pk



**45%**

afslátturviðkassa

Verð nú 98 kr/pk  
Verð áður 179 kr/pk

Coop wrap tortilla

þú sparar  
80 kr/pk



**40%**

afslátturviðkassa

Verð nú 119 kr/pk  
Verð áður 199 kr/pk

Coop Taco skeljar

þú sparar  
38 kr/pk



**40%**

afslátturviðkassa

Verð nú 57 kr/pk  
Verð áður 95 kr/pk

Coop Taco spice mix eða Guacamole mix

þú sparar  
81 kr/stk



**45%**

afslátturviðkassa

Verð nú 98 kr/stk  
Verð áður 179 kr/stk

Coop Chunky salsa hot og medium

þú sparar  
56 kr/stk



**40%**

afslátturviðkassa

Verð nú 83 kr/stk  
Verð áður 139 kr/stk

Coop Taco sósa, mild, medium og hot

þú sparar  
64 kr/pk



**40%**

afslátturviðkassa

Verð nú 95 kr/pk  
Verð áður 159 kr/pk

Coop Tortilla snack

þú sparar  
80 kr/stk



**40%**

afslátturviðkassa

Verð nú 119 kr/stk  
Verð áður 199 kr/stk

Coop Jalapeno

þú sparar  
65 kr/stk



**50%**

afslátturviðkassa

Verð nú 65 kr/stk  
Verð áður 129 kr/stk

Coop chilli sósa

þú sparar  
65 kr/stk



**50%**

afslátturviðkassa

Verð nú 65 kr/stk  
Verð áður 129 kr/stk

Coop nýrnabaurir

þú sparar  
40 kr/stk



**51%**

afslátturviðkassa

Verð nú 39 kr/stk  
Verð áður 79 kr/stk

Coop hakkaðir tómatar með hvítlaukeða með lauk

þú sparar  
35 kr/stk



**50%**

afslátturviðkassa

Verð nú 35 kr/stk  
Verð áður 69 kr/stk

Coop heilir tómatar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími til 24. september eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

# Organisti og rokkari Guðni til dýrðar



„Þetta verður ekki súrara. En við erum sem betur fer í tónlist og það bjargar okkur,“ segir **Hilmar Örn Agnarsson**, organisti í Skálholti. Hann fékk nýverið uppsagnarbréf frá Sigurði Sigurðssyni, vígslubiskupi Skálholtsstiftis, og stjórn Skálholts eftir fimmtán ára gifturíkt starf í sókninni. Algert áfall fyrir Hilmar og fjölskyldu hans eins og *Jakob Bjarnar Grétarsson* komst að í viðtali við organistann og Peysarann sem á sér býsna forvitnilega sögu.

Mér finnst Skálholt vera eins og í álogum. Ég fann þetta strax frá fyrstu tíð. Hér hafa orðið miklir viðburðir. Aumingja Ragnheiður biskupsdóttir þurfti að sverja eitthvað á sig henni til niðurlægingar frammi fyrir fullri kirkju. Hér fór prestur í poka og hausar fuku. Þetta er mikill sögu- staður, mikil saga, og mér finnst sem Skálholt sé í álogum. Við verðum að finna lausnina. Álagablettinn. Í Grímsævintýrum var gulleplið undir rótum stóru eikarinnar. Þegar það fannst féll allt í ljúfa löð. Við verðum að finna þetta eitthvað. Kannski er hausinn á Jóni Arasyni hér einhvers staðar í óvígðri jörð. Kannski er þetta eitthvert orð sem vantar. Kærleikur? Kannski að það sé lausnarorðið? Ef við opnum fyrir kærleikann þá kannski hrindum við álogunum?“ segir Hilmar Örn Agnarsson, organisti í Skálholti.

#### Fólkið er kirkjan

Hilmar Örn var í fréttum í vikunni. Honum var sagt upp störfum fyrirvaralaust og kom það flatt upp á margan manninn því tónlistarlíf í Skálholti hefur staðið með miklum blóma undanfarnin ár. Fjöldi þekktra tónlistarmanna á

borð við Megas og Diddú hefur lýst yfir furðu sinni vegna uppsagnarinnar en Hilmar hefur auðgað tónlistarlífið, ekki einungis í kirkjunni, heldur í sókninni allri, með því að stofna til ýmissa kóra og standa fyrir tónlistaruppákomum sem hafa komið Skálholti á kortið sem einu helsta vígi tónlistar á Íslandi. Þar sem brotin eru mörk milli þess sem telst til klassíkur og svo alþýðutónlistar. Hilmar Örn sjálfur er hógvæð þegar afrek hans ber á góma. Hann sér þetta í víðara samhengi.

„Uppeldis- og skólamála eru ekki bara reikningur og lestur heldur hreyfing, tónlist, dans og leiklist. Sama er með kirkjuna. Við verðum að sjá kristindóminn í víðara samhengi. Kristur gekk meðal allra. Á akrinum. Meðal þeirra óhreinustu. Fólkið er kirkjan. Að vinna með fólkinu er kristindómurinn. Á öllum tímum alla daga. Þetta verða kirkjunnar menn að heyra,“ segir Hilmar Örn.

#### Mikið áfall og viðtæk áhrif

Hilmar Örn segir uppsögnina áfall fyrir sig og fjölskylduna alla. Kona hans er Hólmsfríður Bjarnadóttir og saman eiga þau þrjá syni: Georg Kára, Andra Frey og

Gabriel Daða sem er tíu ára. „Það verður slæmt fyrir hann að hætta í Reykholtskóla nú á miðju skólaári.“

Og áfallið er ekki bundið við Hilmar Örn einn heldur kemur það við fjölda manns sem Hilmar Örn hefur starfað með en hann hefur á sinni hendi kirkjukór, þrjá barnakóra, Kammerkór Suðurlands og ýmsa tónlistarhópa auk þess sem hann hefur gengist fyrir ýmsum tónlistarviðburðum í sókninni sem skipað hafa sér sess.

„Já, hlutverk mitt í sveitinni er stórt varðandi allt tónlistarhald, allar athafnir og ýmsa atburði. Þetta tengist víða.“

Ekkert hefur vantað upp á að Hilmar Örn hafi fundið fyrir stuðningi og hefur verið láttlaust verið hringt í hann undanfarna daga. Og honum borist skeyti.

„Við finnum fyrir stuðningi úr öllum áttum. Meira að segja frá prestum sem skilja þetta ekki. Organistafélagið hefur staðið sig vel og verið í stöðugu sambandi. Þar spyrja menn: Er þetta eitthvað sem organistar geta átt yfir höfði sér?“

Spurður hvort verið geti að klerkar beri takmarkaða virðingu fyrir starfi organistans segist Hilmar Örn hafa talið að það heyrði til fortíðinni.

„Það er annað landslag í þeim efnum en áður var. Nú ríkir meiri skilningur. Eða ætti að gera það.“

#### Nýtt skipurit

Sjálfur á organistinn erfitt með að átta sig á því hvað leiddi til uppsagnar hans.

„Það eina sem má segja með vissu er að í janúar kemur nýtt skipurit fyrir Skálholt. Sem þess vegna er gamall draumur minn. Allt frá því við komum hingað árið 1991 hef ég sagt að staðurinn og starfsemin hér séu of skipt. Skólinn, kirkjan og staðurinn. Það getur ekki verið farsælt að þetta séu þrjár einingar og ég hef til dæmis aldrei verið starfsmaður

skólans og þar hefur verið ákveðið sambandsleysi. Þó hefur það farið eftir einstaklingum hverju sinni. Þegar dr. Pétur Pétursson var hér tvö ár rektor unnum við náði saman og gerðum frábæra hluti saman. Settum til dæmis upp „Víst mun vorið koma“ þar sem Páll Rósinkrans og Marianna Másdóttir komu og sungu með. Kirkjukantata sem byggir á Opinberunarbók Jóhannesar.“

#### Djassað í kirkjunni

Með Hilmar Örn kom nýr tónn. Allt í einu var til dæmis djasstónlist komin í kirkjuna með tónlistarmönnum eins og Karli Möller, Guðmundi Steingrímssyni og hinum biskupsættaða Sigurgeiri Sigmundssyni svo dæmi séu

nefnd. Popp- og rokk tónlistarmenn hafa komið við sögu við tónlistarhald í Skálholti eins og Gunnar Þórðarson, Páll Óskar, Egill Ólafsson og lengi má áfram telja.

Þeirri kenningu hefur verið haldið fram að Hilmar Örn hafi farið full glannalega í nýjungar hvað kirkjutónlistina varðar og það hafi farið fyrir brjóstið á þeim hinum íhaldssamari innan kirkjunnar.

„Þetta hneykslaði og kom við einhverja,“ segir Hilmar Örn aðspurður. Að hefðbundin hljóðfæri hafi ekki verið notuð. En bendir á á móti að hann hafi staðið fyrir mörgu því sem göfugast hefur talist í kirkjutónlist. Eins og til dæmis samstarfið við hið virta breska tónskáld John Tavener.



## Peysararnir trúarleg hljómsveit

Á pönktímabilinu var Hilmar Örn bassaleikari í einhverri allra flottustu og framsæknustu hljómsveit sem komið hefur fram á sjónarsviðið. Þeysurunum. Frægt og umdeilt er einmitt myndband þeirra við lagið Rúðolf sem var í kvikmynd Friðriks Þórs, Rokk í Reykjavík. Þar voru þeir í nasistabúningum og hinir djöfullegustu að sjá.

„Já, það hafa kannski ekki margir áttað sig á því en við Þeysararnir vorum í grunninn trúarleg hljómsveit. Guðlaugur, stærðfræðisenið, hefur alltaf verið í beinu sambandi við guðdóminn í gegnum tölur svo dæmi sé nefnt. Við vorum að vinna með

element og tónbil sem bönnuð voru í miðaldakirkjunni. Við vildum opna fyrir leiðina upp. Þetta voru kraftar sem menn voru hræddir við. En kraftar sem búa í jörðinni. Diabólus in músíka. Við notuðum þetta af mikilli fagþekkingu. En þetta er allt meira og minna um guð. Og almættið.“

Hilmar Örn segir örlög nánustu samstarfsmanna Þeysaranna enga tilviljun; Guðni Rúnar Agnarsson sé nú prestur í Svíþjóð og Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði.

„Þetta er algerlega í eðlilegu framhaldi af því sem við vorum að gera í Þeysurunum. Öll sönn músík felur í sér boðskap.“



MEGAS Í SKÁLHOLTI Meðal fjölmargra listamanna sem hafa komið fram í Skálholti er Megas, sem söng þar Passíusálma Hallgríms.



Sem leiddi til þess að hann samdi sérstakt verk fyrir Kammerkór Suðurlands.

„Það verk er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Til dæmis býr múslimi til textann sem er allur um Maríu mey. Mjög magnað.“

Stoltastur er Hilmar þó af barnakórastarfi sínu og segir af merkri för Kammerkór Biskups-tungna til Japan en kórinn var fulltrúi Íslands á heimssýningunni á síðasta ári.

#### Óvænt uppsagnarbref

Þó að Hilmar Örn hafi aldrei órað fyrir því að uppsagnarbref væri á leiðinni sagði hann að eitt og annað hefði verið skrytið eftir á að hyggja. Hann hafi verið skipaður í nefnd ásamt Herði Áskels-syni og Kristjáni Val Ingólfs-syni um nýjar tillögur í skipurit fyrir tónlistarsviðið. En aldrei var fundur haldinn í þeirri nefnd.

„Svo fæ ég óljósar fregnir á miðju sumri um að til standi að leggja stöðu organistans niður eða breyta henni. Á sama tíma var verið að bjóða mér að sækja um ýmsar stöður, svo sem organistans á Selfossi. Ég var aldrei ugðandi enda hafði ég verið fullvissaður um að engu væri að kvíða.“

Svo í september er kominn annar tónn í umræðuna. Hilmar var boðaður á fund sem hann segir hafa verið tilgerðarlegan. Þar var honum boðið að setja fram sín sjónarmið en ekki var mikið hlustað á það.

„Ég fann að málið var komið í eitthvert ferli en datt ekki í hug að það ætti að segja mér upp. Viku síðar, 14. september, fékk ég afhent uppsagnarbref.“

#### Ætlaði alltaf að verða organisti

Uppsagnarbrefið er frá stjórn Skálholts en í henni sitja þeir Sigurður vígslubiskup Sigurðsson formaður, Halldór Gunnarsson í Holti og þriðji er Jóhann Björnsson.

Hilmar Örn segir ekkert óeðlilegt við að fólk sé sagt upp störfum standi þannig á. En segir það býsna harkalegt af kirkjunnar mönnum að eftir fimmtán ára starf bjóðist aðeins þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir organista. Og ofan í kaupið er ætlast til þess að hann spili eftir sem áður við kirkjulegar athafnir eins og ekkert hafi í skorist. Allt þar til uppsögnin taki gildi. „Hér hefur orðið trúnaðarbrestur en samt er ætlast til þess að ég spili eins og ekkert sé.“

Líklega er einfeldningslegt að spyrja organistann hvort hann sé trúður. Enda stendur ekki á svörum.

„Já, við erum mjög trúuð. Þess vegna valdi ég kirkjuna. Ég hef alla tíð verið mjög trúður. Ég vissi alltaf hvað ég ætlaði að gera. Að vinna í Guðs ríkinu og með fólki. Ég ætlaði mér alla tíð að verða organisti.“

#### Heimsfrægd eða kirkjan

EKKI verður hjá því komist að spyrja Hilmar Örn nánar út Þeysarana sem voru ekki beinlínis eins og kórdrengir þar sem þeir frömdu sína myrku tónlistargjörninga – sannast sagna fremur demónískir.

„Við notuðum þessa demónísku krafta. Fórum í andstæðan búning. Það hefði verið frekar hlægilegt ef Þeysararnir hefðu verið í hvítum kyrtlum. Þetta gerðum við kannski til að fela og ná fram sterkari áhrifum.“

Þeysararnir nutu mikillar virð-

ingar. Og voru komnir með annan fótinn til útlanda þar sem þeir voru komnir á mála hjá enska útgáfufyrirtækinu Shout. Höfðu farið í tónleikaferðalag um Skandinavíu og áttu í samstarfi við Killing Joke og til stóð tónleikaferðalag með hljómsveitinni Cure. Þá verður ákveðinn vendipunktur hjá Hilmar um miðjan níunda áratug síðustu aldar.

„Annað hvort færum við á þetta flakk, að túra um heiminn eða ég færi að vinna með fólki í sveitum Íslands. Og spila Bach. Ég valdi þann pólinn. Þótti það meira aðkall-

páfinn verið notaður.

„Ég var búinn að spila gat á allar þessar bassalínur. Ég samdi mikið af þessu Þeysaraefni. Næsta hljóðfærið var kirkjuorgel. Og það að spila Jóhann Sebastian. 300 árum eldri tónlist. Eðlilegt framhald.“

Þeysarar komu saman á þessu ári og spiluðu með Megasi Passiúsálma í Skálholtskirkju. Á 25 ára afmæli sínu. Þetta fór ekki hátt en þannig er það oft með bestu hlutina. Þessi uppakoma var hljóðrituð en Þeysararnir spiluðu allir í 50. sálmi

Hallgríms Péturssonar. „Mjög stór stund með Megasi,“ segir Hilmar. Hann segir standa til að endurútgefa eldra efni með Þey og svo sé draumur atvinnulausa organistans að spila Passiúsálma inn á plötu með Megasi. Allir Þeysararnir. „Það er hallærislegt að elta 25 ára gamalt efni. Ef

við komum saman aftur þyrfti það að vera nýtt efni,“ segir Hilmar Örn, sem hefur átt í margvíslegu samstarfi með sínum gömlu félagum.

#### Frá Þýskalandi beint í Skálholti

Leið Hilmar Arnar eftir Þey lá þá til Þorlákshafnar þar sem hann starfaði sem organisti. Þar var hann í tvö ár við Þorlákshafnar kirkju. Göfugt og mikil viðbrögð eftir þeysireið með Þeysurum.



SKÁLHOLTSKÓRINN Tónlistarstarf Hilmar Arnar í tengslum við organiststöðu hans hefur verið víðfeðmt og víst er að uppsögnin kemur við margan.

„Stórkostleg viðbrögð en mér fannst það í réttu samhengi. Fór að vinna með börnum í Þorlákshöfn og við settum upp söngleik.“

Og leiðin var ljós. Hilmar fór til Þýskalands þar sem hann var í sjö ár. Nam tónfræði, orgelleik og kórstjórn.

„Ég lauk kantorsprófi frá tónlistarháskólanum í Hamborg. Þar var ég hjá miklum snillingi, Gerhard Dickel, sem er aðalorganistinn í stærstu kirkjunni í Hamborg. Þetta var mikill lærdómur og námið fór fram fyrir fullri kirkju túrista. Þarna lærði ég líka barokktúlkun, sem þá var mjög í tísku, hjá konu sem heitir Rose Kirn.“

Að loknu námi var Hilmar Erni boðin staða í Skálholti. Og ekki er ofsagt að segja hann hafa auðgað tónlistarlíf þar verulega. Allt frá fyrstu tíð hefur hann staðið að jólatónleikum þar sem skapað hafa sér fastan sess hjá mörgum Sunnlendingum.


„Þeir verða í ár hvort sem það verður organisti eða ekki. Glæsiglegir að venju. Þar verður Gunnar Þórðarson í stóru hlutverki en hann er ótrúlegur snillingur. Óskar Pétursson og Diddú munu syngja. Með okkur leikur strengjasveit undir stjórn Hjørleifs Valssonar. Þar frumflytjum við nýtt jólalag að venju sem Elín Gunnlaugsdóttir á að þessu sinni.“



SKÁLHOLT Hilmar Örn segir að líkt sé og staðurinn sé undir álögum.

**Þórhallur Ólafsson**, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, fékk svo sannarlega fjallgöngubakteríuna í apríl á síðasta ári og hefur farið í á milli 150 og 200 fjallgöngur síðan. *Sigríður Hjálmarsdóttir* hitti Þórhall og ræddi við hann um þetta stóra áhugamál.

Þórhallur segir þetta fjallgönguæði hafa byrjað hjá sér þegar hann gekk á Hvannadalshnúk en komst ekki alla leið vegna æfingaleyfis. „Ég ákvað að fara aftur þremur vikum síðar og æfði mig fram að þeim tíma með því að ganga á Esjuna þrisvar í viku. Eftir það fór ég leikandi létt á Hvannadalshnúkinn. Ég hélt síðan uppteknum hætti og gekk á öll fjöll í nágrenni Reykjavíkur en gekk þá tvisvar til þrisvar í viku,“ segir Þórhallur en á einni göngunni hitti hann göngufélaga sinn, Leif Hákonarson, sem var farinn að ganga eftir bókinni 151 tindur eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson. „Við byrjuðum að ganga eftir þessari bók saman og smám saman safnaðist í kringum okkur hópur fólks sem kallar sig nú Tinddátana. Í þeim hópi eru margir búnir að ganga á miklu fleiri tinda en ég,“ segir Þórhallur en viðurkennir þó að líklega hafi enginn gengið á eins margar tinda og hann á svo skömmum tíma, enda fór hann á 54 tinda úr bókinni á 52 vikum. „Meðan ég var að ganga á tindana í grennd við Reykjavík gat ég



**GENGIÐ Á HLÖÐUFELL** Veður var eins og best veður á kosið þegar Þórhallur gekk á Hlöðufell og fékk frábært útsýni.

## Verðlaunin bíða á hverjum fjallstindi

oft farið eftir vinnu en eftir að ég kláraði þá alla hef ég nýtt helgarnar í göngurnar. Þá legg ég gjarnan af stað á föstudegi, geng á laugardegi og sunnudegi og keyri síðan heim aftur. Á virkum dögum geng ég á Esjuna til að halda mér við,“ segir Þórhallur og jatar að heilmikill tími fari í fjallgöngurnar en honum sé þó mjög vel varið.

### Nóg af fjöllum á Íslandi

Þórhallur segir margar tinda mjög eftirminnilega en nefnir í því sambandi Hrútsfjallstinda í Öræfasveit. „Þar fengum við frábært útsýni, auk þess sem gönguleiðin og öll umgjörðin í kringum gönguna á tindinn var mjög stórbrotin og skemmtileg. Síðan fórum við á Snækoll í Kerlingarfjölum og fengum þar útsýni alveg vestur að Ingólfsfjalli og að Kerlingu í Eyjafjarðar-

sveit. Þaðan sáum við líka yfir Vatnajökul, þannig að útsýnið frá tindunum getur verið alveg stórkostlegt.“ Þórhallur segist alls ekki stefna á að klífa neina tinda erlendis enda sé nóg af tindum og fallegum fjöllum á Íslandi. „Eftir því sem ég geng meira verður listinn lengri yfir þau fjöll sem mig langar til að ganga á. Sums staðar þarf línur og ísaxir til að komast upp, þannig að það þarf að undirbúa sig vel fyrir hvern tind og fara varlega þar sem varasamt er að ferðast um. Sjálfur hef ég ekki gengið á mörg fjöll sem úheimta slíkan búnað.“

Tindarnir eru mjög misjafnlega erfiðir, að sögn Þórhalls, sem segir þó Hrollaugsborg í Drangajökli líklega erfiðasta líkamlega en nefnir einnig Hvannadalshnúk og Hrútsfjallstinda sem mjög erfiða tinda.

### Líkamleg þörf

Þórhallur segir algjöran viðsnúning hafa orðið á líkamlegu atgervi frá því hann fór að ganga á fjöll fyrir tæplega einu og hálfu ári síðan. „Þó að ég hafi verið alveg ágætlega á mig kominn þá er það allt annað núna. Úthaldið er fljótt að koma en það er líka fljótt að fara ef maður hættir að hreyfa sig. Mér er farið að finnast ég vera að svíkjust um ef ég fer ekki í fjallgöngu í einhvern tíma en að auki er þetta orðin líkamleg þörf, eins og með aðra líkamsrækt. Þetta er mín aðferð við að stunda líkamsrækt enda finnst mér leiðinlegt að vera á hlaupabrettinu í ræktinni,“ segir Þórhallur, sem virðist vera búinn að smita fjölskylduna af fjallgöngubakteríunni. „Ætli það endi ekki með því að allir fjölskyldumeðlimirnir verði farnir að ganga á fjöll. Yngri sonur minn er byrjaður að ganga eftir bókinni líka en almennt fer það eftir því hvert verið er að fara hversu stór hluti fjölskyldunnar er tilbúinn að fara með. Það hafa ekki allir gaman af að ganga svona stíft og mikið en fjölskyldan er oft mjög áhugasöm um styttri og auðveldari gönguleiðir.“

### Erfiðara að fara niður

Sem dæmi um hið góða form sem Þórhallur er kominn í eftir allar fjallgöngurnar er hann farinn að komast á Þverfellshorn Esjunnar á 53 mínútum en algengt er að fólk sé um tvær klukkustundir þangað upp. „Það var mjög góð tilfinning að fara undir sextíu mínúturnar,“ segir Þórhallur og bætir því við að á hverjum fjallstindi bíði verðlaun, sem felast í útsýninu og þeirri dásamlegu tilfinningu að hafa sigrast á einum tindinum til viðbótar. „Oft er erfiðara að fara niður fjöllin en upp og er þá best að fara niður á sama stað og maður fór upp. Þá er best að fara upp með það í huga að maður verði að komast niður aftur.“

Þórhallur segir alltaf ákveðna ánægju fólga í því að ljúka við verkefni og það sama eigi við um fjallgöngurnar. „Þetta er fyrst og fremst gert fyrir sjálfan mig og er áskorun og keppni við mig sjálfan þannig að það skiptir í raun og veru engu máli hvenær ég lýk við að ganga á alla þessa tinda. Núna er 71 tindur eftir hjá mér þannig að það er af nógu að taka en ég er búinn að ganga á 80 tinda síðan í apríl á síðasta ári,“ segir göngugarpurinn Þórhallur Ólafsson, sem ætlar að halda ótrauður áfram að ganga á fjallstinda Íslands.

sigridurh@frettabladid.is



**HARPA ARNARDÓTTIR:**

## Fjallasýnin er falleg

„Upp í hugann kemur þrenningin Kverkfjöll, Snæfell og Herðubreið, sem mín uppáhaldsfjöll en þau eru öll stórkostleg. Ég fór í Kverkfjöllin árið 1996 en það var mikil upplifun og stórkostlegt að koma þangað. Það er sérstakt að sjá háhitasvæði og hverasvæði á jöklinum.“

Annars er ekkert nauðsynlegt að sigrá fjöllin til þess að njóta þeirra því þau geta verið mjög falleg úr fjarlægð. Mér finnst til dæmis æðislegt að ganga á öræfum og njóta þáðan fallegrar fjallasýnar. Nú er spurning hvort ég þurfi að fara að ganga á Snæfell til að kveðja það þar sem verið er að spilla mikið í kringum það.“



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON:**

## Tignarleg og dulúðug

„Ég hugsa nú að Hekla sé það fjall sem mér þykir skemmtilegast að ganga á. Hún er einn verðugasti fulltrúi íslenskra fjalla og ég hefði viljað að hún væri kosin fjall Íslands, með fullri virðingu fyrir Herðubreið.“

Hekla er falleg og tignarleg en þó með mikla dulúð yfir sér. Í henni býr þessi ógn sem loðir alltaf við íslenska náttúru. Hún hefur sterka sögu um víti og álög þannig að hún er sennilega glæsilegasta og um leið dulúðugasta og mest ógnvekjandi fjall á Íslandi.“



**PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON:**

## Gangan veitir innblástur

„Uppáhaldsfjallið er alltaf það fjall sem ég gekk síðast á. Akkúrat núna er það Helgafell í Mosfellsbæ.“

Það má reyndar deila um það hvort það sé fjall eða ekki. Gangan var létt en veitti mér mikinn innblástur.“



**Á TOPPI SNÆFELLSJÖKULS** Þórhallur nýtur þess að hvíla sig eftir gönguna á Snæfellsjökul.

MYND/GUÐMUNDUR FREYR JÓNSSON

**JUST CAUSE**  
LENDIR Í BT 21. SEPTEMBER

Vinnur verða afhendir hjá BT Smáralind. Nöpunagi. Með því að taka þið ertu konninn SMS klíðuh. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu.

**SENDU SMS SKEYTIÐ JA LSF Á NÚMERIÐ 1900 OG SVARADU SPURNINGU. ÞÚ GÆTIR UNNID!**

**ADALVINNINGUR ER PS2 TÖLVA OG JUST CAUSE LEIKUR**

AUKA VINNINGAR ERU:  
LEGO STARWARS LEIKUR • PS2 TÖLVUR  
DVD MYNDIR • FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM OG MARGT FLEIRA!

**9 HVER! VINNUR!**



**DR. GUNNI:**

## Næsta verkefni skemmtilegast

„Það er nú ekkert eitt fjall skemmtilegra en önnur. Það er þó þannig að maður fer oftast á þau fjöll sem eru nálægt manni. Til dæmis er Helgafell í Hafnarfirði mjög hressandi en það tekur ekki nema rúman hálf-tíma að fara þar upp ef maður hleypur.“

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

## Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahlutir í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Bílapartar ehf S.587 7659.

Eignum mikil úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapart-ar@bilapartar.is

Nissan Patrol vél, 2,8, árg. '99 og girkassi, nýupptekinn til sölu. Uppl. í s. 696 1597.

## Bíllaleiga



Bíllaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþríf, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

## Bíllaleiga

Bíllaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþríf, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



## Stigalagerinn

Eignum mikil úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til handriðasmíða, festingar o.fl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 5641890



Til sölu leirvél frá Podmore and son's. Uppl. í s. 897 4384.

Ónotaður svefnsofi 50 þús, þvottavél Electrolux 40 þús, antikstóll 10 þús, Antikhillla 16 þús, saumavél 6 þús, reidhjóll fyrir 8-10 ára 6 þús. S. 864 4288.

Til sölu vinnuskúr, doki og m.fl. til bygginga. Uppl. í síma 6970905. Björn

Búslóðasala sunnudaginn 24.september, frá kl. 16:00-18:00, að Baldursgötu 3-101 R. Ýmislegt úr búslóð til sölu vegna flutnings. T.d. tveir svartir leðursofar, einn svartur leðurstóll, tvö rúm, eldhústæki og ýmsir smáhlutir.

## Gefins

3 kettir, 2 læður ca 6 mán. og 1 högni ca 4 mán. Vel upp alin og voða ljúf. Er líka með eldri ketti sem þurfa ný heimili vegna flutnings. Engöngu reglusamt fjölskyldufólk. Uppl. í s. 615 1212.

## Heimilistæki



## Hljóðfæri

til sölu mjög góð hnappa harmonikka Bugarí Armando Champion Cass 4 kóra verð 250.000 kr benedikt sími 8927687

Píanó til sölu, brúnn Petrof, vandaður og vel með farinn uppl. í s: 698-6683

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir! Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

## Vélar og verkfæri

Til sölu járnrennibekkur, 100cm á milli odda. Uppl. í s. 587 5650 & 824 1226.

## Til bygginga



Vinnupallalyftur  
Vöru og fólkalyftur  
Nýjar og notaðar



www.mot.is 544 4490



Nýjir og notaðir byggingakranar



www.mot.is 544 4490

Til Sölu notaðir 4 Velux þakgluggar, stærð 140 x 80, vegna breytinga. Verð 30.þús/stk. S:8962073

## Verslun



Besta verðið!!  
NÝJAR MYNDIR

Vörur til skartgripagerðar. Ótrúlegt úrval. - Perlukafarinn Holtasmára 1. www.perlukafarinn.is

Einstök gjafavara fæst í Perlukafaranum Holtasmára 1. www.perlukafarinn.is

Landsins mesta úrval af lífranum matvörum. Maður lífandi Borgartúni og Hæðasmára.



## Garðyrkja



Blómstrandí garðar  
Felli tré, klippum og sinnu öðrum garðverkum. Þið hringið og við komum. Gerum tilboð. S. 695 5521.

## Bókhald

Bókhald fyrir þig Ég er að leita að bókhaldsverkfnum/-hlutastörfum. Ég tek 1.600 kr. á tíman. Tómas, Sími 659 5031.

## Ráðgjöf



Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf. Aðstoð v/naudungarsölumæferðar,

endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lána-drottna og innheimtumenn, aðstoð v/naudungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga o.fl. Geymið auglýsinguna. SÍMI 530 9115 OG 822 9670 Kafflaskipti ehf. Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur.- Sími 530 9115 og 822 9670 kafflaskipti@rsg.is SÍMI 530 9115 OG 822 9670 Kafflaskipti ehf. Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur.- Sími 530 9115 og 822 9670 kafflaskipti@rsg.is

## Málalar

Parftu að láta mála? Alhliða málningsþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Húsaviðhald



892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Leikþættingar - þakviðg. - múnviðg. - húsakl. - öll málningsvinna - háþrýstip. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Tökum að okkur viðgerðir. Alhliðaþjónusta. Tilboð eða tímavinna. Fagleg þjónusta. Uppl. í s. 847 1941, Örn & 898 4384, Sverrir.

Viðhald, breytingar úti og inni. Sólþallar, gerum tilboð. Smíðalausnir 899 3011.

Smíðir. Getum bætt við okkur verkefnum. Parketlagning, milliveggir o.fl. S. 856 4835.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulagnir og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Múrbrot

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

## Pípulagnir

Pípulagningarmeistarar getur bætt við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði, ásamt sólpallasmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Spádómar



## Örlogalínan 595 2001 &amp; 908 1800



Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlogalinan.is.

Dulspækisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

## Englajós til þín 908 5050

Andleg leiðsögn, spilaspa, draumar. Trúnaður. Opið frá kl: 19-23. Lára og Klara verða við næstu daga.

## Önnur þjónusta



Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

## ÞJÓNUSTA



Tökum að okkur járnalagnir í stærri og smærri verk. Hafðu samband og fáðu tilboð í efni og vinnu.

Á.B.H. Járnabindingar ehf. Flugumýri 32, Mosfellsbæ. Sími 517 7790 / 820 0190.

Skráðu þig í Heilsuklúbb, fáðu fræðslu & náðu árangri. Keðbrunrakel.is 869 7090.

Árangur með ShapeWorks  
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkapjálfiari og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettir.is/ragga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd



## Námskeið

Yoga námskeið  
Allar upplýsingar á  
www.yogalif.is  
Upplýsingar í síma 844 0454  
og  
www.yogalif.is



Fimm vikna sjálfstýrkingarnámskeiði hefst miðvikudaginn 27. september kl. 18:00 - 20:30 í Brautarholt 30. Verð 26.300 kr. Skráning í síma 824 7778 og á www.sjalfstyrking.is

Skartgripagerð - Silfursmíði  
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málum. Vinnum með íslenska steina. Tek einnig að mér að bora í steina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.



## Húsgögn

Ódýrt sófasett til sölu. 3+2+1. Uppl. í s. 848 2843, eftir kl. 16.

Efri koja 90x2 með skáp og skrifborði undir til sölu. Uppl. í s. 867 9202.

## Fatnaður

Fatabreytingar.  
Allar fatabreytingar, skiptum um rennilása, einnig á leðurjökkum. Skráddarinn á horninu á Lindargötu og Vatnastíg 11. Opið frá kl 9-17:30 og laugardaga 10-14. S. 552 5540 & 861 4380.

## Dýrahald



Gullfallegur hreinræktaður Chihuahua hvolpur til sölu, er tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 587 9552 & 825 7702.



Rottweiler hvolpar til sölu. Tilbúinn til afhendingar. strax. Uppl. í s. 869 4787.

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**  
Var beðin um að selja Pávil og Chihuahua hund. 80 þúsund stk.  
Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is



Til sölu yndislegir Amerískir Cocker Spaniel. Tegundin hentar mjög vel sem heimilishundur og eru góðir félagar. Nánari uppl. á www.draumora.com og s.661-9876

## Ýmislegt

Til sölu AEG þvottavél, AEG uppþv. vél 50 cm breið, edessa kæli og frystiskápur, 28" sjónvarp og eldhúsbór. Uppl. í s. 6990242

## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska

**Hestamenn/bændur**  
Eik í hesthúsgrindur, Eik í veggja-kjæðningar, Eikarspelar í fjárhúsgrindur, Eikargirðingastaurar. Pantíð tímanlega. Sími 691 8842.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



Til leigu lúxusíbúð, 83 fm við sjávarstöðuna í Garðabæ með öllum húsbúnaði + internettingu Aðeins reyklaust og reglamsamt fólk kemur til greina. Upplýsingar í s. 693-0221 og 588-2651

## Íbúð í Lautarsmára

Falleg 3ja herb. íbúð til leigu á 1.hæð með stórrí verönd. Með eða án húsgagna. Frá 1.okt - júní, júlí. Uppl. í s. 661 7322 eða 690 1902.

2ja herb íbúð til leigu á svæði 108. Reyklaust og góð umgengi skilyrði. Uppl. í s. 892 4593.

Stór 3ja herb. íbúð m/húsg. miðsv. í Rvk. til leigu. Sendið póst á hdb@mi.is.

Til leigu 5 herb. íbúð í Hfj. í 4 mán. í senn (a.m.k.), laus 1. okt. Tilboð óskast í s. 897 7003.

## Húsnæði óskast

Miðaldra karl óskar eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsv. Allgjör reglusemi og skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 691 4494.

Einstæður faðir (smíður) óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð helst í Breiðholti. Greiðslugeta allt að 100 þús. Uppl. í s. 659 9650.

## Íbúð óskast.

Reglusamur og reyklaus 32ja ára kk vantar 2ja herb. íbúð til leigu á rólegum stað. Íbúðin má vera á stór Reykjavíkursvæðinu. Greiðslugeta 60-70.000. Skilvisar greiðslur, ábyrgðir og einnig meðmæli ef óskað er. Sími 563 3413 & 856 0074. Einnig kemur til greina að skoða góða stúdíóíbúð.

## Íbúð óskast!!

Par með snyrtilegan lítinn hund óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvisar greiðslur. Mjög góð meðmæli. Greiðslugeta ca 80 þús. Uppl. í s. 690 6346.

Herb. óskast á leigu fyrir ungan mann, aðgangur að wc, sturtu og þvottastöðu. Uppl. í s. 898 7428.

Tveir reglusamir ungir karlmenn eru að leita af 3 herb. íbúð í Rvk. Greiðslugeta allt að 120 þús. á mán. Skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 696 3563 & 893 8629.

## Sumarbústaðir



Til sölu sumarhús og lóðir. Uppl. gefur Anton í s. 699 4431. Rúnar S. Gíslason löggiltur fasteignasali.

sumarhus.com. Getum bætt við okkur smíði á sumarhúsi. Upplýsingar í síma 692 9141.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhúð og hátt til lofts. Uppl. í s. 699 5880.

## Geymsluhúsnæði



Geymsla í skemmi eða lengri tímal

Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka



## Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.í.

Uppl. í s. 864-3176 & 895-3176

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum. Tek í geymslu tjaldvagna og fellihýsi í vetur. Uppl. í s. 865 1166 & 895 5792.

Vetrargeymsla fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla í Ölfusi. getum bætt við vögnum fyrir veturinn, 45 km akstur frá Reykjavík. Tökm niður pantanir í síma 840 0245.

## ATVINNA

## Atvinna í boði



**Starfskraftar óskast**  
Bakari í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólk. Getum bætt við okkur bakaranemum. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Hreingerningar/bónun**  
Ræstingabjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821-5056, á skrifstofutíma.

**Nonnabiti.**  
Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, lífligt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.

**Aðstoð í eldhús.**  
50% starf eftir hádegi sem aðstoðarmaður matræðs óskast á leikskólan Sæborg Starhaga 11. Áhugasamir hafi samband við Soffíu Þorsteinsd. Leikskólastjóra í síma 562 3664 eða 562 3674.

**Loftorka Reykjavík**  
Óskar eftir manni á trailer. Matur í hádegi og heimkeyrsla. Uppl. í s. 565 8077 eða 892 0525.

**Verksmiðjustarf**  
Óskum eftir að ráða fólk til hefðbundinna verksmiðjustarfa í verksmiðju okkar. Góð vinnuástaða og góður vinnutími. (8-16). Við erum framsækid fyrirteki í örum vexti með fjölbreytta starfssemi og getum boðið möguleika á fratiðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á hauk.har@mac.com eða hringið s. 863 4535 milli kl. 14-16.

**Störf í leikskóla**  
Einstaklingur með menntun /reynslu af starfi með börnum óskast til starfa sem fyrst í 80-100 % stöðu í Regnbogann leikskóla sem staðsettur er á Ártúnsholti. Óskum einnig e. einstaklingi í c. 25 % starf síðdegis milli kl. 15 og 17. Starfið er upplagt fyrir námsmann. Nánari uppl. veitir undirrituð í s. 557-7071 og 899-2056 Leikskólustjóri

**Kaffihús Laugavegi 24**  
Óskar eftir að ráða þjóna í sal í fullt starf og hlutastarf. Krafist er stundvísu og dugnaðar. Góð laun fyrir rétta aðila. Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.

**Oddur Bakari**  
Oddur bakari óskar eftir starfsfólki. Reykjavíkurvegi fyrir hádegi vinnutími 7-13 virka daga. Grensásvegi eftir hádegi vinnutími 13 -19 virka daga. Starfsfólk óskast einnig í þrif. Góð laun fyrir gott fólk. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677 eða á staðnum.

**Gullnesti, Grafarvogi**  
Óskar eftir starfsfólki virka daga frá kl. 12-18. Fin laun. Upplýsingar í síma 898 9705.



Gullöldin café bar í Grafarvogi, óskar eftir hressu starfsfólki á bar og í sal. Hlutastarf um helgar, Góð laun í boði. Hentar vel skólafólki. Áhugasamir sendið inn umsókn á info@grafiksaurur.is



Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.irs.is og síma 411-5000.



**Pítan Skipholti**  
Pítan Skipholti óskar eftir starfsfólki í dagvinnu í sal. Einnig eru laus störf kvöld og helgarvinnu. Góður starfsandi og góð laun í boði. Umsóknareyðublöð á Pítunni og á www.pitan.is

**American Style á Bildshöfða og Hafnarfirði**  
Afgreiðsla og grill. Vilt þú vera hluti af vinningsliðinu og vinna á finum vinnustað? Vaktavinna J. Mjög samkeppnishæf laun American Style er á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. 18 ára og eldri. og góð íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir á www.american-style.is



**KVÖLD & HELGAR**  
Aktu Taktu leitar eftir fjórugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is

**Reynir Bakari**  
Reynir Bakari Kópavogi. Vantar hörkuduglegt afgreiðslufólk í Hamraborg og á Dalveg. Tvískiptar vaktir, helgarvinnu samkomulag. Uppl. á Dalvegi 4 eða í s. 564 4700 Jenny.

**Bílstjóri óskast**  
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrir-tækisins út á við. Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkamir@kokkamir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum. Furðufiskar ehf - Fiskilóð 81a - 101 Reykjavík

**Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin**  
Röska menn vantar. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum, Gúmminnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

**Múrarar, byggingaverkamenn**  
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

**Hjólbarðaverkstæðið Barðinn**  
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

óskum eftir að ráða vanann beitingarmann, beitt er í Kópavogi. Uppl. í s:8653622

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólamoðuneyti að afgreiða nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976 e. kl. 13.

Heildsala í vinnufatnaði vantar starfskraft í bókhald og innheimtu. um er að ræða hlutastarf. umsóknir óskast sendar á thjarkur@thjarkur.is

**Pizza bakari - Pizza bakari**  
Kaffi Hafnarborg auglýsir eftir vönum pizzabakara í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir hafið samb. við Guðfinnu í s. 534 2100 eða á netfangið guffa.grin@hotmail.com

**Ert þú sjálfstæður og öflugur solumaður?**  
Timaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldstölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Rauða Torgið óskar eftir samstarfi við laglega, lífsglaða fyrirsætu. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is.

Lítið hótél í Reykjavík leitar eftir fólki í þrif á morgnana frá 01. sept. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt feriskrá til alfa@hotmail.is.

Aðstoðarmaður óskast á tannlækna-stofu miðsvæðis. Um er að ræða fullt starf. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl í síma 588 1920 milli kl 8 og 17 virka daga.

Leikskólinn Hof óskar eftir starfsfólki á skemmtilegan og lífandi vinnustað. Heilds dags- og eftir hádegisstörf í boði. Upplýsingar gefa Særún og Kristín í síma 553 9995

Flottar stelpur og hraustir strákar óskast í ævintýrlega og skemmtilega vinnu. Uppl. í s. 894 4141.

**Aukavinna í fataverslun**  
Xirena á Skólav.stig óskar e. starfskrafti frá kl. 16-18 virka daga. Mög. og helgarvinnu. Áhugas. hafi samb. við Hildi í s. 899 0819 eða á xirena@xirena.is

Firma Lauffell poszukuje polskich pracowników za znajomoscia jazyka islandzkiego lub angielskiego w nastepujacych zawodach: majster budowlany, cieśla, robotnik budowlany. Tel. Kon. 820 4671 (Mikael), fax 517 4670 lub e-mail lauffell@internet.is

## Atvinna óskast

Kona fra Lettlandi óskar eftir vinnu á Íslandi. S.8457158

23 ára maður óskar eftir skrifstofustarfi eða rölegri innivinnu. Uppl. í s. 847 4306.

## ÞJÓNUSTA

**Framleiðum ódýrt þakjárn**

Hvít  
Rautt  
Grænt  
Grátt  
Aluzink  
Galvaniserað  
Ásamt fylgihlutum

Timbur og Stál ehf.  
Smíðjuvegi 11.  
s:5545544 fax:5545607

**GRANÍT HÚSID**

- borðplötur  
- handlaugar  
- flísar

Heiluhraun 2 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 544 5100 www.granithusid.is

**Sumarhúsalóðir við Sogið**  
Stórar og fallegar eignalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.  
Uppl. veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786  
www.101grimsnes.is

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Sony myndavél og þrífótur tapaðist við Ezzo Ártúnshöfða. Fundarlaun í boði. S. 820 0322.

## Ýmislegt

## Engar skuldir - Hæri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

**SPJALL**  
SÖGUR OG DEIT  
Karlur 515-8800  
Konur 515-8888  
ALLAR ÞJÓNUSTUR / EINU NÖMUR  
905-2580

**Spjallrásin 1+1**  
Konur: 595-5555  
Karlur: 908-5555  
langlifasta spjallrás á Íslandi  
Símafestnumót... 905-2200  
Rómó-stefnumót... 905-5555

Dömunar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódyrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar“ á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódyrara, kr. 19,90 mín)

## Símaspjall 908 5050

Hæ strákar ég er komin heim, hringið og ég er til í ykkur.

## ATVINNA

**Atvinna í boði**  
Rafvirki óskast. Oskum eftir rafvirkja og aðstodarmanni í almenna raflagnavinnu á höfuðborgarsvæðinu.  
Upplýsingar í síma 899 1993 eða [straumver@isl.is](mailto:straumver@isl.is)  
Straumver ehf. Rafverktakar.

**Skemmtileg vinna!**  
Okkur vantar góða skemmtilega starfsmenn!  
Fólk til að tala í síma og veita frábæra þjónustu!

Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.  
Skúlason símaver ehf - Sími 575 1500 - [www.skulason.is](http://www.skulason.is)

**allt hús**  
Alla mánudaga

# Vinna með námi hjá **Hive**

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.

Við erum að hringja milli kl. 18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og eru meðaltekjur sölumanna um 12.000 kr. á kvöldi eða um 3.000 kr. á tímann.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á [soluver@hive.is](mailto:soluver@hive.is) eða hringi í Elmar í síma 697-8166.

Hive



## Starfsfólk óskast á Kirkjubæjarklaustur

Oskum eftir að ráða starfsfólk sem vill verða hluti af okkar öflugu liðsheld sem annast aldraða, á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri.

Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma 487 4870 eða 894 4985

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**90%**  
HEIMILA NÁ  
SIRKUS TV

ADSL : RÁS 15  
BREIÐBANDIÐ : RÁS 69  
DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5

EINNIG ER HÆGT AÐ  
NÁ SIRKUS TV MEÐ  
VENJULEGU UHF  
LOFTNETI

SIRKUS TV

**allt matur**  
Alla föstudaga

## MARKAÐURINN

Sögurnar,  
tölurnar,  
fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU  
ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

# Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

**550 5600**



**FRÉTTABLAÐIÐ**

- mest lesið

# Til sölu að Skútuvogi 1

## Atvinnuhúsnæði 1542 fm - Frábær staðsetning

Bakhlíð



Framhlíð



Matsalur



Eldhús



Fundarstofa



Lager



Rannsóknarstofa



### Hóll kynnir í einkasölu húseignina við Skútuvogi 1 í Reykjavík

Á 2. og 3. hæð hússins eru reknar rannsóknarstofur í dag og er möguleiki á að innréttingar geti fylgt.

Húsið er byggt í halla og eru bílstæði og aðalinngangur að vestanverðu á tvær hæðir en að austanverðu er inngangur að 1. hæð, en þar er 319 fm gólfhlötur með um það bil 5 metra lofthæð og háum innkeyrsludyrum.

Á 2. hæð eru skrifstofur og lagerpláss og tvær innkeyrsludyr. Á 3. hæð eru skrifstofur, fundarsalur, rannsóknarstofur og rúmgóður matsalur með vel búnu eldhúsi.

Veggir eru léttir og auðvelt að breyta fyrirkomulagi á herbergjaskipan. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk, skápar, hengi og snyrtingar á öllum hæðum.

Gluggar eru með sólarfilmu á gleri. Gólfefni eru dúkar, flísar og parket. Húsinu hefur verið vel viðhaldið og er þar starfandi húsfélag. Frábær staðsetning.

**Verð: 199 milljónir.**

Eignamappa með ítarlegum upplýsingum ásamt teikningum eru fyrirleggjandi á skrifstofu Hóls Skúlagötu 17. Upplýsingar í gsm. 693 4490 (Margrét) alla helgina.



tákn um traust





**RISAPORSKUR** Hamingjusamur þýskur stangveiðimaður um borð í bát á Vestfjörðum með risastóran og nýveiddan þorsk.

þjónustan og þorpin græða á þessu enda eru veiðimennirnir neytendur því þeir kaupa mat og gjafir og hleypa miklu lífi í þessa litlu staði.“

Island Pro Travel flytur inn um fimmtíu manns á viku í veiðiferðirnar frá apríl fram í september, sem er mun lengri tími en ferðamannatímabilið spannar almennt. „Fyrstu farþegarnir koma í apríl og þeir síðustu í september þannig að á þessu fyrsta ári koma um 900 manns til landsins bara í sjóstangveiðina. Á næsta ári ætlum við að tvöfalda fjöldann af því að eftirspurnin er svo mikil.“

#### Purfa á ferðamönnum að halda

„Við erum að ljúka við að ganga frá sams konar verkefni fyrir breska og hollenska markaðinn fyrir næsta sumar en við ætlum að fara með þá ferðamenn á Austurlandið. Þar munum við fara á Borgarfjörð eystri, Vopnafjörð og Djúpvog en við einbeitem okkur að því að fara á litlu staðina þar sem er rólegt,“ segir Guðmundur og bætir því við að

fyrstu drög séu komin að því að ganga frá samningum um að virkja Norðurlandið fyrir Norðurlandamarkaðinn eftir tvö ár. „Það skiptir miklu máli að hafa djúpa firði, skjólgóð svæði og mikið af fiski og þess vegna eru Vestfirðir, Austfirðir og Norðurland kjörin fyrir veiðimennina, auk þess sem þessi svæði þurfa mest á ferðamönnum að halda.“

Guðmundur segir mikla uppbyggingu í ferðþjónustu víðs vegar hér á landi og margir að gera fína hluti. „Það sem truflar mest er verðlagningin á gistingu, mat og drykk. Þess vegna er það ekkert fyrir venjulegt fólk að koma hingað. Fólk þarf að greiða 30-40% hærra verð fyrir mat hér en í heimalandi sínu og það kemur oft aftan að fólki. Þess vegna er markhópurinn okkar með hærri tekjur en gengur og gerist. Meðalaldurinn er í kringum 50-55 ára og almennt er þetta vel menntað fólk og náttúruunnendur,“ segir ferðþjónustufrumkvöðullinn Guðmundur Kjartansson.

sigrídurh@frettabladid.is

# iSoft

## kynnir næstu námskeið:

### ITIL Foundation Course

17. – 19. 10. 2006

Einstakt og metnaðarfullt námskeið í bestu aðferðum í IT þjónustustjórnun. Kennari er hinn kunnir ITIL kennari Dr. Geoff Harmer. Námskeiðið er fyrir fyrirtæki sem vilja veita bestu IT þjónustuna og einnig undirbúningur fyrir gæðavottun. Námskeiðinu lýkur með ISEB prófi, sem er innifalið í verði.

### VMware infrastructure 3: Install and Configure

2. -5. 10. 2006

Fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína á VMware og verða VMware Certified Professional. Frá höfuðstöðvum VMware kemur David Day sem er einn fremsti VMware sérfræðingurinn í heiminum í dag.

### Önnur sérfræðinámskeið:

2. – 14. 10. 2006

MCDST - Microsoft Certified Desktop Support Technician

9. – 23. 10. 2006

Implementing and Administering Security in a Microsoft Windows Server 2003 Network (2823)

9. – 11. 10. 2006

Designing, Deploying, and Managing a Network Solution for the Small- and Medium-sized Business (2395).

16. – 19.10. 2006

Administering, Automating and Maintaining a Microsoft SQL Server 2005 Database and Servers (2789 og 2780).

30.10. – 3.11. 2006

(ISA) Implementing Microsoft Internet Security and Acceleration Server 2004 (2824).

Birt með fyrirvara um breytingar

Fleiri sérfræðinámskeið er að finna á [www.isoft.is](http://www.isoft.is) <<http://www.isoft.is>>

**www.isoft.is • isoft@isoft.is • Sími: 511 3080**

**MCSA • MCSE • MCDST • CCNA • CISCO**  
Eini skólinn með viðurkennt Microsoft nám

# Hjarta dagurinn

24. september 2006

Stuðningsaðilar á alþjóðavísu:

AstraZeneca Bayer HealthCare

Procter & Gamble NOVARTIS Pfizer

Procter & Gamble PHARMACEUTICALS gsk GlaxoSmithKline

sanoft aventis U

Með stuðningi frá:



## Hve ungt er þitt hjarta?

Heilbriggt hjarta er forsenda þess að við getum notið lífsins til fulls. Við getum dregið úr áhættuþáttum og komið þannig í veg fyrir hjartaáfall og hjartaslag með því að borða hollan mat, hreyfa okkur meira og reykja ekki. Um leið stuðlum við að því að hjartað eldist hægar. Af þessum ástæðum er Alþjóðlegi hjartadagurinn í ár helgaður þemanu „Hve ungt er þitt hjarta?“ Það minnir okkur einfaldlega á að fólk hvarvetna í heiminum getur notið þess að eiga heilbriggt hjarta að lífsförunaut.



WORLD HEART FEDERATION

A HEART FOR LIFE



HJARTAVERND

## STUTTMYNDAKEPPNI Í REYKJAVÍK

30. september · Ráðhús Reykjavíkur

## LJÓSVAKALJÓÐ 2006

keppni SKILAFRESTUR · aldur: 15-25 ára  
námskeið 2 dagar · u.þ.b. 0-20 mín  
ekki eldri en 2 ára

ZIK ZAK Eymundsson  
Aðgangur ókeypis! · www.filmfest.is/ljosvakaljod  
ljosvakaljod@filmfest.is

laugardagur Date 30/9 2006 MOS DAY NITE

50.000 kr. fyrir BESTU MYND

Reglur: Aldurstakmark 15-25 ára, myndir ekki eldri en 2 ára, lengd u.þ.b. 0-20 mín. Skilafrestur er þriðjudagur 26. sept. Fyrirkomulag: Hátiðin fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 30. sept. Kl. 12.30-15 verða fyrirlestrar/námskeið frá íslenskum kvikmyndagerðarmönnum. 5-8 myndir keppa um aðalverðlaunin kl 16:00. Aðgangur ókeypis. Sendist á MiniDV eða DVD ásamt almennum upplýsingum um aðstandendur á Zik Zak, Hverfisgötu 14a, 101 RVK. EYMUNDSSON er aðalstyrktaraðili Ljósvalkjóða 2006. Samstarfsaðilar eru ZikZak, Alþjóðlega kvikmyndahátiðin í Reykjavík og Reykjavíkurborg



## HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunnar 2006. Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

### AFGANGAR

Fim. 28. sept. kl. 21.00  
Fim. 5. okt. kl. 21.00

### HAFIÐ BLÁA

Sun. 24. sept. kl. 13.30 **sæti laus**  
Sun. 8. okt. kl. 13.30 **uppselt**

### DREKASKÓGUR

Lau. 23. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 **sæti laus**

IsMedia SPARISÍÐURINN TM

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

## „SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“

MEIN KAMPF

## RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 Lau 30/9 kl. 14  
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14

## VILTU FINNA MILLJÓN?

Í kvöld kl. 20 Lau 30/9 kl. 20  
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

## FOOTLOOSE

Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20 UPPS.  
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20

## HVÍT KANÍNA

Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.

Í kvöld kl. 20 Mið 27/9 kl. 20  
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20  
BANNAD INNAN 16 ÁRA.  
Engum hleypt inn án skilríkja.

## FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI

Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum\*  
\*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

## MEIN KAMPF

Mið 27/9 kl. 20 UPPS.  
Fös 29/9 kl. 20  
Lau 7/10 kl. 20  
Sun 8/10 kl. 20  
Lau 14/10 kl. 20

## ÁSKRIFTARKORT

Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!

5 sýningar á 9.900 kr.

Mein Kampf e. George Tabori  
Amadeus e. Peter Shaffer  
Fagra veröld e. Anthony Neilson  
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson  
Söngleikurinn Grettire. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.  
Lík í óskilum e. Anthony Neilson  
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren  
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.  
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson  
Mannafli e. Stefan Zweig  
Alveg brílljant skilnaður e. Geraldine Aron  
Íslenski dansflokkurinn og margt, margt fleira.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

## STUÐ MILLI STRÍÐA Fljótt skipast veður í lofti

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VEIT ALDREI VIÐ HVERJU Á AÐ BÚAST.



Veðurfar verður sjaldan tæmandi umræðuefni og hafa allir Íslendingar gaman af að skrafa um veðrið, hvort sem verið er að gagnrýna það eða dásama. Hið fyrra er þó algengara enda veður-guðirnir búnir að vera með allt á hornum sér gagnvart Íslandi þetta árið.

Nú er haustið komið og grámyglan sem einkennir þennan árstíma lætur ekki bíða eftir sér. Nú eru rúmar þrjár vikur síðan haustið gekk formlega í garð með mígandi rigningu í bland við skínandi sól inni á milli. Algjörlega stjórnlaust og maður er í hálfgerðum vandræðum

þegar maður fer út á morgnana, hvort það verði regnkápan eða létti sumarjakkinn sem verður fyrir valinu. Oftast verður að hafa aukaföt með í töskunni því veðurfar á klakanum er með eindæmum ótraust. Vettlingar, húfa og trefill eru alltaf með til öryggis. Þó að sólin skíni og veðrið sé stíll klukkan níu á morgnana getur komið stormur einni mínútu síðar.

Þetta gerir það að verkum að heima hjá mér geri ég varla annað en að hendast á milli glugga að opna og loka til skiptis. Ofnar heimilisins eru undir miklu álagi þessa daga þar sem ég skipti ört um hitastillingu. Hlýrabolurinn og lopapeysan eru bæði til taks heima fyrir enda notuð til skiptis oft á dag.

Þegar þetta er skrifað er veðrið í höfuðborginni fallett og stíllt og skiptist fólk á að lofsama veðrið í kaffipásunum. Sólin er samt sem áður svo lágt á lofti að mér skildist á fréttunum í morgun að ekki hafi verið fleiri umferðarslys á einum degi og einn sólardaginn. Svona getur hið góða snúist upp í andhverfu sína.

Ég vil samt sem áður enda þennan pistil á að lýsa ánægju minni yfir að haustið sé gengið í garð. Þetta er notalegur árstími þar sem lífið virðist róast og allt fellur í ljúfa löð eftir átök sumarsins. Á sumrin eru allir að reyna að keppast um að nýta tímann sem best. Núna er hverdagsleikinn tekinn við og hann er bara alveg hreint ágætur.

## myndasögur


## ■ pondus

Eftir Frode Överli



## ■ gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



# allt tíska

Alla fimmtudaga





## SPJALDANNA Á MILLI Halldór Guðmundsson

### Hleranir í köldu stríði

Það er margt fróðlegt í síðasta hefti tímaritsins Þjóðmála, ekki hvað síst er ítarleg grein Þórs Whiteheads, „Smáríki og heimsbyltingin“, um öryggisdeild íslensku lögreglunnar og fleira, vel til þess fallin að vekja forvitni, andmæli og umræður. Á sínum tíma held ég að bækur Þórs um Ísland í aðdraganda síðari heimsstyrjaldarinnar hafi breytt viðhorfi almennings til rannsókna á samtímasögu og stórukið áhugann á slíkum fræðiritum. Síðan hafa bækur um kalda stríðið, til dæmis eftir Val Ingimundarson um Ísland og Bandaríkin og Jón Ólafsson um íslenska sósíalista og Sovétríkin, vakið verðskuldaða athygli. Ekki er langt síðan upplýst var um samstarf íslenskra og bandarískra stjórnvalda við að koma höggi á Halldór Laxness og nú er væntanlegt verk eftir Guðna Th. Jóhannesson um símhleranir stjórnvalda í köldu stríði (Andstæðingar okkar beittu hlerunum. Máttu þeir einir beita símahlerunum á Íslandi? spurði Morgunblaðið í leiðara af þessu tilefni þann 23. maí sl., líktog það væri málsaðili). Almennig finnst orðið sjálfsgagt að vera upplýstur um merkilega drætti samtímasögunnar með verkum sem þessum. Í því ljósi er það algerlega fráleit afstaða að neita Kjartani Ólafssyni, virtum fræðimanni og þess utan fórnarlambi slíkra hlerana, um aðgang að gögnum um hleranamálið. Þá ákvörðun ber að endurskoða, í nafni lýðræðis.

#### Njósnað um Nóbélinn

Bandaríska skáldið William Faulkner sagði eitt sinn við Matthías Johannessen að það væri ekki pláss í Bandaríkjunum fyrir bæði Faulkner og Hemingway. Hvað mega þá smáþjóðirnar segja? Það er sívaxandi þröng á þingi um þessi einu Nóbelsverðlaun okkar. Óneitanlega er fróðlegt að kynna sér með hvaða hætti sænska akademían tekur ákvörðun, en líklega erum við, og þá er undirritaður síst undanskilinn, búin að eyða ærnu púðri í að njósna um hvernig þessir átján miðaldra karlar og eldri komust að niðurstöðu. Nú er nær að fara að sinna um verk þeirra ágætu íslensku höfunda sem ekki hlutu Nóbélinn og má í því sambandi minna á að sem stendur eru flestallar bækur Gunnars Gunnarssonar og Þórbergs Þórðarsonar ófáanlegar á Íslandi.

#### Nýhil

Talandi um miðaldra menn: Í alltof langan tíma og með alltof fáum undantekningum hafa kallar á mínum aldri ráðið mestu um hvaða bækur eru gefnar út á Íslandi. En nú er greinilega komið til að vera forlag sem ungt fólk heldur úti, Nýhil (www.nyhil.org). Fram að þessu hefur forlagið einkum sinnt ljóðabókaútgáfu en nú hyggst það líka senda frá sér skáldsögur. Ekki verður betur séð en að þarna sé að finna bæði þá ástríðu og þann kraft sem er forsenda allrar bókaútgáfu. Fylgjumst með því!

## Íslenskir hápunktar

KaSa-hópurinn heldur tónleika í Norræna húsinu í dag undir yfirskriftinni „Íslensk kammertónlist á 20. öld“. Efnisskráin samanstendur af nokkrum verkum sem teljast hápunktar íslensks tónlistarlífs á 20. öld; meðal þeirra eru sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Jón Nordal, smátrío fyrir flautu, selló og píanó eftir Leif Þórarinnsson og strengjakkvartett eftir Jón Leifs. Auk þess verða flutt verk eftir Hafliða Hallgrímsson og Atla Heiðmi Sveinsson en þeir hafa báðir hlötið Norðurlandaverðlaun fyrir tónlist.

Flytjendur á tónleikunum verða fiðluleikararnir Elfa Rún Kristinsdóttir og Auður Hafsteinsdóttir, víóluleikarinn Helga Þórarinsdóttir, sellóleikararnir Sigurður Bjarki Gunnarsson og Sigurgeir Agnarsson, Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.



KASA-TÓNLISTARHÓPURIÐ LEIÐUR ÚRVAL ÍSLENSKRA TÓNMIÐA Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari leikur með hópnunum í Norræna húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

KaSa hópurinn mun endurtaka tónleikana í menningarmiðstöðinni Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn hinn 1. október næstkomandi og verða þeir hljóðritaðir af danska ríkisútvarpinu. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

21 22 23 24 25 26 27

#### Sunnudagur

##### SYNINGAR

11.00 Listamennirnir **Anna Eyjólfssdóttir, Jessica Stockholder, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúri og Þórdís Alda Sigurðardóttir** sýna verk sín á samsýningunni **Mega vott** sem nú stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin er opin milli 11-17 en hún stendur til 2. október.

13.00 Sýning á **safneign Nýlistasafnsins** verður opnuð í húskynnum safnsins að **Laugavegi 26**. Opið verður daglega frá 13-17 og munu valdir góðkunningjar safnsins stýra óhefðbundinni leiðsögn kl. 14. á hverjum degi. Sýningin stendur til 1. október.

14.00 Í **Safni**, samtímalistasafni við Laugaveg 37, stendur yfir sýning listamannanna **Tilo Baumgärtel** og **Martin Kobe** frá Leipzig í Þýskalandi. Á sýningunni eru

málverk, teikningar og vídeóverk. Innsetning svissneska listamannsins **Roman Signer** er til sýnis á annarri hæð Safns. Safn er opið milli 14-18 mið-fös en 14-17 um helgar. Sýningarnar standa yfir til 5. nóvember.

15.00 Myndlistamennirnir **Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** leiða gesti Listasafns Reykjavíkur um sýninguna **Pakkhús postulanna** í **Hafnarhúsinu**. Ellefu ungir listamenn eiga verk á sýningunni en stjórar hennar eru **Daniel Karl Björnsson** og **Huginn Þór Arason**.

##### UPPÁKOMUR

10.00 Kyrrðardagur í **Viðey. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson** dómkirkjuprestur leiðir dagskrána sem samanstendur af útivist, notalegum matmálstímum og kyrrðarstundum í **Viðeyjarkirkju** og **Viðeyjarstofu**. Heimferð kl. 18.30 Kostnaður við hádegismat, síðdegiskaffi, ferjutoll og dagskrá er 3.750 kr.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Herinn, beinin og skáldskapurinn

Bókmenntafræðingurinn Jón Karl Helgason ræðir við gesti Gljúfrasteins um Atómstöðina í dag kl. 16. Atómstöðin er verk mánaðarins í húsi skáldsins og gefst lesendum þess nú kostur á að kíkja við í stofunni og spjalla um verkið. Yfirskrift dagsins er „Atómstöðin: her og bein“ en Jón Karl mun ræða um örlög beina Jónasar Hallgrímssonar í skáldskap og veruleika í tengslum við verkið.

Bein þessi blönduðust óvænt í deiluna um Keflavíkursamninginn þar sem þau komu til landsins frá Danmörku þegar umræður um veru hersins hér á landi stóðu sem hæst á Alþingi en þá urðu jarðneskar leifar skáldsins að bit-beini stjórnmálafla.

Atómstöðin fjallar öðrum þræði um þessi tvö viðkvæmu samtíma-mál, Keflavíkursamninginn og beinamálið. Í bókinni er látið að

því liggja að beinin hafi verið flutt til Íslands í þeim tilgangi að leiða athygli almennings frá samninga-viðræðum ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjamenn. Lýsing Halldórs á innihaldi kistunnar sem geymdi jarðneskar leifar þjóðskáldsins fer glettilega nærri lýsingu Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar á innihaldi kistunnar sem grafin var í þjóðargrafreitnum haustið 1946.

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir en þess skal getið að Brekkukotsannáll verður verk októbermánaðar á Gljúfrasteini.

JÓN KARL HELGASON BÓKMENNTA-FRÆÐINGUR Ræðir um bein Jónasar í samhengi við Atómstöðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



### Kynningarkvöld fyrir forráðamenn nýnema MH miðvikudaginn 27. september kl. 20:00 - 21:30

Rector, námsráðgjafi og félagsráðgjafi frá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða flytja stutt ávörp, kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur og að því loknu fara umsjónarkennarar með foreldrum í kennslustofur og ræða málin stutta stund. Kórfélagar framreiða kaffi og með því gegn vægu gjaldi. Ágóðinn rennur í ferðasjóð kórsins. Við hvetjum ykkur til þess að taka frá þetta kvöld og nýta ykkur tækifærið til að koma í MH og kynna starfinu hér.

Rector



## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

#### STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10. **Aðeins fáar sýningar í haust.**

#### FAGNAÐUR

eftir Harold Pinter. Í kvöld sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. **Aðeins fjórar sýningar í haust.**

**LEIKHÚSKVÖLD MEÐ PINTER.** Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning. Fyrir sýningu á **Fagnaði** er boðið upp á erindi um **Nóbelskáldið Harold Pinter** og kvöldverð í anda verksins í Leikhúskjallaranum. Nánari upplýsingar í miðasölu.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. **Frumssýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt,** lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

#### KASSINN KL. 20:00

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, mið. 11/10 örfá sæti laus, fim. 12/10, fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10, fös. 20/10 örfá sæti laus, lau. 21/10 örfá sæti laus.

#### SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse. Fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.

**Leikhúskjallarin. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.**

**KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT! MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS** AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER

**Gómsætur kvöldverður kl. 19:00**  
þriggja rétta kvöldverður í anda Fagnaðar í Leikhúskjallaranum

**Fróðlegur fyrirlestur kl. 20:00**  
Martin Regal flytur erindi um Nóbelskáldið Pinter og verk hans

**Verðlaunuð leiksýning kl. 21:00**  
Sýningin Fagnaður fékk tvær Grimur í vor

Upplýsingar og pantanir í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)





27. september - 1. október

# Dagskrá

27. september - miðvikudagur

Opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur  
Bill Holman ásamt Stórsveit Reykjavíkur - NASA  
Trío Lasúr - Q-bar

- : -

28. september - fimmtudagur

Tobias Delius, Han Bennink og Valdi Kolli  
- Víkingasalur (Hótel Loftleidir)  
Gammar - Víkingasalur (Hótel Loftleidir)  
Laser - Q-bar

- : -

29. september - föstudagur

Tore Brunborg/Sunna Gunnlaugs Kvartett  
- Q-bar  
Dialect - NASA  
Kvintett Ásgeirs Ásgeirssonar - NASA  
Andrzej Jagodzinski Trio - Þjóðleikhúskjallarinn

- : -

30. september - laugardagur

YNJC - Sal FÍH Rauðagerði

## Stórtónleikar í Austurbæ

Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór Kvartett  
Kurt Elling with Laurence Hobgood Trio

BÍT - Latínsveit Tómasar R - NASA

- : -

1. október - sunnudagur

Kristjana Stefáns/Agner Már - NASA  
Oriental Express - NASA

- : -

14. október - laugardagur

Utlendingahersveitin - útgáfutónleikar  
NASA

Miðasala á [www.midi.is](http://www.midi.is)  
Skífunni og BT

Allar nánari upplýsingar á:

# www.jazz.is



„Þú veist að ég hef megnan viðbjóð á hversdagsleikanum, minn kæri,“ sagði Steinn, líkt og hann hefði lesið hugsanir mínar.

Úr fyrsta kafla nýrrar skáldsögu Steinars Braga, Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins, sem er birtur í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar. Bókin kemur út hjá Bjarti í vetur.

„Já: Ég er vistmaður á hæli; hjúkrunarmaðurinn minn fylgist með mér, hann hefur vart af mér augun og það er gægjugat á hurðinni, en hjúkrunarmaðurinn er brúneygður og sér ekki í gegnum mig, bláeygðan manninn.“

Þýski rithöfundurinn Günter Grass byrjar stórvirki sitt Blikktrommuna á þessum orðum en nú hvíla allra augu á honum eftir að hann upplýsti að hann gegndi herþjónustu í stormsvetnum Hitlers.

## bækur

baekur@frettabladid.is

### > Bók vikunnar

Norska skáldsagan **Berlinar-aspírnar** eftir Önnu B. Ragde hefur slegið í gegn á Norður-löndunum. Hundabjálfi, útfarastjóri, svinabóndi, gamall maður sem þvær sér ekki og samkynhneigður **gluggaústillingameistari** þurfa að finna sér sameiginlegan takt í tilverunni og sættast við hlutskipti sitt í stað þess að flýja það. Þýðandi er **Pétur Ástvaldsson**.



# Sársaukinn í huganum og skáldskapnum

Lífeðlisfræði sársaukans er veigamikill þáttur í skáldsöggunni Yosoy eftir Guðrúnu Eva Mínervudóttur. Jóhann Axelsson, prófessor í lífeðlisfræði, vottaði á málþingi í síðustu viku að lífeðlisfræði skáldverksins stæði fyrir sínu. Þórarinn Þórarinnsson ræddi við skáldið og prófessorinn um sársaukann og lífeðlisfræði lífsins.

„Lífeðlisfræðin er leitinn að rökvisi lífsins og í þeim skilningi mínum og milljóna annarra manna er Guðrún Eva afbrigðis lífeðlisfræðingur,“ segir Jóhann. „Ég er óskaplega ánægður með Yosoy og framlag bókarinnar til skilnings á mannlífínu en sársaukinn er stór hluti þess. Sársaukinn er í huganum og þess vegna getur enginn lifandi maður dregið sársauka annars manns í efa og afgreitt umkvartanir sjúklinga sem ímyndun. Enginn getur sagt mér að ég hafi ekki þann sársauka sem ég finn,“ segir Jóhann og lætur það fljóta með að nokkuð vanti upp á skilning fólks á því að sársaukinn eigi sér einnig rætur í huganum.

„Ég lenti ungur í ferðalögum en það þótti ekki gott eins og segir í Brekkukoti,“ segir Jóhann, sem stúderaði meðal annars heilastarfseminna, taugaböð og sársaukann í Svíþjóð, Frakklandi og Englandi. „Þegar ég kom heim féll það í minn hlut að fræða læknanema og síðar aðrar heilbrigðisstéttir um það sem þau þurfa mest að vita og skilja, sársaukann.“ Jóhann hugsar sig aðeins um og dregur svo í land. „Svona alhæfing er ekki vísindaleg og ég dreg hana til baka en ég get ekki ímyndað mér neitt mikilvægara fyrir heilbrigðisstéttirnar en að skilja sársaukann. Ég er meðlimur í hinu velvirta Verkjafræðafélagi Íslands og þar er mikið um gott fólk. Eftir að hafa lesið Yosoy finnst mér tilefni til að stækka félagið með því að bjóða Guðrúnu Evu að gerast heiðursfélagi. Hún hefur svo sannarlega unnið til þess. Bókin opnaði mér nýjar víddir, ég hef lært mikið af henni og það er enginn galli á lífeðlisfræðinni í Yosoy, hún stendur fyrir sínu.“

Jóhann og Guðrún Eva hafa þekkt í tíu ár og viðurkenna fúslega að þau hafa haft áhrif hvort á annað. „Jóhann kom samt ekkert að samningu bókarinnar,“ segir Guðrún Eva en heldur því til haga að kunningssskapur þeirra í gegnum tíðina hafi vissulega haft sitt að segja. „Ég vann heimildarvinnu sem hver sem er gæti gert, þori hann að skrifa um vísindi. Ég þurfti mörg tilhlaup áður en ég þorði og hefði sennilega aldrei gert þetta ef ég hefði ekki haft bakland í Jóhanni. Ég vissi að ég yrði þá rassskellt fyrir fram en



JÓHANN OG GUÐRÚN EVA eru miklir og góðir vinir og skáldið bar öll lífeðlisfræðileg vafaatriði undir prófessorinn áður en hún lét Yosoy frá sér enda eru fair jafn fróðir og Jóhann um sársaukann og eðli hans.

ekki eftir að bókin kæmi út.“

Guðrún Eva bætir því við að Jóhann hafi verið örhlátur á fróðleik og segist aldrei hafa þorað að gefa bókina út án þess að bera hana fyrst undir hann.

„Ég fór með handritið til Jóhanns rétt áður en það fór í prentun og bar allt undir hann sem ég var hræddust um að yrði til þess að ég yrði skömmuð fyrir að vita ekkert um,“ segir Guðrún Eva og nefnir sérstaklega skurðaðgerð sem gerð er á einni persónunni, Madame Louise de Roubaix, en með aðgerðinni er blygðunar-kennd hennar tekin úr sambandi. „Mér fannst þetta vera það ótrúlegasta í bókinni en Jóhann tók kvíðann minn úr sambandi þegar hann sagði: „Nei, Eva mín. Við getum þetta ekki í þeim skilningi að við kunnum þetta ekki og við getum ekki reynt það fyrr en við höfum hugsað það í þaula og öll siðferðileg álitamál því tengd en hugmyndin er ekki fjarstæðu-kennd.““

„Ég held að þetta sé mögulegt og alveg lógískt,“ grípur Jóhann inn í. „Ég hef sjálfur reynt að taka blygðunar-kennd mína úr sambandi en þá hef ég gert það með því að drekka hvítvín, jafnvel bjór. Það hefur tekist alveg ágætlega en hins vegar hef ég ekki losnað við eftirsjána yfir því að hafa hagað með öðruvísi en ég vildi. Þannig að það er hægt að taka blygðunar-kenndina úr sambandi en þegar það er gert með aðgerðinni á Madame er spurning hvort hún sé

ekki að missa eitthvað meira.“

Jóhann segir aðgerðina á Madame hafa leitt huga hans að Milton og Paradísarmissi. „Bæði Milton og Madame ganga í gegnum ákveðinn missi en Madame sér bara ekkert eftir því og það finnst mér vera ákaflega alvarlegur hlutur. Það fer hins vegar ekki á milli mála að Milton sér eftir Paradís.“

Paradísarmissi Milton hefur löngum verið Jóhanni hugleikinn og hann hefur í gegnum árin farið með þessar ljóðlínur úr verkinu, í þýðingu séra Jóns á Bægisá, fyrir nemendur sína:

*en vesöld verst  
er verkjapína,  
algjörð ólukka,  
og engi slík,  
því hún þolhörku  
þá eina stærstu  
ef of hátt geysar  
yfristígur*

„Þeir eru ótal læknanemarnir sem hafa spurt mig hvort þetta sé til prófs og ég hef þá alltaf svarað því að það séu ekki bara þessar línur heldur Paradísarmissi eins og hann leggur sig. Eftir að Yosoy kom út hef ég bætt henni við og gert hana að skyldulesningu enda gagnmerkt rit um sársaukann. Hún er skáldverk en eins og öll góð skáldverk er hún list og listin og vísindin eru náskyld. Við erum í báðum tilfellum að opinbera, bregða ljósi á persónur og mann-  
eskjur og manneskjan er alltaf í miðjunni.“

# Sjaldséð samtímalist til sýnis

Sýning á safneign Nýlistasafns Íslands verður opnuð í húsakynnum safnsins á Laugavegi 26 kl. 14 í dag en á þessari óvenjulegu sýningu gefst einstakt tækifæri til að sjá dýrgrip úr listasögu landsins. „Við erum að sýna öll verk í eigu safnsins,“ útskýrir Lárus Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins. „Við tökum þau úr geymslunni og komum þeim fyrir í safninu. Þetta eru hátt í sjö hundruð verk svo við verðum að þekja veggina og síðan verða kassar um öll gólf.“

Lárus líkir sýningunni við rannsókn enda mun hún gefa góða mynd af áherslum listalífsins. „Við viljum gefa bæði félögum okkar sem eiga verkin og almenn-

ingi kost á að sjá þessi verk. Fólk kemur inn og fær hanska, síðan getur það tekið sér tíma í að skoða og kíkja á það sem er til. Elstu verkin eru frá því um 1960 en þegar safnið var stofnað árið 1978 fengum við verk SÚM-hópsins og listamanna sem kenndir voru við Sudurgötu 7. Hér eru verk eftir Dieter Roth og alla okkar helstu samtíma listamenn sem komið hafa nálægt nýlistasafninu,“ segir Lárus og bætir því við að fæst verkanna hafi verið til sýnis frá því að þau voru gefin.

Lárus útskýrir að Nýlistasafnið hafi ekki bætt í safnkost sinn síðustu árin sökum fjár- og fermetraskorts en mögulega verður leyst úr því á næstunni. „Við erum í við-

ræðum við Listasafn Reykjanæbæjar um að safnið verði mögulega flutt þangað í geymslu og hluti safneignarinnar verði til sýnis þar,“ útskýrir hann.

Sýningin stendur til 1. október og er opin milli 14 og 17 en valinkunnir aðstandendur safnsins munu mæta á svæðið í dag til þess að veita gestum leiðsögn og inn-sýn í safneignina, meðal þeirra eru Ingólfur Arnarson prófessor í Listaháskólanum, Goddur, Ásta Ólafsdóttir og Hannes Lárusson.

- khh

**VERK DIETERS ROTH** í safneign Nýlistasafnsins eru verk eftir marga af fremstu samtímalistamönnum landsins.

MYND/DIETER ROTH



## FULL BÚÐ AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM

Mörg sértíloboð í gangi!

### METSÖLULISTINN

#### HEILDARLISTI

- 1 **STAFSETNINGARORDABÓKIN**  
DÓRA HAFSTEINSDÓTTIR RITSTJ.
- 2 **NORWEGIAN WOOD - KILJA**  
HARUKI MURAKAMI
- 3 **DRAUMALANDIÐ**  
ANDRI SNÆR MAGNASON
- 4 **FLUGDREKAHLAUPARINN - KILJA**  
KHALED HOSSEINI
- 5 **SKUGGI VINDSINS - KILJA**  
CARLOS RUIZ ZAFÓN
- 6 **LOST IN ICELAND**  
SIGURGEIR SIGURJÓNSSON
- 7 **VÍSNAÐARÓKIN - AFMÆLISÚTGÁFA**  
ÝMSIR / HALLDÓR PÉTURSSON
- 8 **MUNKURINN SEM SELDI ...**  
ROBIN SHARMAN
- 9 **ÍSLENSK BÓKMENNTASAGA V**  
GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON RITSTJ.
- 10 **VETRARBORGIN - KILJA**  
ARNALDUR INDRIDASON

#### BARNA- OG UNGLINGABÆKUR

- 1 **VÍSNAÐARÓKIN - AFMÆLISÚTGÁFA**  
ÝMSIR / HALLDÓR PÉTURSSON
- 2 **SAGAN AF DIMMALIMM**  
MUGGUR
- 3 **LÚLLI OG EINHVER**  
ULF LÖFGREN
- 4 **SKELLIBJALLA OG DULARFULLU...**  
WALT DISNEY
- 5 **PIRATES - DAUÐS MANNS KISTA**  
IRENE TRIMBLE
- 6 **LÚLLI LÆKNIR**  
ULF LÖFGREN
- 7 **HVAR ER BANGSI?**  
EDDA ÚTGÁFA
- 8 **LÚLLI**  
ULF LÖFGREN
- 9 **ELDUR HAFSINS - GALDRASTELPUR**  
LENE KAABERBÖL
- 10 **ARI OG ERLA FARA Í GÖNGUFERÐ**  
KERSTIN M. SCHULD

#### SKÁLDVERK - KILJUR

- 1 **NORWEGIAN WOOD**  
HARUKI MURAKAMI
- 2 **FLUGDREKAHLAUPARINN**  
KHALED HOSSEINI
- 3 **SKUGGI VINDSINS**  
CARLOS RUIZ ZAFÓN
- 4 **VETRARBORGIN**  
ARNALDUR INDRIDASON
- 5 **STUTT ÁGRIP AF SÖGU TRAKTORSINS**  
MARINA LEWYCA
- 6 **DAUÐARÓSIR**  
ARNALDUR INDRIDASON
- 7 **VERONIKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA**  
PAULO COELHO
- 8 **LEYNDARDÓMUR BÝFLUGNANNA**  
SUE MONK KIDD
- 9 **BERLÍNARASPIRNAR**  
ANNE BIRKEFELDT RAGDE
- 10 **PRÍÐJA TÁKNID**  
YRSA SIGURDARDÓTTIR

LISTARNIR ERU GERDIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 13.09.06 - 19.09.06 Í PENNANUM EYMUNDSSON OG BÓKA-BÚÐ MÁLS OG MENNINGAR.



Kubbur margmblun - CH0806

Dalvegi 18 201 Kópavogi  
Sími: 554 5333  
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is

**Opið mánudaga til föstudaga 11-18,  
laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-16**

**gallerí  
húsgögn**



**Nýtt í bíó**

**EKKI HATA LEIKMANNINN, TAKTU HELDUR Á HONUM!**

**FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRJAR VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRASTA SEM DÖMPAÐI ÞEIM! MEÐ HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.**

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 2, 4, 6, 8 og 10
CLERKS 2	Kl. 5.45, 8 og 10.15 B.L. 12 ÁRA
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 5.45, 8 og 10.15
SÝND Í LÚXUS	Kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15
MY SUPER-EX GIRLFRIEND	Kl. 5.50, 8 og 10.10
LITTLE MAN	Kl. 1.50 og 3.50
GRETTIR 2 ISL. TAL	Kl. 2 og 3.50
GRETTIR 2 ENSKT TAL	Kl. 1.50 og 3.50

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 3, 6, 8 og 10
CRANK	Kl. 6, 8 og 10 B.L. 16 ÁRA
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 10.15
TAKK FYRIR AD REYKJA	Kl. 8 og 10.10 B.L. 7 ÁRA
VOLVER	Kl. 3, 5.50 og 8 B.L. 12 ÁRA
FACTOTUM	Kl. 3
LEONARD C: I'M YOUR MAN	Kl. 6
GRETTIR 2 ISL. TAL	Kl. 3

**400 kr. í bíó!**

**Laugarás BÍÓ** SÍMI 462 3500

JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 8 og 10
CLERKS 2	Kl. 8 og 10
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 6
MY SUPER-EX-GIRLFRIEND	Kl. 6
GRETTIR 2 ISL. TAL	Kl. 4
ÁSTRÍKUR & VÍKINGARNIR	Kl. 4

**400 kr. í bíó!**

**Sími 553 2075**

**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

**HÖRKU HASARMYND JASON STATHAM AMY SMART CRANK**

JASON STATHAM ÚR TRANSPORTER OG SNATCH FER Á KOSTUM Í KAPPHLAUPI UPP Á LÍF OG DAUDA

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 16

**FRÁBÆR GRINSPENNUMYND ÞEIRA WOODY ALLEN**

**SCOOP**

Sýnd kl. 6, 8 og 10

**GEGGJUD GRINMYND**

**You, Me and Dupree**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

**FRÁBÆR GRINSPENNUMYND**

**GRETTIR 2**

Sýnd kl. 2

**400 KR. Í BÍÓ** GILDI Á ALLAR SÝNINGAR MEREKTAR MEÐ KAUFU MIDASALA ÖPNAR KL. 1:30

## Brúðkaup í vændum

Söngkonan Anastacia er búin að trúlofast kærasta sínum og lífverði Wayne Newton. Párið byrjaði saman í mars á þessu ári og er yfir sig ástfangið að sögn breska blaðsins The Sun. Anastacia mun hafa fallið fyrir bónorði Newtons, sem var eitthvað á þessa leið: „Ég get ekki hugsað mér tilveruna án þín og vil ég gæta þín alla mína ævi.“ Þykja þetta vel valin orð hjá Newton vegna lífvarðarstarfs hans.



**ANASTACIA** Svifur um á bleiku skýi þessa dagana þar sem hún er nýbúin að trúlofast kærasta sínum og lífverði, Wayne Newton. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Anastacia hefur barist við brjóstakrabbamein og tók sér frí frá tónlistinni í nokkurn tíma vegna þessa en er nú komin aftur á upp á sjónarsviðið.

Hún er sérlegur talsmaður baráttunnar gegn sjúkdóminum og hefur komið fram opinberlega til að tala um veikindin til að hjálpa öðrum konum.

## Hollywood ekki fyrir homma

**Leikarinn Rupert Everett er orðinn leiður á hræsninni í Hollywood og þeim fordómum sem eru í garð samkynhneigðra í kvikmyndaiðnaðinum.**

Þetta kemur fram í nýrri sjálfsvísu hans, Red Carpets and Other Banana Skins, þar sem hann lætur allt flakka. „Hollywood er tálsýn“, segir Everett og bætir því við að kvikmyndastjórnur séu loftbólur sem vilji ekkert segja og megi heldur ekki segja neitt. Þeim sé borgað fyrir að halda kjafti. „Svo virðist sem allt sé að verða hraðara, grimmarara og ógnvænlegra, sérstaklega í skemmtanabransanum. Það er verið að skemmta okkur svo mikið að það er eiginlega ómögulegt fyrir okkur að hugsa um nokkuð annað. Það eina sem heldur dampi í fréttunum dag frá degi er rassinn á Jennifer Lopez“, segir hann.

Everett, sem er 47 ára, segist jafnframt vera orðinn of gamall til að vera á markaðnum sem sam-

kynhneigður maður. „Enginn vill mig. Hommar og konur eiga eitt sameiginlegt, bæði verða ósýnileg við 42 ára aldurinn. Hver vill ástarsamband með fimmtugum homma? Enginn, það get ég sagt þér“, segir hann. „Ég gæti kveikt í mér á hommabár og fólk myndi bara kveikja í sigarettunum sínum á mér.“

Ritstjóri sjálfsvísuögunnar, Antonia Hodgson, segir að bókin eigi eftir að koma fólki í opna skjöldu. „Þetta er ekki bara enn ein bókin frá þekktri persónu“, segir hún. „Hann lætur ekki allt flakka um einhverja eina manneskju heldur vill hann frekar sýna hvernig frægðin getur farið með fólk.“

Í bókinni segir Everett meðal annars frá gagnkynhneigðum ástarsamböndum sínum með Paulu Yates, eiginkonu Bob Geldof, frönsku leikkonunni Beatrice Dalle og leikkonunni Susan Sarandon. Skrifar hann líka m.a. um kynni sín af Andy Warhol, Orson Welles, Bob Dylan og Donatella Versace.

Everett er vafalítið þekktastur



**MEÐ MADONNU** Rupert Everett leiðir góðvinkonu sína Madonna. Everett hefur gefið út sjálfsvísu þar sem hann lætur allt flakka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fyrir hlutverk sitt í My Best Friend's Wedding. Einnig hefur hann m.a. leikið í Another Country og ljáð prinsinum fagra rödd sína í Shrek 2.

**Nýtt í bíó**

ÞAD ERU TIL ÞÚSUND LEIÐIR TIL AÐ AUKA ADRENALINFLÆÐIÐ Í DAG ÞARF CHEV CHELIOS Á ÖLLUM AÐ HALDA

**HÖRKU HASARMYND JASON STATHAM AMY SMART CRANK**

JASON STATHAM ÚR TRANSPORTER OG SNATCH FER Á KOSTUM Í KAPPHLAUPI UPP Á LÍF OG DAUDA

LAUGARÁS BÍÓ REGNBÖGINN

**LAUGARÁS BÍÓ** **TVÖ - BÍÓ**

**400 KR. Í BÍÓ!**

**400 KR. Í BÍÓ!**

**400 KR. Í BÍÓ!**

Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 400 kr.

**ÓDYRT Í BÍÓ KR 400**

## Phillips ákærður

Leikarinn Lou Diamond Phillips hefur verið ákærður fyrir líkamsárás. Er hann sakaður um að hafa ráðist á kærustu sína í síðasta mánuði.



**LOU DIAMOND PHILLIPS** Leikarinnar sem sló í gegn í La Bamba er í slæmum málum.

Phillips er sagður hafa lent í rífrildi við kærustuna og endaði það með barsmiðum. Á hann yfir höfði sér allt að eins árs fangelsisvist og um 140 þúsund króna sekt verði hann fundinn sekur. Phillips, sem er 44 ára, er þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum La Bamba og Stand and Deliver. Ferill hans hefur legið niður á við undanfarin ár. Hefur hann mestmegnis komið fram í gestahlutverkum í sjónvarpsþáttum á borð við Law & Order og 24.

**NACHO LIBRE**  
Með klæmme eina tanna Jack Black og frá hárstígjara "Napoleon Dynamite" kemur fröðunagætt þessum í stað.

**ÓBYGGÐIRNAR "THE WILD"**  
Sýnd með íslensku og ensku tali!

**Step Up**  
Frábær dansmynd hláðin geggjáðri tónlist en myndin kom heldur betur á óvart í USA fyrir nokkru.

**THE ALIBI**  
Hann var meistari á sínu sviði þar til hann hitti jafnoka sinn.

**BÖRN**  
KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**PROPOSITION**  
Blóðugt meistarverk eftir Nick Cave með úrvalsleikurum í hverju hlutverki.

**BÖRN**  
KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON  
★★★★  
V.J.V. TOPPS.IS

**MAURAHRELLIRINN**  
SYND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**UNITED 93**  
Þann 11. september 2001 var fjórur flugvélum rænt. Þrjár þeirru flugu á skilmörk sín. Þetta er saga fjórðu vélarinnar.

**BJÓLFSKVIDA**

**SAMBIÓN / ÁLFABAKKI**

NACHO LIBRE	kl. 6 - 8 - 10:20	B.1. 7.ára
NACHO LIBRE VIP	kl. 2 - 4:50 - 8 - 10:20	
ÓBYGGÐIRNAR	kl. 1:45 - 4 - 6	Leyfð
THE WILD	kl. 4 - 6:15 - 8:10	Leyfð
THE ALIBI	kl. 8:10 - 10:20	B.1.16.ára
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.1.12.ára
STEP UP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.1. 7.ára
MAURAHRELLIRINN	kl. 1:45 - 3:50	Leyfð
LADY IN THE WATER	kl. 10:20	B.1. 12.ára
OVER THE HEDGE	kl. 1:45 - 3:50	Leyfð
BÍLAR	kl. 1:45 - 4	Leyfð

**SAMBIÓN / KRINGLAN**

NACHO LIBRE	kl. 5:45 - 8 - 10:15	B.1. 7.ára
ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
STEP UP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15	B.1. 7.ára
UNITED 93	kl. 8 - 10:15	B.1.14.ára
MAURAHRELLIRINN	kl. 2 - 3:50	Leyfð
OVER THE HEDGE	kl. 2	Leyfð

**SAMBIÓN / KEFLAVÍK**

ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
STEP UP	kl. 6 - 8 - 10	B.1. 7
TAKK FYRIR AD REYKJA	kl. 8	B.1.14
UNITED 93	kl. 10	B.1.12
MAURAHRELLIRINN	kl. 2 - 4	Leyfð

**SAMBIÓN / AKUREYRI**

ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
NACHO LIBRE	kl. 8 - 10	
ANT BULLY	kl. 2 - 4	Leyfð
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10	Leyfð

**SPARBÍÓ 400 kr**  
á allar sýningar marktar með appelsínugula í Sambíónum Álfabakka, Keflavík og á Akureyri

**KVÍKMYNDAHÁTIÐ - Iokasýningar**

RENAISSANCE	kl. 3:30 í síðasta sinn	B.1. 12.ára
DOWN IN THE VALLEY	kl. 5:50 í síðasta sinn	B.1. 16.ára
BÖRN	kl. 3:30 - 5:50 - 8 - 10:15	B.1.12.ára
THE PROPOSITION	kl. 5:50 - 8 - 10:15	B.1. 16.ára
ÓBYGGÐIRNAR	kl. 3:30 - 6 - 8	Leyfð
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8 - 10:15	Leyfð
BJÓLFSKVIDA	kl. 10:15	B.1.16.ára
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 6 - 9	B.1. 12.ára
MAURAHRELLIRINN	kl. 3:30	Leyfð

HAGATORGI • S. 530 1919

# Heitir nú Rock Star: Supernova

Nafni hljómsveitarinnar Supernova, sem Magni Ásgeirsson var nálægt því að komast í, hefur verið breytt í Rock Star: Supernova.

Heitir hljómsveitin því eftir raunveruleikahættinum sem kom henni á kortið. Pönksveitin Supernova frá Kaliforníu höfðaði mál gegn Tommy Lee og félagum fyrir að stela nafninu og á endanum þurfti raunveruleikasveitin að gefa eftir.

Hin upphaflega Supernova hefur gefið út þrjár plötur undir því nafni frá árinu 1991. Voru liðsmenn hennar afar ósáttir þegar hin nýja Supernova kom fram og höfðaði því mál gegn CBS-sjónvarpsstöðinni, öllum þátttakendum og framleiðandanum Mark Burnett fyrir ósanngjarna sam-



**ÓSÁTTIR** Þeir félagar Tommy Lee, Jason Newsted og Gilby Clarke eru væntanlega ekkert sérlega sáttir við nafnabreytinguna.

keppni og fyrir að hafa troðið á vörumerki þeirra. Fyrstu tónleikar Rock Star: Supernova með nýja söngvarann Lukas Rossi í fararbroddi verða haldnir í Las Vegas á nýárskvöld.

# Ummæli sem vekja hneykslun

Söngkonan og dívan Beyoncé er ekki í góðum málum þessa dagana en hún lét ummæli falla í viðtali við tímaritið Blender sem vakið hafa mikla hneykslun manna. Þar sagðist söngkonan fræga aðeins gera plötur og tónlist fyrir svertingja. Þetta hefur vakið mikil viðbrögð í Bandaríkjunum og hefur salan á nýjustu plötu hennar dregist saman um sjötíu prósent síðan blaðið kom út.

Á svipuðum tíma var nafn Beyoncé þúðað niður á Mobo-verðlaunahátíðinni en þar vann hún til þriggja verðlauna en lét ekki sjá sig, aðdáendum sínum til vonbrigða.



**BEYONCÉ** Sagðist í nýjasta tölublaði Blender aðeins gera plötur og tónlist fyrir svertingja. Ummælin hafa vakið mikla hneykslun Bandaríkjamanna.

# Ekki fyrir nútímapopp

Tónlistarmaðurinn Sting segist ekki vera hrifinn af nútímapoppurum á borð við Justin Timberlake og Beyoncé Knowles.

„Tónlistin í dag er ekki sníðin að mínum þörfum. Ég skil hvorki Beyoncé né Justin Timberlake. Fyrir mér er söngur andlegt ferðalag,“ segir Sting. Er honum illa við að tónlist sé sköpuð með tilliti til plötusölu og stöðu á vinsældalistum.

Nýjasta plata Sting, Songs From the Labyrinth, er væntanleg. Segir Sting hljóminn vera lífrænan en platan var tekin upp á heimili hans í Toscana-héraði á Ítalíu.

# Nýr klúbbur

Kvikmyndaklúbburinn Lax hefur verið stofnaður af útvarpsstöðinni X-inu 977 og Laugarásbíói. Klúbburinn er ætlaður þeim hlustendum X-ins sem hafa mikinn áhuga á kvikmyndum. Leitast verður við að bjóða hlustendum upp á það allra besta sem völ er á í úrvalsafþreyingu.

Í klúbbnum verða sýndar bæði gamlar og nýjar myndir, jafnt hámenning sem lágmenning. Öllum er heimilt að skrá sig í klúbbinn á xid977.is. Á meðal væntanlegra mynda hjá Lax má nefna Crank, Saw 3 og Disaster Movie.

**SparBíó\* — 400kr**

**ÓBYGGÐIRNAR "THE WILD"**  
Sýnd með íslensku tali!

**MAURAHRELLIRINN**  
SYND Í ÁLFABAKKA KL. 1:45 (KEF. OG AK. KL. 2)

**OVER THE HEDGE**  
M-Ísl.tal. SYND Í ÁLFABAKKA KL 1:45

**BÍLAR**  
M-Ísl.tal. SYND Í ÁLFABAKKA KL 1:45

**Nýtt**

**SparBíó\* : 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 1:45 OG 2**  
Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA

**FRUMSÝND 22.09.06**

**JASON STATHAM  
AMY SMART  
CRANK**

**9. HVER VINNUR!**  
SENDU SMS JA FCK  
Á NÚMERIÐ 1900  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!  
Vinningar eru miðar fyrir 2,  
DVD myndir og margt fleira

**REGNBÖGINN**

**BÍÓMIÐI**

Vinningar verða afhendir hjá B.Smaralind - Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

## > Áhorfendametið slegið

Nýtt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla þetta sumarið en alls mættu 98.026 manns á leikina 90 í ár, eða að meðaltali 1.089 manns á leik. Eldra metið var sett 2001 þegar 96.850 manns mættu á leikina í deildinni. Þess má geta að alls mættu 5.258 áhorfendur á leikina fimm sem fram fóru í lokaumferðinni í gær. Stefnt var að því að fá yfir 100.000 manns samtals á leikina í sumar en það tókst ekki. Góðar líkur eru á því að það takist á næsta ári en liðin tvö sem koma upp, Fram og HK, eru með stóran stuðningsmannahóp í kringum sig. Þá verður ekkert stórmót landsliða það sumar og sívaxandi kynningarstarfsemi Landsbankans og KSÍ ætíð að hafa áhrif.

**sport**  
sport@frettabladid.is



# 60 MEÐ ÓLAFI JÓHANNESSYNI

SEKÚNDUR

**Að vera Íslandsmeistari er...** frábært.

**Heimir eða Leifur:** Heimir er þyngri.

**Kaplakríki er...** besti völlum landsins.

**Hafnarfjarðarmaffian er...** bestu stuðningsmenn landsins.

**Allan Dyring eða Allan Borgvardt:** Allan Dyring.

**Besti leikmaður deildarinnar er...** í FH búningi.

**Hvenær á að taka þetta tvöfalt?** Við fyrsta tækifæri.

**Besti knattspyrnumaður heims:** Maradona.

**Uppáhaldsblómmynd:** Hef ekki farið í bíó í tuttugu ár.

**Golf er...** íþrótt fyrir fótboltaþjálfara.

**Uppáhaldsdrykkur:** Kalt vatn.

**Ef þú mættir velja einn leikmann úr deildinni utan FH?** No comment.

## LANDSBANKAÐEILDIN

### LOKASTAÐAN:

FH	18	10	6	2	31-14	36
KR	18	9	3	6	23-27	30
VALUR	18	7	8	3	27-18	29
KEFLAVÍK	18	6	6	6	30-20	24
BREIÐABLIK	18	6	5	7	27-33	23
ÍA	18	6	4	8	27-30	22
VÍKINGUR	18	5	6	7	21-18	21
FYLKIR	18	5	6	7	22-25	21
GRINDAVÍK	18	4	7	7	24-26	19
ÍBV	18	5	3	10	18-39	18

### MARKAHÆSTU LEIKMENN:

MAREL BALDVINSSON, BREIÐABLIK	11
BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA, KR	10
JÓHANN ÞÓRHALLSSON, GRINDAVÍK	10
TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH	8
VIKTOR B. ARNARSSON, VÍKINGI	8
STEFÁN ÖRN ARNARSON, KEFLAVÍK	6
GUÐM. STEINARSSON, KEFLAVÍK	6
SÆVAR ÞÓR GÍSLASON, FYLKI	6
ÓSKAR HAUSSON, GRINDAVÍK	6

Markahæstu leikmenn:

## Marel varð markakóngur

**FÓTBOLTI** Marel Jóhann Baldvinsson vann gullskóinn í Landsbankadeild karla í ár en hann skoraði ellefu mörk í þrettán leikjum fyrir Breiðablik. Hann hélt svo til Noregs áður en tímabilinu lauk en varð markakóngur þrátt fyrir það. Björgólfur Takefusa úr KR fær silfurskóinn og Jóhann Þórhallsson, Grindavík, bronsskóinn.

Báðir skoruðu þeir tíu mörk en Björgólfur gerði þessi mörk í færri leikjum. Fjögur af þrettán mörkum Marels komu úr vítaspjrynum. Leikmennirnir fá viðurkenningar sínar afhentar á lokahófi KSÍ sem verður um miðjan mánuðinn. - egm



**MAREL BALDVINSSON**

Jóhann Þórhallsson:

## Framtíðin er óákveðin

**FÓTBOLTI** Framherjinn Jóhann Þórhallsson var með böggum hildar eftir leikinn en hann klúðraði mörgum góðum færum í leiknum. Hann vildi ekki staðfesta að hann léki með Grindavík í 1. deildinni en þar lék Jóhann með Þór á síðasta ári. Með 10 mörkum fyrir Grindavík í sumar hefur Jóhann þó heldur betur sannað að hann á erindi í efstu deild.

„Framtíðin er óákveðin. Það á eftir að setjast niður og ræða málin. Hvað færin varðar þá hefði ég átt að skora en svona er þetta stundum,“ sagði Jóhann. - dsd

# Grindvíkingar sjálfum sér verstir

Grindvíkingar geta engum nema sjálfum sér um kennt að hafa fallið í 1. deild í gær. Liðið óð í færum en klaufaskapur framherjanna var með ólíkindum. Þegar á reyndi var liðið síðan kraftlaust.

**FÓTBOLTI** Grindavík leikur í 1. deild að ári. Það varð ljóst eftir að liðið gerði jafntefli, 1-1, gegn Íslandsmeisturum FH en Grindavík varð að vinna leikinn til að eiga möguleika á að forðast fallið.

Grindvíkingar byrjuðu leikinn af miklum krafti eins og skiljanlegt var. Þeir keyrðu upp hraðann og voru snemma hættulegir. Fyrsta dauðafærið kom á 7. mínútu þegar Jóhann Þórhallsson skallaði framhjá einn og óáreittur í markteig FH-inga. Svakalegt klúður. Grindvíkingar vildu fá víti tveim mínútum síðar en Jóhannes dæmdi réttilega ekkert víti en Ahandour hefði átt að gera betur einn gegn markverði.

Grindvíkingar sóttu mjög grimmt nánast allan fyrri hálfleikinn og voru ótrúlegir klaufar að skora ekki. Það var engu líkara en Jóhann Þórhallsson vildi ekki fá gullskóinn því hann hefði getað eignað sér hann í fyrri hálfleiknum miðað við færin sem hann fékk. Dennis Siim og Tommy Nielsen réðu lítið sem ekkert við hraðann í Jóhanni og Mounir Ahandour en eins og áður segir virtist þeim fyrirmunnað að skora.

Á sama tíma fengu FH-ingar nokkuð góð upphlaup og það róaði áhorfendur lítið hversu óöruggur Helgi markvörður var á milli stanganna. Þrátt fyrir mikil og góð tilþrif var markalaust í leikhléi og Grindavík á leið í 1. deild að óbreyttu.

Það virtist nokkuð vera dregið af Grindavíkurlíðinu í leikhléi því FH var mun betra liðið í upphafi þess síðari og nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum. Stanslausar stungusendingar Grindvíkinga voru hættar að virka og þeir virtust ekki kunna önnur ráð.



**BÚIÐ SPIL** Vonbrigðin leyndu sér ekki hjá leikmönnum Grindavíkur eftir að flautað hafði verið til leiksloka í gær. Fall í 1. deild er staðreynd en Grindvíkingum tókst ekki að endurtaka leikinn frá því fyrra, þegar liðið bjargaði sér frá falli í lokaumferðinni

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Grindvíkingar voru í raun steingeldir og það var átakanlegt að fylgjast með ömurlegum sóknartilburðum liðsins. Á sama tíma bætti FH í og hafði öll vopn í hendi sér og Grindvíkingar virtust ekki vera tilbúnir að berjast alla leið fyrir sæti sínu. Það var síðan fyllilega verðskuldað þegar Allan Dyring skallaði boltann í markið af stuttu færi á 73. mínútu. Það mátti nánast heyra saumnál detta því Grindvíkingar gerðu sér grein

fyrir að þetta væri bil sem yrði ekki brúað.

Ray Anthony fékk rautt spjald þegar fimm mínútur lifðu leiks. Grindvíkingar unnu í kjölfarið boltann, brunuðu upp og Óskar Örn kláraði laglega skyndisókn. 1-1 og allt á suðupunkti.

Meira markvert gerðist ekki í liði Grindavíkur það sem eftir lifði leiks og FH var meira með boltann ef eitthvað var. Grindavík hreinlega hafði ekki slagkraftinn sem

vantaði og eftir að hafa leikið sér að eldinum var liðið loksins fallið. Sinisa Kekic horfði á úr stúkunn og maður gat ekki annað en hugsað hvort svona hefði farið hefði hann klárað tímabilið með liðinu enda margoft komið til bjargar.

Grindvíkingar þurfa að stokka spil sín rækilega núna en vonandi spýta menn þar á bæ í lófana í stað þess að gefast upp því það er verulegur söknuður að þessu félagi úr efstu deild. henry@frettabladid.is

Leikmenn Grindavíkur voru niðurlútir eftir tapið gegn FH í gær:

## Við áttum greinilega að falla

**FÓTBOLTI** „Við höfum verið að bjóða hættunni heim síðustu ár og það er ekki þessi leikur hér sem fellir okkur. Þetta byrjaði mikið fyrr,“ sagði fyrirliði Grindvíkinga, Óðinn Arnason, svektur í leikslök.

„Það er sárt að falla en ég tel að við höfum lagt okkur alla fram í leikinn. Við sköpuðum helling af færum en það vantar að klára þau. Það vantar lítið hjá okkur. Svo virðist sem þetta hafi verið í kortunum. Við áttum greinilega að falla,“ sagði Óðinn, sem gerir ráð fyrir því að vera áfram enda sé hann með samning við liðið.

Grindvíkingurinn Óli Stefán Flóventsson hefur marga fjöruna sopið með liði sínu og oft bjargað því. Hann náði ekki að setja mark sitt á þennan leik.

„Það er ekki endalaust hægt að bjarga sér. Við börðumst fyrir þessu og ég tel okkur hafa fallið með sæmd. Það fór mikil orka í fyrri hálfleik og það sást aðeins í síðari hálfleiknum. Við höfðum ekki þrek í allan leikinn en börðumst samt til enda og það var ég ánægður með,“ sagði Óli Stefán og bætti því við að hann ætti von á að vera áfram í herbúðum félagsins í 1. deild að ári. „Ég er Grindvíkingur alveg í gegn og reikna með því að vera áfram og hjálpa liðinu að komast upp aftur.“ - dsd



**ÞVÍLÍK VONBRIGÐI** Leikmenn Grindavíkur gerðu allt hvað þeir gátu til að halda sæti sínu í Landsbankadeildinni en allt kom fyrir ekki. Liðið fellur nú úr Landsbankadeildinni í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

	<b>1-1</b>	
Grindavík		FH

Grindavíkuvöllur, áhorf.: 1343 Jóhannes Valgeirsson (8)

0-1 Allan Dyring (73.)  
1-1 Óskar Örn Hauksson (85.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-17 (4-8)
Varin skot	Helgi 7 – Daði 3
Horn	7-11
Aukaspjrynur fengnar	13-8
Rangstöður	4-2

<b>GRINDA.</b> 4-4-2	<b>FH</b> 4-3-3
Helgi Már 5	Daði Lár 7
Krístján Vald 4	Guðmund Sæv 6
(53. Orri Freyr 3)	(75. Pétur Við. -)
Óðinn Árna 6	Tommy Nielsen 6
Óli Stefán 6	Dennis Siim 5
Ray Anthony 4	Hjörtur Logi 5
Eysteinn Húni 4	Baldur Bett 6
(84. Eyþór Atli -)	Ásgeir Gunnar 6
Jóhann Helga 4	(80. Haukur Ól. -)
<b>*Óskar Örn 7</b>	Árni Freyr 5
Paul McShane 5	(66. Matthías 4)
Jóhann Þórhallsson 4	Atli Guðnason 6
Mounir Ahand. 4	Allan Dyring 6
(66. Andri Steinn 4)	Tryggvi Guðm. 7

\*Maður leiksins



**Valur**

2-2



**KR**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1523 Egill Már Markússon (7)

1-0 Pálmi Rafn Pálmason (18.)  
1-1 Grétar Ólafur Hjartarson (38.)  
2-1 Garðar Jóhannsson (61.)  
2-2 Guðmundur Pétursson (94.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	20-10 (13-3)
Varin skot	Kjartan 0 - Kristján 9
Horn	5-6
Aukaspyrnur fengnar	16-18
Rangstöður	2-2

VALUR 4-4-2	KR 4-5-1
Kjartan Sturluson 5	*Kristján 8
Birkir Már 6	Sigbór Júlíusson 6
Atli Sveinn 5	(78. Guðmundur P. -)
Valur Fannar 5	Gunnlaugur Jóns. 7
Kristinn Hafliðas. 5	Tryggvi Bjarnason 6
Sigurbjörn 6	Vígfus Arnar 5
(86. Þorvaldur M. -)	Skúli Jón 6
Pálmi Rafn 7	(55. Ágúst Gylfas. 6)
Baldur Ingimar 7	Bjarnólfur Láruss. 6
Matthías Guðm. 6	Kristinn Magnúss. 7
Guðmundur Ben. 7	Mario Cismek 6
(90. Hálfán Gíslas. -)	Sölvi Davíðsson 4
Garðar Jóhannss. 7	(64. Gunnar K. 6)
(88. Örn Kató -)	Grétar Ólafur 6

\*Maður leiksins

## Teitur Þórðarson: Við gefumst aldrei upp

**FÓTBOLTI** Teitur Þórðarson, þjálfari KR, var að vonum ánægður með að hafa náð 2. sæti Landsbankadeildarinnar með jafnteflinu í gær. „Við vissum það að jafntefli nægði okkur og við gerðum það sem þurfti. Það stóð vissulega tæpt en ég hafði alltaf trú á mínum mönnum. Nú förum við í bikarúrslitin vitandi það að við erum öruggir í Evrópukeppnina og það léttir mikilli pressu af okkur,“ sagði Teitur eftir leikinn. Þjálfarinn gerði breytingar á liði sínu um miðjan síðari hálfleik sem gerðu sannarlega sitt gagn en fram að þeim hafði KR-liðið verið fjarri sínu besta. „Ég tel það hafa verið eðlilegt. Óhjákvæmilega fórum við varlega í þennan leik því við eigum bikarúrslitaleikinn eftir og menn vildu alls ekki eiga á hættu að lenda í meiðslum eða leikbanni fyrir þann leik. Við gáfumst hins vegar aldrei upp og á endanum færði baráttan okkur annað stig og þar með 2. sætið.“ - vig



**FLUGFERÐ** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, var að sjálfsgöðu „tolleradur“ eftir sigurinn í gær.

## Ólafur Kristjánsson: Markmiðinu náð

**FÓTBOLTI** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, tók við liðinu í fallsæti en náði því markmiði að halda liðinu uppi. Hann segir það óráðið hvort hann verði áfram. „Miðað við þessa niðurstöðu hef ég vissulega áhuga á því. Ég sest niður með stjórninni eftir helgi og þá kemur þetta í ljós,“ sagði Ólafur, sem var ánægður með leik sinnna manna. „Við spiludum leikinn af krafti í fyrri hálfleik og áttum möguleika á því að bæta við mörkum. Við höfðum leikinn í okkar höndum, ef Keflavíkingar höfðu ekki áhuga á þessum leik er það algjörlega þeirra vandamál,“ sagði Ólafur. „Markmiðið að halda okkur í deildinni náðist og gott betur en það. Fimmta sætið er betra en öll fimm sætin sem eru fyrir neðan það. Við hefðum verið með 22 stig fyrir lokaumferðina ef við hefðum unnið Fylki. Það hefði þýtt að við hefðum endað í fjórða sætinu, sem gefur mögulega Evrópusæti,“ - egm

# Ótrúleg dramatik þegar KR tryggði annað sætið

Guðmundur Pétursson, nítján ára Breiðhyltingur, reyndist hetja KR gegn Val í gær þegar hann tryggði liði sínu 2-2 jafntefli með því að skora á lokamínúttunni. Markið tryggði KR 2. sæti deildarinnar og sæti í Evrópukeppni félagsliða.

**FÓTBOLTI** Það kom mörgum á óvart að Teitur Þórðarson, þjálfari KR, skyldi hafa fengið ungan og lítt þekktan sóknarmann, Guðmund Pétursson að nafni, að láni frá ÍR rétt áður en lokað var fyrir leikmannaskipti í Landsbankadeildinni í lok júlí sl. Teitur hafði séð einhverja hæfileika í Guðmundi og vildi sjá hvort hann höndlaði gæðin í efstu deild. Hann hefur þó sennilega ekki órað fyrir því að hinn nítján ára gamli Breiðhyltingur ætti eftir að tryggja liði sínu 2. sæti Landsbankadeildarinnar og þar með réttinn til að leika í Evrópukeppni félagsliða á næsta ári. Sú varð hins vegar raunin þegar Guðmundur tryggði KR-ingum 2-2 jafntefli gegn Val í Laugardalnum í gær.



**FYRRUM FÉLAGAR BERJAST** Garðar Jóhannsson hjá Val fann sig ágætlega gegn sínum gömlu samherjum í KR í gær og skoraði meðal annars gott mark. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Það gerist ekki mikið betra en þetta,“ sagði hetjan Guðmundur við Fréttablaðið eftir leikinn en hann hafði varla undan að taka á móti faðmlögum félaga sinna í KR-liðinu. Guðmundur hafði komið inn á sem varamaður á 78. mínútu og þakkaði fyrir sig með því að skora sitt fyrsta mark í efstu deild. „Ég held að ég geti fullyrt að þetta hafi verið eftirminnilegasta mark sem ég hef skorað á ferlinum. Það er bara vonandi að ég nái einhvern tíma að toppa þetta,“ bætti Guðmundur við.

Þetta aftur á völinn, KR-ingar komust inn í leikinn og refsuðu heimamönnum grimmilega, eins og áður hefur komið fram.

Leikurinn í gær var annars hin finasta skemmtun enda tvö heitustu lið deildarinnar að mæstast og sjálfstraustið eftir því. Valsmenn blésu í stórsókn frá fyrstu mínútu og komust verðskuldað yfir með marki Pálma Rafns Pálmasonar á 18. mínútu. Grétar Ólafur Hjartarson jafnaði metin á 38. mínútu, úr fyrsta markskoti KR í leiknum, en á þeim tíma hafði Valur hins vegar átt 11 skot að marki. Yfirburðir Vals héldu áfram og skiluðu marki frá Garðari, eins og áður segir, en

eftir það gaf liðið eftir. Teitur tók áhættu á lokakaflanum með því að setja aukinn kraft í sókn KR og átti hún eftir að borga sig og vel það.

Taplaus hrina Valsmanna í deildinni frá því 5. júní hélt þó áfram en á endanum en segja má að það hafi verið jafnteflin sem reyndust þeim dýrkeypt á endanum. Lokaspættur KR var ekki mikið verri, 17 stig af 21 mögulegu í síðustu sjö leikjunum skiluðu liðinu 2. sætinu, árangri sem Teitur Þórðarson hefur líklega ekki leyft sér að dreyma um þegar mótið var hálfnað.

vignir@frettabladid.is

## Leikmenn Breiðabliks ætluðu greinilega að halda sæti sínu í Landsbankadeildinni: Blikar skutust upp í fimmta sætið

**FÓTBOLTI** Fyrir lokaumferðina í Landsbankadeildinni í gær var ljóst að Breiðablik væri öruggt með sæti sitt ef liðinu tækist að sigra Keflavík á heimavelli sínum. Sú varð raunin og Blikar unnu góðan og mjög svo verðskuldaðan 2-1 sigur. Gestirnir höfðu ekki að neinu að keppa í leiknum því ljóst var að liðið myndi enda í fjórða sætinu, sama hvernig færi á Kópavogsvelli. Þeir leika bikarúrslitaleik um næstu helgi og hvíldu þeir fyrirliða sinn, Guðmund Steinarsson, í þessum leik en hann er einu spjaldi frá því að fara í leikbann.



**ÁFRAM Í EFSTU DEILD** Leikmenn Breiðabliks stigu stríðsdans eftir sigurinn á Keflavík í gær, sem stjórn- að var af Kristjáni Óla Sigurðssyni. Blikar gátu leyft sér að fagna vel og innilega því með sigrinum stukku þeir alla leið upp í 5. sæti deildarinnar, sem hlýtur að teljast mjög viðunandi árangur hjá nýliðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fyrsta marktilraunin kom á elleftu mínútu þegar Arnar Grétarsson átti skot úr aukaspyrnu sem fór naumlega framhjá. Stuttu seinna fékk Hallgrímur Jónasson ágætis færi á hinum enda vallarins en skalli hans fór yfir. Það var svo Magnús Páll Gunnarsson sem kom Blikum yfir eftir sautján mínútna leik þegar hann skoraði eftir sendingu bakvarðarins Árna Kristins Gunnarssonar. Örfáum mínútum síðar var hann svo nálægt því að skora aftur en þá skallaði hann framhjá eftir fyrirgjöf frá Steinþóri Þorsteinssyni sem átti mjög góðan leik, sérstaklega í fyrri hálfleik. Eftir tæpan hálf tíma var Branislav Milicevic dæmdur brotlegur innan teigs og Arnar Grétarsson skoraði af öryggi úr vítaspyrnu, hans fyrsta og eina mark á tímabilinu. Seinni hálfleikurinn var ótrúlega bragðdaufur, Keflavíkingar voru meira með boltann en náðu ekkert að skapa sér. Ellert Hreinsson fékk besta færi heimamanna þegar hann var nánast sloppinn í gegn en Kenneth Gustafsson sýndi fina vörn og bjargaði.

Pedr Podzemsky lék í hjarta varnarinnar hjá Blikum í þessum leik og varð hann fyrir því óláni að skora sjálfsmark seint í leiknum. Það breytti þó ekki því að Breiðablik vann leikinn enda mun betra liðið í leiknum í gær. Blikar enduðu í fimmta sæti deildarinnar þrátt fyrir að hafa verið í fall-

hættu fyrir leikinn og endurspeglar það kannski hvernig deildin hefur verið í sumar. Það er því ljóst að við fáum Kópavogsslag á næsta tímabili í Landsbankadeildinni en HK er komið upp í úrvalsdeildina í fyrsta sinn í sögu félagsins. - egm



**VONBRIGÐI** Þjálfari Vals segir að liðið hafi ætlað sér stærri hluti á tímabilinu.

## Willum Þór Þórsson: Ætluðum okkur meira í sumar

**FÓTBOLTI** „Mér fannst við spila gríðarlega vel lengst af í þessum leik og þess vegna eru þessi úrslit mjög særandi,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, í samtali við Fréttablaðið eftir leik. „Ég finn til með leikmönnum mínum fyrir að hafa lagt sig alla fram en fengið ekkert fyrir sinn snúð. Það er rétt að við föllum aftur á völinn undir það síðasta en við eigum líka að gera betur í skyndisóknunum þegar KR-ingarnir voru komnir svona framarlega. Við nýttum ekki okkar möguleika og er refsað.“

Willum sagði árangur Vals í sumar, 3. sætið í deildinni og átta liða úrslit í bikar, ekki ná þeim markmiðum sem lagt hafi verið upp með í upphafi sumars. „Við erum ekki sáttir við okkar árangur. Valur er félag sem gerir tilkall til bikars á hverju ári. Það gengur ekki eftir og því eru þetta vonbrigði. Við sættum okkur hins vegar við orðinn hlut og komum sterkari til leiks á næsta ári,“ sagði þjálfarinn að lokum. - vig



**Breiðablik**

2-1



**Keflavík**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1013 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Magnús Páll Gunnarsson (17.)  
2-0 Arnar Grétarsson, víti (30.)  
2-1 Petr Podzemsky, sjálfsmark (86.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	8-4 (5-1)
Varin skot	Hjörvar 0 - Ómar 3
Horn	4-4
Aukaspyrnur fengnar	10-13
Rangstöður	5-0

BREIÐ. 4-5-1	KEFLAV. 4-3-3
Hjörvar Hafliða 6	Ómar Jóh. 5
Árni Kristinn 7	Guðjón Árni 6
Gasic 7	Guðm. Mete 4
Podzemsky 6	(57. Ragnar 6)
Haaland 6	Gustafsson 6
*Steinþór Freyr 8	Milicevic 2
Arnór Sveinn 6	Hallgrímur Jónas. 4
Magnús Páll 6	(33. Einar Orri 6)
Arnar Grétarsson 7	Jónas Guðni 6
Kristján Óli 8	Baldur Sig. 6
Ellert Hreinsson 6	Samuelsen 5
(85. Ragnar -)	Magnús Sveirrir 5
	(68. Ólafur Jón 5)
	Stefán Örn 4

\*Maður leiksins

## Arnar Grétarsson, Breiðabliki: Eigum heima í þessari deild

**FÓTBOLTI** „Við höfum alltaf haldið í þá trú að við séum með lið sem eigi heima í úrvalsdeildinni,“ sagði miðjumaðurinn Arnar Grétarsson eftir sigur Breiðabliks í gær. „Við höfum verið að spila vel í undanföllum leikjum og fyrir hönd félagsins er ég mjög ánægður. Við erum með marga unga og efnilega leikmenn og framtíðin er björt.“

Arnar skoraði annað mark Blika í gær úr vítaspyrnu. „Mér fannst við fá hættulegri færi í seinni hálfleiknum en fáum síðan þetta klaufalega mark á okkur undir lokin.“

Jónas Guðni Sævarsson var fyrirliði Keflavíkur í gær. „Við vorum með hugann við bikarúrslitaleikinn um næstu helgi og því fór þetta svona. Þetta er klárlega ekki leikurinn sem við ætluðum að taka með okkur í þá baráttu. Það var ekkert að ganga hjá okkur og við þurfum að skoða hvað við ætlum að gera fyrir leikinn gegn KR,“ sagði Jónas Guðni. - egm



Víkingur 1-1 ÍA  
Vikin, áhorfendur: 1782 Garðar Ö. Hinriksson (8)

0-1 Bjarki Gunnlaugsson (23.)  
1-1 Rodney Perry (67.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8-7 (4-3)
Varin skot	Ingvar 2 - Páll Gíslí 2
Hörn	2-2
Aukaspjrnur fengnar	18-17
Rangstöður	3-4

VÍKING. 4-4-2	ÍA 4-5-1
Ingvar Kale 7	Páll Gíslí 7
<b>*Höskuldur Eir. 8</b>	Kári Steinn 6
(84. Andri Tómas -)	Árni Thor 7
Valur Adolf 6	Heimir Ein. 7
Glogovac 7	Guðjón Heiðar 7
Hörður Bjarna 6	Þóður Guð. 7
Arnar Jón 6	(83. Guðm. Böðv -)
Jón Guðbrands 4	Jón Vilhelm 6
Créar Sigfínnur 7	Bjarni Guðjónsson 7
Daniel Hjalta 6	Halþór Ægir 6
Víktor Bjarki 7	(80. Arnar Már -)
David Þór 6	Arnar Gunn. 6
(38. Perry 7)	Bjarki Gunn. 7
	(74. Pálmi Har. -)

\*Maður leiksins



**TVÍBURARNIR** Hafa gaman af því að þjálfa og vilja halda því áfram.

Arnar og Bjarki:

## Vilja halda áfram með ÍA

**FÓTBOLTI** Þjálfarar ÍA, Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, neita því ekki að þeir vilji halda áfram að þjálfa Skagamenn. Þeir tóku við af Ólafi Þórðarsyni um mitt sumar þegar staða liðsins var ekki góð en undir stjórn tvíburanna hefur leikur ÍA batnað til muna. „Við höfum haft rosalega gaman af þessu og maður vill halda áfram þegar vel gengur,“ sagði Arnar í samtali við Fréttablaðið í gær en Guðjón Þórðarson hefur verið sterklega orðaður við þjálfarastöðuna á Akranesi á næstu leiktíð. - esá



ÍBV 2-0 Fylkir  
Hásteinsvöllur, áhorf.: 155 Erlendur Eiríksson (7)

1-0 Bjarni Rúnar Einarsson (13.)  
2-0 Ingi Rafn Ingibergsson (34.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-7 (5-3)
Varin skot	Eliás 3 - Fjalar 3
Hörn	5-6
Aukaspjrnur fengnar	12-9
Rangstöður	2-2

ÍBV 4-4-2	FYLKIR 4-4-2
<b>*Eliás Fannar 7</b>	Fjalar Þorg. 6
Mwesigwa 6	Arnar Þór 5
(80. Kristinn Bald. -)	Ragnar Sig. 6
Matt Garner 6	Guðni Rúnar 6
Páll Hjarðar 7	Þórir Hannes. 5
Mark Schulte 6	(82. Hermann -)
Ingi Rafn 6	Gravesen 5
(76. Pétur Run. -)	Ólafur Stigs. 6
Atli Jóh. 7	Páll Einarsson 5
Bjarni Geir 6	Eyjólfur Héðins. 5
Bjarni Rúnar 6	Christiansen 4
(45. Egill Jóh. 6)	(55. Albert Brynjar 4)
Anton Bjarna 6	Sævar Þór 5
Bjarni Hólm 7	(69. Haukur Ingi 5)

\*Maður leiksins

# Jafntefli hjá Víkingi og ÍA og allir skildu sáttir

Víkingur og ÍA gerðu 1-1 jafntefli í Víkinni í gær og tryggðu þannig sæti sín í Landsbankadeildinni. ÍA hafnaði í sjötta sæti deildarinnar og Víkingur í því sjöunda og geta bæði lið verið sátt með þá niðurstöðu.

**FÓTBOLTI** Víkingur og ÍA skildu jöfn í Víkinni í gær og komu úrslitin fáum á óvart. Jafntefli kom báðum vel og jafnvel þótt Grindavík hefði unnið sinn leik hefðu bæði Víkingur og ÍA haldið sætum sínum í deildinni. Bjarki Gunnlaugsson kom ÍA yfir í fyrri hálfleik en varamaðurinn Rodney Perry jafnaði metin í þeim síðari. Leikurinn var ekki flókinn. Skagamenn voru mun betri í fyrri hálfleik og heimamenn voru með talsverða yfirburði í þeim síðari. Bæði liðin uppskárú eitt mark og síðasta stundarfjórðunginn virtust leikmenn ánægðir með stöðu mála og sóttu hreint ekkert að marki andstæðingsins. Það var í raun fremur kómísk sjón.

„Það var rosaleg spennan í okkar mönnum fyrir leik og í hálfleik,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkings. „Ég skrifa frammistöðuna í fyrri hálfleik á það. Það sást að reynslan var öll hinum megin á vellinum en sem betur fer komum við mun grimmar til leiks í síðari hálfleik og skoruðum mark. Við hefðum átt að skora fleiri,“ sagði Magnús en Arnar Jón Sigurgeirsson skoraði reyndar mark snemma í síðari hálfleik sem var dæmt af vegna rangstöðu.

„Ég er mjög stoltur af mínu liði í dag og er ánægður með sumarið. Við áttum hræðilegan leik í Hafnarfirði um síðustu helgi en ef maður lítur á hina sextán leikina erum við bara óheppnir að vera ekki komnir ofar,“ bætti Magnús við.

Arnar Gunnlaugsson og bróðir hans Bjarki fengu um mitt sumar það hlutverk að bjarga liðinu frá falli eftir skelfilega byrjun á mótinu undir stjórn Ólafs Þórðarsonar. „Þetta var mjög spennandi,“ sagði Arnar. „Þetta hefur reynt mikið á taugarnar síðustu mánuði en við sýndum mikinn karakter og ég held að strákarnir hafi orðið sterkari fyrir vikið. En við höfum verið klaufar í allt sumar og kastað frá okkur mörgum leikjum. Við erum með sterkt lið en það vinnur ekkert lið á pappírnum og slæm byrjun í vor fór alveg með okkur.“

Fyrirliði Víkinga, Höskuldur Eiríksson, var vitanlega hæstánægður með árangurinn. „Ég held að þetta sé í fyrsta sinn síðan 1991 sem Víkingur nær að halda sæti sínu í efstu deild. Þessi úrslit í dag og staðan í deildinni gerir það að verkum að tímabilið var



## STUÐ Í BÚNINGSKLEFANUM

Víkingar réðu sért vart af kæti eftir að hafa tryggt sér áframhaldandi veru í Landsbankadeild að ári. Kampavinið flæddi í búningssklefanum eftir leikinn og leikmenn dónsuðu og hoppuðu. Á litlu myndinni sést Víktor Bjarki Arnarsson þakka áhorfendum fyrir stuðninginn í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

frábært hjá okkur því við komumst einnig í undanúrslit í bikarnum. Þó að þetta hafi endað í smá stressi hjá okkur vorum við lengi vel í sumar í baráttunni um 2. sæti. Tímabilið hefur verið fyrst og fremst skemmtilegt og erum við allir í skýjunum í dag.“

Höskuldur segist sérstaklega ánægður með árangurinn í ljósi þess hversu ungt Víkingsliðið er. „Enginn leikmaður er eldri en 28 ára og vonandi náum við nú að festa okkur í sessi sem úrvalsdeildarlið. Það getur verið erfitt



að ná í leikmenn og með því að halda sæti okkar gerum við liðið okkar að mun fýsilegri kosti.“

- esá



**SHEVCHENKO** Hefur skorað eitt mark fyrir Chelsea í deildinni.

## Andriy Shevchenko: Ætlar að raða inn mörkum

**FÓTBOLTI** Úkraínski sóknarmaðurinn Andriy Shevchenko hefur lofað stuðningsmönnum Chelsea því að hann fari að raða inn mörkum. Þessi 29 ára leikmaður var keyptur til félagsins fyrir metfé í maí en hann er enn ekki byrjaður að sýna markaskorunarhæfileika sína á Englandi og hefur aðeins skorað eitt mark í fimm leikjum.

„Það tekur sinn tíma að aðlagast en mér finnst það gerast hratt hjá mér. Ég mun bráðlega láta að mér kveða af alvöru. Mér hefur liðið vel hjá félaginu og bráðum fá stuðningsmenn sýningu,“ sagði Shevchenko, sem skoraði meira en 150 mörk á sjö ára tímabili sínu hjá AC Milan á Ítalíu.



**FAGNAÐ** Markinu frá Mark van Bommel var vel fagnað. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Þýska úrvalsdeildin:

## Bayern komst í efsta sætið

**FÓTBOLTI** Bayern München komst á topp þýsku úrvalsdeildarinnar í gær með því að leggja í Alemannia Aachen 2-1. Gestirnir komust yfir í leiknum en svo skoruðu Claudio Pizarro og Mark van Bommel og tryggðu Bayern stigin þrjú. Bayern er með tíu stig eftir fimm leiki eins og Schalke sem vann Wolfsburg 2-0. Hertha Berlín er með níu stig en liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Mainz í gær. Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom ekkert við sögu þegar Hannover gerði 1-1 jafntefli við Bayer Leverkusen. - jia

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var með óbragð í munnum eftir tap í Eyjum:

## Þakka FH-ingum kærlega fyrir

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að vera í fimmta sæti fyrir 18. umferð Landsbankadeildarinnar gátu Fylkismenn mögulega fallið ef úrslitin spiluðust þannig í lokaumferðinni. Árbæjarliðið þurfti því að mæta ákveðið til leiks gegn ÍBV, sem hafði að engu að keppa enda fallið í 1. deild. Það voru samt leikmenn ÍBV sem voru sprækari allt frá fyrstu mínútu leiksins og gáfu Fylkismönnum aldrei möguleika á að komast inn í leikinn. Lokatölur urðu 2-0, heimamönnum í vil, og að lokum gátu Fylkismenn þakkað FH-ingum fyrir að hafa náð í stig í Grindavík.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, hélt sig við þá taktík að hafa stóran mann í fremstu víglínu þrátt fyrir að Andri Ólafsson væri í banni en hann færði Bjarna Hólm Aðalsteinsson í stöðu framherja og hann átti fyrsta hættulega færði í leiknum en skot hans hafnaði í stönginni. Eyjamenn héldu

áfram að pressa og eftir þunga sókn á 13. mínútu endaði boltinn í netinu hjá Fjalar markverði Fylkis og var það Bjarni Rúnar Einarsson sem skilaði honum þangað. Eftir markið komust Fylkismenn aðeins inn í leikinn án þess þó að ógna hinum 15 ára markverði ÍBV, Eliási Fannari Stefni, verulega. Á 35. mínútu má svo segja að Ingi Rafn Ingibergsson hafi gert út um leikinn þegar hann bætti við öðru marki ÍBV og virtist með því slökkva endanlega í vonum Fylkismanna um að sækja stig á Hásteinsvöll.

Í seinni hálfleik héldu leikmenn ÍBV uppteknum hætti og sóttu af krafti en Fylkismenn virtust frekar treysta á að úrslit úr öðrum leikjum héldu þeim í efstu deild. Það mátti samt litlu muna því hefði Grindavík tekist að skora á lokamínúturnum á heimavelli sínum gegn FH hefði Árbæjarliðið fallið með ÍBV. Bjarni Hólm Aðalsteinsson átti hættulegasta færi

Eyjamanna í seinni hálfleik þegar hann slapp einn inn fyrir vörn Fylkis en Fjalar sá við honum. Eliás Fannar þurfti einu sinni að taka á honum stóra sínum í marki ÍBV þegar Páll Einarsson átti góðan skalla að marki sem markvörðurinn sló í slánna. Lokatölur á Hásteinsvelli 2-0 í síðasta leik ÍBV í efstu deild að sinni.

„Ef ég á að segja alveg eins og er þá er ég með óbragð í munnum eftir þennan leik. Við mætum aldrei til leiks í dag og það að treysta á einhverja aðra til að halda okkur uppi er mjög dapurt,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, daufri í bragði eftir slakan leik sinna manna í Eyjum. Honum var samt létt þegar hann heyrði lokatölurnar í Grindavík. „Auðvitað var gott að heyra lokatölurnar og ég þakka FH-ingum kærlega fyrir þau, það er þó hægt að brosa út í annað á leiðinni heim. Hins vegar er alveg ljóstið að við þurfum að vinna í okkar málum á næst-



**LEIFUR GARÐARSSON** Var allt annað en sáttur með spilamennsku Fylkis í Eyjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

unni, þetta var mjög, mjög lélegt í dag.“

- jia





**STÓRBORG**  
fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali



Kirkjustétt 4 :: 113 Reykjavík :: Sími 534 8300 :: Myndriti 534 8301 :: www.storborg.is :: storborg@storborg.is

#### VESTURBERG 90



**Opið hús í dag, á milli 14:00 til 16:00**

